


An aerial photograph of a lush green forest landscape. A winding road, possibly a gravel or dirt road, cuts through the dense forest, starting from the bottom left and curving towards the top right. The forest is composed of various shades of green, indicating different types of trees and vegetation. The road is light-colored, contrasting with the darker green of the forest. The overall scene is a high-angle view of a natural, wooded area.

ÁRSRIT
SKOGRÆKTARFÉLAGS
ÍSLANDS 1984



ÁRSRIT


SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1981

EFNI:

	Bls
Jónas Jónsson: Skógræktarritið 1981	2
Dr. Kristján Eldjárn: Ávarp. Skógræktarfélag Íslands 50 ára	3
Guðrún L. Ásgeirsdóttir: Hátíðarfundur Skógræktarfélags Íslands á Þingvöllum 27. júní 1980	4
Snorri Sigurðsson: Skýrsla um ár trésins 1980	8
Sigurður Blöndal: Kvæmi innan trjátegunda	17
Sigurður Blöndal: Áhrif vinds og hristings á hæðarvöxt stafa-furu (Pinus contorta Douglas)	27
Jóhann Pálsson: Áhrif kalda sumarsins 1979 á trjágróður á Akureyri	28
Hulda Valtýsdóttir: „Mig langaði að reyna að græða þetta land“.	
Spjallað við Jón Magnússon í Skuld.....	34
Þórarinn Þórarinnsson: Hindurvitni og trjáatrú	37
Guðmundur Davíðsson: Um skóga og kvistlendi í Fnjóskadal á nítjándu öld.....	40
Ólafur Njálsson: Reynsla Norðmanna af íslenska brekku-víðinum	44
Böðvar Guðmundsson: Í Shin Forest á N.-Skotlandi 1980	46
Sigurður Blöndal: Ferð til Eystribýggðar á Grænlandi	50
Halldór Pálsson: „Tilraunin mikla“	53
Sigurður Blöndal: Ísland og norrænt samstarf um skógrækt	54
Minningarorð: Árni G. Eylands (H.B.), Jón Gestur Vigfússon (H.B.), Ragnar Jónsson (Ó.T.V.), Jón Jósep Jóhannesson (K.S.)	57
Sigurður Blöndal: Skýrsla Skógræktar ríkisins fyrir árið 1979	61
Snorri Sigurðsson: Störf skógræktarfélaganna árið 1979	75
Jón Sigurðsson: Skýrsla um skógræktarstarf á Grundartanga árin 1979 og 1980	79
Benedikt Björnsson og Friðgeir Jónsson: Úttekt á skógræktargirð-ingum í Suður-Þingeyjarsýslu	80
Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1979	82
Stjórnir skógræktarféлага og félagatal 1979	85
Arngrímur Ísberg: „Handbókin“	86
Reikningar Skógræktarfélags Íslands 1979	87

Forsíðumynd: Gilsá og Ranaskógur í Fljótsdal (t.h.).
S. Bl., júlí 1980.



ÚTGEFANDI:

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
RÁNARGÖTU 18 - REYKJAVÍK SÍMI
18150

RITNEFND:

HULDA VALTÝSDÓTTIR
SIGURÐUR BLÖNDAL
SNORRI SIGURÐSSON, ÁBM.
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON

Gefið út í 4500 eintökum

Setning, prentun og bókband:
Prentsmiðjan Hólar hf
Reykjavík 1981

Skógræktarritið 1981

Að „ári trésins“ liðnu er eðlilegt að litið sé til baka og reynt að meta hvað unnist hefur og hvort tilganginum með því hafi verið náð að meira eða minna leyti.

Hér í ritinu er meðal annars ítarleg skýrsla um ár trésins eftir Snorra Sigurðsson, formann samstarfsnefndar um ár trésins, og geta menn þar lesið um það hverjir voru helstu þættir þess umfangsmikla starfs sem unnið var af samstarfsnefndinni eða fyrir tilstuðlan hennar.

Þar með er þó alls ekki öll sagan sögð. Ótalið er þá mikið af því sem mikill fjöldi einstaklinga og ýmsir aðrir aðilar gerðu hver hjá sér.

Í fyrsta bréfinu sem sent var út snemma árs 1979 til að kynna hugmyndina að ári trésins, var tilganginum m.a. lýst með eftirfarandi orðum:

„Að kynna öllum almenningi árangur skógræktar og skógverndar og trjáræktar hér á landi.

Að kynna gildi þess að planta trjám til að fegra umhverfið og veita skjól.

Að leiðbeina um trjáplöntun og trjárækt og gefa hugmyndir um skipulagningu trjágarða í kringum hús og önnur mannvirki.

Að kynna þýðingu skjólbeltaræktunar og leiðbeina um hana.

Síðast en ekki síst að hvetja einstaklinga til að taka á þessu ári virkan þátt í trjárækt og/eða skógrækt með því að planta trjám eða skógarplöntum eftir því sem aðstæður hvers og eins leyfa. Einstaklingar yrðu hvattir til þess að fegra þannig í kringum híbýli sín. Félög yrðu hvött til að styðja að fegrun umhverfis innan sinna starfssvæða.“

Megintilgangurinn var kynning og fræðsla, en til þess að hann næðist varð að ná eyrum þjóðarinnar. Skógræktarfélag Íslands vildi nota 50 ára afmæli skógræktarfélaganna til að kynna fyrir þjóðinni hvaða árangur hefði náðst fyrir starf og baráttu skógræktarfélksins í landinu á þessari öld, í fullri vissu um að sá árangur væri mesta hvatningin til enn meiri dádá.

Varla er ofmælt að náðst hafi góður árangur að

þessu leyti, því að fullyrða má að allir vissu að árið 1980 var ár trésins á Íslandi.

Hér er ástæða að þakka öllum þeim, sem að þessum árangri stóðu. Fjölmörgum fyrirtækjum, félögum og einstaklingum sem urðu góðfúslega við beiðni fjárfélunarnefndar árs trésins um fjárframlög, skulu hér færðar þakkir fyrir þau. Ekki er hægt að telja þá alla hér upp en langmyndarlegust var gjöf Búnaðarbanka Íslands. Þar var um að ræða afmælisgjöf í tvennum skilningi. Búnaðarbankinn átti einnig 50 ára afmæli á árinu og notaði tilefnið til að færa Skógræktarfélagi Íslands 10 milljónir gamalla króna. Stjórn bankans eru færðar hér bestu þakkir.

Þó að ár trésins væri að vissu leyti á vegum Skógræktarfélags Íslands má ekki gleyma þætti Skógræktar ríkisins og starfsmanna hennar sem allir unnu þar vel að málum, undir forystu Sigurðar Blöndals, skógræktarstjóra. En hann var í öllu starfinu mikil drifkraftur allt frá því að hugmyndin um árið kom fyrst fram. Allt samstarfið við Sigurð og starfsmenn skógræktarinnar er Skógræktarfélagi Íslands ómetanleg.

Þá er ástæða til að þakka öllum þeim sem komu fram á fundum í tilefni af ári trésins, skrifuðu greinar í blöð og tímarit og fluttu erindi í útvarp allt til hvatningar og til að kynna möguleika og glæða áhuga á trjárækt og skógrækt. Þar var eins og löngum áður fremstur í flokki Hákon Bjarnason sem mun hafa skrifað 18 greinar í blöð og flutt 11 erindi á fundum og 2 erindi í útvarp um þessi efni á ári trésins.

Með útkomu þessa ársrits verða þau tímamót að Hákon Bjarnason lætur af störfum sem ritstjóri en hann hefur alls ritstýrt 31 árgangi Skógræktarritsins. Hann var ritstjóri frá 1936 til og með 1961 að Snorri Sigurðsson tók við til 1976. Síðan annaðist Hákon ritstjórn að beiðni stjórnar Skógræktarfélags Íslands árin 1977-1980. Við gerð ritsins 1980, sem er myndarlegt afmælisrit lagði hann fram mjög mikla vinnu til að draga saman þætti úr sögu skógræktarfélaganna.

Fyrir öll þessi óhemju miklu störf sem Hákon hefur fyrir og síðar leyst af hendi fyrir Skógræktarfélag Íslands og skógræktarfélögin í landinu verður seint fullþakkað.

Það varð að ráði þegar Hákon á síðastliðnu hausti taldi sig ekki hafa aðstæður til að annast ritið áfram að fela ritnefnd sem að undanförmu hefur starfað með ritstjóra að sjá um útgáfu ritsins og hefur hún gert það með þeim ágætum sem hér má sjá.

Í ritstjórn eru nú, Sigurður Blöndal, skógræktarstjóri, Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, Hulda Valtýsdóttir og Þórarinn Þórarinsson. Öllum þeim eru þökkun störfina.

Ávarp forseta Íslands, dr. Kristjáns Eldjárn, á 50 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands á Þingvöllum 27. júní 1980



Á merkisafmælum manna tíðkast að gera sér dagamun með því meðal annars að rifja upp æviferil þeirra og uppruna, hugleiða hvernig brautin hefur verið og hverju áorkað hefur verið, Eins er það með félög á merkilegum tímamótum, menn reyna að gera dæmi þeirra upp og meta hvernig til hefur

tekist og hvað áunnist hefur miðað við það sem til var ætlast í upphafi. Ég efast ekki um að slíkt og þvílíkt verður gert á hálfri aldar afmæli Skógræktarfélags Íslands. Ekki mun ég þó gera neitt þess háttar í fáeinum ávarpsorðum mínum hér. Þau ber fyrst og fremst að skilja sem táknrænan virðingargott í garð Skógræktarfélagsins af hálfu þess embættis sem ég gegni, en í öðru lagi persónulega árnaðarósk frá sjálfum mér, sem tel mig vera skógræktarmann í hjarta mínu þótt þess sjái lítinn stað í verki. Samt er það svo, að ef einhversstaðar hjarir birkihrísla sem ég hef gróðursett með eigin höndum, þá er hún hér á Þingvöllum, aðeins ríflega steinsnar héðan.

Dómar íslensku þjóðarinnar um land sitt hafa frá upphafi verið margir og misjafnir. Samkomulagið hefur löngum verið rýst, samanslungið af ást og erjum. Draumar þjóðarinnar um betra land og bætta hag hafa einnig verið ýmislegir og ólíkir. Þessir dómar og draumar eru merkilegt menningarsögulegt íhugunarefni. Einn af draumunum er draumurinn um íslenskan skóg. Það er satt að segja furðulegt að hann skuli þegar birtast í sérkennilegri mynd í elsta söguriti þjóðarinnar, Íslendingabók, Ég held að það sé engin misheyrn að saknaðartónn sé í þeim margfrægu orðum Ara fróða að á landnámsöld hafi landið verið víði vaxið milli fjalls og fjöru, Og vel má vera að það sæist,

ef grannt væri skoðað, að fólkið í þessu nakta landi hafi aldrei með öllu hætt að dreyma um íslenska skóga, þó að hitt sé rétt að ekki er ýkja langt síðan draumsýnin tók á sig skýra mynd mótaðrar þjóðlegrar stefnuskrár.

Margt gott og þarflegt hefur verið skrifað um íslensk skógræktarmál og sögu þeirra. En hefur nokkur tíma verið skrifað nógu rækilega um draumaskóga þjóðarinnar gegnum aldirnar? Um þá eru ef til vill sýnir og kvæði skáldanna bestu heimildirnar. Það er einkennilega hrífandi þegar Jónas Hallgrímsson yrkir saknaðarljóð sitt eftir vin sinn séra Þorstein Helgason, þá verður honum allt í einu að orði, eins og í skyndilegum innblæstri milli lína:

Fagur er dalur og fyllist skógi
og frjálssir menn þegar aldir renna.

Og Hannes Hafstein segir í Aldamótakvæði sínu:

Menningin vex í lundum nýrra skóga.

Hugrenningatengsl þessara skálda eru merkileg og allrar athygli verð. Hjá öðrum tengist frelsi íslenskra manna skógi skryddum dal, hjá hinum menning þjóðarinnar við nýja skóga í landinu. Ég held að það sé engin tilviljun að hér renna frelsi, menning og skógur sjálfkrafa saman í eina þrenningu.

Alþingishátíðin á Þingvöllum árið 1930 var haldin undir merki frelsis og menningar þjóðarinnar. Á þeirri hátíð var Skógræktarfélag Íslands stofnað. Að þetta fór saman er ekki heldur nein tilviljun. Og þjóðhátíðin 1974 var ekki heldur einber söguleg upprifjun, heldur var einnig hún helguð frelsi og menningu íslensku þjóðarinnar. Í tilefni þeirra hátíðahalda, og hér á sjálfum Þingvöllum, ákvað Alþingi að gert skyldi myndarlegt átak allrar þjóðarinnar í landgræðslumálum, meðal annars með eflingu skógræktar. Ekki heldur þetta er hending ein, Uppgræðsla og skógrækt eru sjálfstæðismál og menningarmál. Hver

Framhald á bls. 5

Ávarp forseta Íslands


Framhald af bls. 3

sú hönd sem gróðursetur tré er að vinna verk í þágu frelsis og menningar í þessu landi. Þess skal nú sérstaklega minnst á hálfrar aldar afmæli Skógræktarfélags Íslands og á ári trésins.

En hvað um drauminn gamla, draumsýnina um íslenskan skóg? Hefur hann þá ræst, eða er hann að rætast? Ég segi það satt að ekki vil ég koma hingað á helgan völl til þess að fara með skrum og skjali og marklaust afmælisgaspur. Ég er fyrir mitt leyti viss í minni sök og játa það glaður hér og nú: Draumurinn mun rætast og er þegar að rætast. Það væri illa blindur maður sem ekki sæi það, sem þó blasir við augum á öllum landsins hornum.

Skógræktarfélag á hér sinn giftudrjúga hlut að máli. Í nokkuð óvenjulegu annríki þessa dags er mér það óblandin ánægja að geta engu að síður verið hér með ykkur, góðir skógræktarmenn, á hátíðarstundu þessa fagra dags í hamrasal Þingvalla. Ég flyt félaginu þakkir fyrir ágætt starf þess í hálfa öld og óska því góðra og virkra daga fram á veg, að það megi sjá sívaxandi árangur viðleitni sinnar í þágu skógræktar á Íslandi, og þar með í þágu frelsis og menningar fólksins sem landið byggir.

Hátíðarfundur Skógræktarfélags Íslands á Þingvöllum 27. júní 1980



Svohljóðandi auglýsingu birtu undirbúningsnefnd að stofnun Skógræktarfélags Íslands, en hún var kosin á fundi Íslandsdeildar norræna búvísindamanna 10. maí 1930 og skipuð þeim Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra, Magga Júl. Magnús lækni, Ásgeiri L. Jónssyni verkfræðingi, Pálma Einars-

syni ráðunaut og H.J. Hólmjárn efnafræðingi. Heita þeir félagar enn fremur á „alla góða menn og konur að leggja sinn skerf til þess, að þetta starf verði hafið fyrir alvöru landi og þjóð til blessunar.“ Og helmingur einkunnarorða árs trésins 1980 eru frá þeim komin: „Þrýðum landið“.

Við skulum hverfa þessi fimmtíu ár aftur í tímann og dvelja í anda í Almannagjá á Þingvöllum á stofnfundi Skógræktarfélags Íslands hið hjarta júníkvöld. Við yfirgefum glauminn niðri á grundunum og leggjum leið okkar upp stíginn, sem fótspor þúsundanna í aldanna rás hafa markað í hraunhelluna. Fyrir norðan fossinn standa bjartsýnismennirnir, sem vilja klæða landið á ný, standa þar á grasflötinni, sem teygir sig eins og grænt þykkt teppi yfir gjárbotninn og milli klappanna, og minnir á óbilandi þrótt gróðursins í köldu landi. Hve táknrænt það er, að stofnun félagsins, sem svo mjög þurfti og þarf á öllum tímum á bjartsýni að halda, fór fram í nóttlausri voraldrar veröld í alveldi birtunnar.

AFMÆLISFUNDUR Í ALMANNAGJÁ

Fimmtíu árum síðar, 27. júní 1980, er aftur saman kominn hópur vormanna Íslands norðan við Öxarárfoss. Nú skal hálftrar aldar afmælis minnst og áreiðanlega eru það margir, sem sjá fyrir sér myndir hins



liðna þennan minningadag. Það er mildur vorblær, sunnlenskt regn fellur á þrúðbúna skógræktarmenn, eins og til að minna á, að ylurinn og vætan eru vaxtarmagn trjáanna. Menn standa á víð og dreif á grundinni í gjánni, hallast að klettunum, nokkrir taka sér sæti, fas og yfirbragð ber vott um hátíðskap. Hve

einstakur fundarstaðurinn er og afburða fagur, á ekki sinn líka á landi hér. Hinir norrænu gestir eru lotningarfyllir í hrikaleik gjárinna og klettaþiljanna.

Ræðustólinn hefur móðir náttúra sjálf látið í té og gert af rammleik. Hann er uppi í gjárlíðinni að norðan á háum klettastalli og gnæfir ræðumaður yfir áheyrendur sem á leiksviði væri. Lespúltið sjálft er gert af íslenskum skógviði og fáni skógræktarfélagsins blaktir við hún á stöng, sem skorðuð er í klettaskoru. Mosi og gróðrartoppar skreyta kletta og sprungur og bera seiglu íslensks gróðurfars vitni. Myndin er fullkomin.

Fyrstur gengur slóðann upp í ræðustól formaður Skógræktarfélags Íslands, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri. Ótrúlega skemmtilegt að sameina þau stöðutákn í einum manni, ef vel er athugað. Jónas býður gesti velkomna og setur hátíðafundinn. en áður hafa blásarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands kallað menn til kyrrðar. Hamrabeltið endurómar leik þeirra þungum rómi milli dagskráratriða.

Formaður félagsins gefur forseta Íslands, dr. Kristjáni Eldjárn, orðið og mælist honum vel að vanda. Minnir forseti á þann draum um skóginn, sem þjóðin átti löngum og hið ötula starf í 50 ár í von þess og trú að láta drauminn rætast. Eftir að skógur var nær eyddur á Íslandi, varð hugsunin um skóginn og skjól hans æ rómántiskari og náði hámarki um síðustu aldamót, en fékk síðan byr og útrás í ungmennafélagshreyfingunni og síðar sjálfbóðaliðastarfi skógræktarfélaganna.

Næst les Gunnar Eyjólfsson fundargerð stofnfundarins hér í gjánni á nákvæmlega sama stað og sama degi og hún var lesin fimmtíu árum fyrr, og færir viðstadda til þess tíma með kynngimögnum hrifum. Niðurlagsorð fundargerðar, sem M. Júl. Magnús ritaði, eru svohljóðandi: „Að því búið var stofnfundi Skógræktarfélags Íslands lokið. Væri óskandi, að þeir, sem þarna voru staddir þetta fagra júníkvöld á Þingvöllum - á þúsund ára afmæli Alþingis -legðu sér vel á minni, að hér er verið að stofna til félagsskapar, sem á næstu þúsund árum á að hafa það háleita markmið að klæða landið á ný skjólgóðum, vorgrænum og glitfögnum skróða, sem hylji holt og hæðir þessa lands, þegar tvö þúsund ára alþingishátíð verður haldin á Þingvöllum.

En til þess það náist, þarf vilja - þrautseiga, stálfasta vilja, sem gróðursetja runn við runn, og tré við tré, þangað til markinu er náð og landið víði vaxið milli fjalls og fjöru.“

Dagskránni í Almanngjá lýkur með almennum söng undir stjórn hins kunna söngstjóra skógræktarmanna, Þórarins Þórarinssonar fv. skólastjóra, en á undan höfðu nokkur ungmenni úr Hamrahlíðar-



Frá hátíðarfundinum í Almanngjá. Á myndinni sjást Sigurveig Erlingsdóttir, greinarhöf, Jónas Jónsson og Pálmi Jónsson landbúnaðarráðherra. Mynd: Ágúst Sigurðsson.

Ávarp forseta Íslands

Framhald af bls. 3

sú hönd sem gróðursetur tré er að vinna verk í þágu frelsis og menningar í þessu landi. Þess skal nú sérstaklega minnst á hálfra aldar afmæli Skógræktarfélags Íslands og á ári trésins.

En hvað um drauminn gamla, draumsýnina um íslenskan skóg? Hefur hann þá ræst, eða er hann að rætast? Ég segi það satt að ekki vil ég koma hingað á helgan völl til þess að fara með skrum og skjali og marklaust afmælisgaspur. Ég er fyrir mitt leyti viss í minni sök og játa það glaður hér og nú: Draumurinn mun rætast og er þegar að rætast. Það væri illa blindur maður sem ekki sæi það, sem þó blasir við augum á öllum landsins hornum.

Skógræktarfélag á hér sinn giftudrjúga hlut að máli. Í nokkuð óvenjulegu annríki þessa dags er mér það óblandin ánægja að geta engu að síður verið hér með ykkur, góðir skógræktarmenn, á hátíðarstundu þessa fagra dags í hamrasal Þingvalla. Ég flyt félaginu þakkir fyrir ágætt starf þess í hálfa öld og óska því góðra og virkra daga fram á veg, að það megi sjá sívaxandi árangur viðleitni sinnar í þágu skógræktar á Íslandi, og þar með í þágu frelsis og menningar fólksins sem landið byggir.



Frá fundinum í Almannagjá. Mynd: Gunnar Elísson.

skóla, þ.á.m. 3 börn Þórarins, sungið hinn fagra söng árs trésins „Plantaðu tré“ við einkar hljóm þýtt lag Atla Heimis Sveinssonar, en ljóðið er eftir Lucy Larcom í þýðingu Daniels Á. Danielssonar. Ljóði og lagi var dreift fjölrítuðu meðal fundargesta.

Síðara erindið er þannig:

*Hver, sem plantar tré, plantar ást
leið þín dvín, en laufþök munu sjást
lengi, ferðamönnum svali og hlé.
Þitt sé ræktar þel, viði planta vel,
framhald lífi fel.
Gæfa þeim, sem gróðursetur tré,
gróðrarstarfið næg hans umbun sé.*

Gestir standa enn um stund í Almannagjá eftir að dagskrá lýkur og njóta hinna sögulegu áhrifa og hins óviðjafnanlega útsýnis, en síðan er gengið yfir öldóttar hraunhellurnar niður í furulundinn.

Í FURULUNDINUM Á ÞINGVÖLLUM

Í furulundinum er sýnin til baka 80 ár, en eigi aðeins 50. Sögu trjána þar segir Hákon Bjarnason, fv.

skógræktarstjóri. á eftirminnilegan hátt. Það var danskur skipstjóri, Carl H. Ryder, sem átti frumkvæðið að gróðursetningu lundarins hér í landi Þingvallakirkju og var aðallega gróðursett 1899-1906. Segir Hákon frá gróðursetningunni og þróun skógræktar hér og eru orð hans geymd í hefti, sem fjölritað hafði verið. En vitnum aðeins í lokaorðin:

„Lundurinn er lifandi minnismerki þeirra manna, sem hófu starf það, sem við reynum að rækja af trúmennsku og staðfestu, minnisvarði manna, sem vildu gera byggðir landsins blómlegri og byggilegri en þær hafa nokkurn tíma verið.“

Það sannast inni í furulundinum sem víðar, hve ólíkt er að njóta skógarins mitt á meðal trjáanna, hinu að horfa aðeins á þau tilsýndar, enda hnigu lokaorð Jónasar Jónssonar formanns Skógræktarfélags Íslands við fundarslit í Aratungu næsta dag í þá átt, að skógræktarmenn skyldu leggja áherslu á að sýna fólki árangur skógræktar og fara í skógarferðir, „finna trén strjúka sig“. Undir hávöxnum og sviptignum furunum hljómar nú söngur og glaðværð, sem ávallt eykst meðal skógræktarmanna í skógarlundum græn-

Fundarmenn í furulundinum.
Mynd: S. Bl., 27. júní 1980.



um, og eiga menn nú yndisstund í hlýju logninu, áður en búist er til ferðar að Valhöll, þar sem aðalfundur skyldi hafinn og hin venjubundnu störf.

VEISLAN Í VALHÖLL

Framhald hátíðarfundar er um kvöldið í Valhöll og er þar fyrst drukkin skál afmælisbarnsins í boði landbúnaðarráðherra. Meðal heiðursgesta kvöldsins eru þau hjónin Pálmi Jónsson landbúnaðarráðherra og Helga Sigfúsdóttir og forsætisráðherrahjónin Gunnar og frú Vala Thoroddsen. Eru veitingar fram bornar í garði Valhallar, en þar hefur verið smekklega útbúin veitingastofa undir berum himni, ein af afar fáum hér á landi. Veðurbliðan helst og glaðværð manna á meðal, þegar gengið er til borðsalar til kvöldverðarboðs Skógræktarfélags Íslands.

Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, er veislustjóri og ferst það vel úr hendi. Formaður félagsins ávarpar gesti í upphafi borðhalds, en síðan taka gestir til matarins, en gera iðulega sönghlé, glaðir og reifir.

Pálmi Jónsson landbúnaðarráðherra flytur snjallt ávarp, mælt af munni fram, um sauðamanninn og ræktunarmanninn í einni og sömu persónu og tekst frábærlega að sannfæra veislugesti um, hve vel geti farið á með þessum tveim greinum landbúnaðar, sauðfjárbúskap og skógrækt. Er gerður góður rómur að orðum hans.

Hátíðaræðu kvöldsins heldur formaður Skógræktarfélags Íslands Jónas Jónsson. Rekur hann ýtarlega sögu og störf félagsins frá upphafi. Þá syngur Guðmundur Jónsson óperusöngvari við mikinn fögnuð áheyrenda og undirleik Agnesar Löve.

Sigurður Blöndal skógræktarstjóri flytur þessu

næst ávarp. Lýsir hann þar baráttu brautryðjenda og hugsjónafólks við hinn þríhöfða þurs vantrúar, vanhugsunar og vanþekkingar. Kveður hann ómetanlegt fyrir ríkisstofnun eins og Skógrækt ríkisins að eiga svo öflugt áhugamannalið sér við hlið. Færir skógræktarstjóri félaginu skógarplöntur í 1 ha í afmælisgjöf.

Sigurður Ingi Sigurðsson, formaður Skógræktarfélags Árnesinga, talar fyrir hönd skógræktarfélaganna innan Skógræktarfélags Íslands og flytur heillaóskir og þakkir.

Næst taka erlendir gestir til máls og færa félaginu góðar gjafir. Tala þeir í þessari röð: Hakon Frölund, sem flytur kveður Nordisk Skogunion og afhendir afmælisbarninu vandaða postulínsstyttu. Þá talar Toralf Austin fyrir hönd Det norske Skogselskab, Per Sköld fyrir Sveriges Skogsvärdförbund og Bruun de Neergaard á vegum Dansk Skovforening, en gjöf þessara þriggja sambanda er fé til framkvæmda við jólatrésæktun auk minjagripa. Finska Forstföreningen sendir Skógræktarfélagi Íslands 3 kg af lerkifræi og er það Erik Arnkil, sem ber fram árnaðaróskir Finnanna. Fyrir Skogfridingsnevnd Föroya talar Andreas Höygaard. Þakkar hann samskipti og gefur Skógræktarfélagi Íslands Seyðabrævið, ljósrit af elsta og merkasta fornriti Færeyinga, sem er búnaðarlagabálkur frá 1298. Og síðastur en ekki síst fer Grænlingurinn Poul Bjerger og er honum vel fagnað, er hann m.a. mælir nokkur orð á grænenska tungu.

Eru þá upptaldir ræðumenn kvöldsins og eftir góða veislu slítur formaður félagsins hátíðarfundinum um miðnætti. Er það mál manna, að Skógræktarfélag Íslands hafi minnst afmælis síns með miklum sóma. Megi störf félagsins halda áfram að eflast um ókomna áratugi landi og lýð til gagns og blessunar.

Skýrsla um ár trésins 1980



TILDRÖG

Það var seint á árinu 1978, eða nánar tiltekið þann 5. október, að hugmyndinni um ár trésins skaut fyrst upp. Var það á fundi í stjórn Skógræktarfélags Íslands, þar sem m.a. var rætt um á hvern hátt skyldi minnst 50 ára afmælis félagsins, en það varð hálfra aldar gamalt 27. júní á s.l. ári.

Hugmyndinni um ár trésins var vel tekið, en vitað var um að stofnað hafði verið til átaks í gróðursetningu trjáplantna í nágrannalöndunum í því skyni að fræða almenning um gildi trjágróðurs og fá hann til virkrar þátttöku í gróðursetningarstörfum. Í ársbyrjun 1979 fól stjórn félagsins þriggja manna nefnd að gera drög að starfsáætlun fyrir víðlíka átak, sem hrinda ætti í framkvæmd á afmælisárinu.

Störfum þessarar nefndar hafði miðað það áleiðis í maíbyrjun sama ár að ástæða þótti til að kynna drögin ýmsum þeim aðilum, sem líklegir þóttu til samstarfs. Var það gert, og þar sem þessu erindi félagsstjórnar var hvarvetna vel tekið ákvað hún að boða til fundar um málið.

UNDIRBÚNINGSSTÖRF

Þann 22. maí 1979 komu svo saman til fundar 17 fulltrúar ýmissa stofnana og félagasamtaka, ásamt stjórn félagsins, og var mynduð samstarfsnefnd um málið. Síðar bættust fleiri aðilar í nefndina. (Sjá bls. 15.)

Má segja að með myndun þessa samstarfshóps hafi undirbúningsstarfið færst frá Skógræktarfélagi Íslands yfir á annarra hendur.

Á þessum fyrsta fundi samstarfsnefndar var kynnt

og rædd sú starfsáætlun, sem stjórn skógræktarfélagsins hafði látið gera og má segja að hún hafi verið stefnumarkandi í því starfi, sem á eftir fylgdi.

MARKMIÐ

Með ári trésins skyldi stefnt að eftirfarandi:

1. Kynnt yrði trjárækt, skógvernd og skógrækt á Íslandi.
2. Kynnt yrði gildi skógræktar, trjáræktar og ræktunar hverskonar runnagróðurs. Áhersla yrði lögð á þýðingu þess til umhverfisbóta að rækta tré, bæði með tilliti til skjóls, jarðvegs- og gróðurverndar.
3. Leiðbeint yrði um trjáplöntun í hverskonar augnamiði og um höfuðþætti í skipulagningu trjágarða og skjólbelta.
4. Áhersla yrði lögð á að sem allra flestir tækju beinan þátt í trjá- eða skógrækt á árinu, með því að planta trám eða skógarplöntum eftir því, sem ástæður hvers og eins leyfðu.
5. Einstaklingar yrðu hvattir til að fegra í kringum híbýli sín og félög yrðu hvött til að vinna að fegrun innan sinna starfssvæða.
6. Þá yrðu opinberir aðilar, sveitarfélög og aðrir hvattir til að prýða á hliðstæðan hátt svæði kringum byggingar, svo sem skóla og hverskonar þjónustubyggingar og mannvirki, svo og á öðrum almenningssvæðum, sem liggja innan marka þeirra eða eru í þeirra umsjá.

Á þessum fyrsta fundi samstarfsnefndar var að sjálfsögðu mikið um það rätt hvernig framangreindum markmiðum yrði best náð. Fyrir fundinum lágu tillögur um starfstilhögun og eftir þeim var farið í aðalatriðum, en þær voru þessar:

1. Samstarfsnefnd kjósi 5 manna framkvæmdastjórn, sem hafi með höndum undirbúning og skipulag starfsins.

2. Ráðinn verði framkvæmdastjóri og sérstakur kynningarráðgjafi.
3. Aðilar að samstarfsnefnd styðji að framgangi mál-efnisins og veiti því brautargengi, eftir því sem þeir hafa hver og einn aðstöðu til.
4. Héraðsskógræktarfélag og önnur félag í landinu, sem leggja vilja málinu lið, verði hvött til að leita samstarfs við stjórnir bæjar- og sveitarfélaga til að hrinda því í framkvæmd.
5. Um kynningu á árinu yrði haft samstarf við framkvæmdanefnd, framkvæmdastjóra og kynningar-
ráðgjafa.
6. Komið yrði á undirnefndum, eða starfshópum, sem fengju sérstök verkefni til úrlausnar.

Á fundinum var kosin framkvæmdanefnd en í hana voru kjörnir: Jón Pálsson frá Garðyrkjufélagi Íslands, Kjartan Ólafsson frá Búnaðarsambandi Suðurlands, Kjartan Thors frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Sigurður Blöndal frá Skógrækt ríkisins og Snorri Sigurðsson frá Skógræktarfélagi Íslands.

Fundurinn ræddi einnig um verksvið starfshópa og tilnefndi starfskrafta í þá flesta. (Sjá bls. 15.) Var framkvæmdastjórn falið að fylla í skörðin í starfshópum, ráða framkvæmdastjóra og kynningarráðgjafa.

STÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRNAR OG STARFSHÓPA

Eins og að líkum lætur fólstur störf framkvæmdanefndar aðallega í tvennu: annarsvegar að hafa yfirumsjón með gerð og dreifingu hverskonar kynningar- og fræðsluefnis og hinsvegar að stuðla að samstarfi um framkvæmdir úti á landsbyggðinni. Það kom hinsvegar í hlut starfsnefnda og annarra áhugaaðila í hverju byggðarlagi að skipuleggja starfið þar og standa fyrir framkvæmdum.

Á fyrsta fundi framkvæmdanefndar skipti hún þannig með sér verkum: Snorri Sigurðsson formaður, Kjartan Thors ritari og meðstjórnendur þeir Kjartan Ólafsson, Jón Pálsson og Sigurður Blöndal. Þá var á þessum fundi gengið frá ráðningu framkvæmdastjóra, en til þess starfs var ráðin frú Hulda Valtýsdóttir. Verksvið framkvæmdastjóra var aðallega í því fólgið að miðla upplýsingum, koma á tengslum við samstarfsnefndir úti á landsbyggðinni, annast dreifingu á fræðslu- og kynningarefni og annast reikningshald. Skrifstofuáðstaða fékkst hjá Skógrækt ríkisins að Ránargötu 18, Reykjavík.

Stuttu síðar réð stjórnin Ólaf Stephensen sér til aðstoðar við ýmis atriði er sneru að kynningu og hönnun fræðsluefnis.

Eitt af fyrstu verkum framkvæmdastjórnar var að

kynna þau verkefni, sem vinna skyldi að, þeim aðilum sem líklegastir væru til að afla þeim almenns fylgis. Því sneri hún sér til bæjar- og sveitarstjórna um land allt, með óskum um að þær könnuðu undirtektir félaga og annarra um að myndaðar yrðu samstarfsnefndir um framkvæmdir. Svipuðum tilmælum var beint til skógræktarfélaga í landinu.

Til að fylgja þessu máli eftir bauðst framkvæmdanefnd til þess að fulltrúar hennar mættu á fundum til að ræða skipulagsmálin og gefa leiðbeiningar um þau. Þótti nærtækast að menn innan framkvæmdastjórnar og samstarfsnefndar tækju að sér þetta leiðbeiningastarf. Þá var einnig leitað til Skógræktar ríkisins um aðstoð og var þeirri málaleitan vel tekið. Af þessum sökum reyndist unnt að verða við óskum fjölmargra um að senda menn á fundi til almennrar fræðslu um tilhögun starfsins, jafnframt því sem þeir gáfu ýmsar faglegar leiðbeiningar.

Mun láta nærri að sóttir hafi verið rösklega 120 fundir í þessum tilgangi, bæði á Stór-Reykjavíkursvæðinu og víðsvegar um landsbyggðina.

Eins og gera má ráð fyrir, fór mestur tími framkvæmdastjórnar í skipulagsstörf. Þá lagði hún á ráðin og fylgdist með verkefnum starfshópa, en formaður nefndarinnar og framkvæmdastjóri sátu flesta fundi þeirra.

Þá sá framkvæmdastjórnin um ýmislegt efni, sem gefið var út til að minna almenning á ár trésins s.s. jólakort, veggspjald, barmmerki og bílrúðumerki, en öll þessi gögn voru með merki árs trésins og kjörorði: „Þrýðum landið - plöntum trjá.“ Merkið var teiknað á auglýsingastofu Ólafs Stephensen.

Að sjálfsögðu sá framkvæmdastjórnin um að árið yrði sem víðast kynnt í fjölmiðlum.

Þá má ekki gleymast að haldin var ráðstefna og komið var upp tveim sýningum í Reykjavík í tilefni af ári trésins og átti framkvæmdastjórn nokkra hlutdeild þar í.

Í marslok 1979 gengust samtökin Líf og land, ásamt framkvæmdastjórn, fyrir ráðstefnu og sýningu á Kjarvalsstöðum, en viðfangsefnið var „Maður og tré“. Voru þar flutt 20 erindi og var viðfangsefnið rætt frá ýmsum hliðum. Þótti ráðstefnan takast vel.

Fyrri sýningin var á vegum Listasafns Íslands og var hún haldin í janúarlök á s.l. ári. Með henni var vakin athygli á menningargildi trjá- og skógræktar, en sýndar voru trjá- og skógarmyndir eftir íslenska listmálara. Sýningin vakti óskipta athygli og sótti hana fjöldi fólks.

Seinni sýningin var sett upp af Iðnaðarfélagi Reykjavíkur og „Ári trésins“. Á henni gat að líta nytja- og listmuni úr tré unna af íslenskum tréskurðarmönnum og myndhöggvurum. Sýningin var haldin í



Gróðursetning í Breiðholti á „degi trésins“ í Reykjavík 1980.
Mynd: Stefán Nikulásson.

byrjun nóvembermánaðar s.l. og stóð hún yfir í rúman hálfan mánuð. Var henni afar vel tekið og sáu hana um 2000 manns.

Áður var að því vikið að sum verkefni voru ætluð starfshópum til úrlausnar. Hver hópur fékk eitt eða fleiri verkefni og átti þeim að vera lokið fyrir ákveðinn tíma. Hóparnir unnu ótullega, þannig að unnt reyndist að senda t.d. fræðslufni út á tilsetturn tíma, eða snemma vors 1980.

Starfshópur um sjónvarps- og útvarpsefni gerði drög að 6 stuttum sjónvarpsþáttum, er fjölluðu aðallega um gróðursetningu og hirðingu trjáplantna. Saga-film í Reykjavík annaðist gerð þáttanna og voru þeir sýndir í sjónvarpi í byrjun júní sl. ár. Fræðsluþættir þessir vöktu almenna athygli og í samningi við sjónvarpið um sýningarrétt var áskilið að þeir yrðu aftur teknir á dagskrá vorið 1981.

Þá skipulagði starfshópurinn erindaflutning í útvarp. Erindin urðu 9 að tölu og fluttu þau sérfróðir menn og fjölluðu þau um ýmsa þætti gróðurverndar, og skóg- og trjáræktar hér á landi. Erindin voru flestöll flutt fyrrihluta árs 1980.

Starfshópur um bæklinga- og blaðaeefni hafði að aðalverkefni að útbúa fræðslufni handa skólum og til almennra nota.

Á vegum Menningarsjóðs var endurnýjað og gefið út ritið *Æskan* og skóгурinn, en þetta var þriðja útgáfa þess. Ritið var gefið út í 5000 eintökum og var öllum börnum, sem luku grunnskólaprófi 1980, fengið það í hendur ókeypis, en þau voru um 4500 talsins. Ríkisútgáfa námsbóka sá um dreifingu ritsins í skólana. Margir aðrir vildu eignast þetta bókarkver, og

nægði ekki upplagið, svo að 1000 eintökum var bætt við það.

Þá sá starfshópurinn um útgáfu á bæklingnum „Rétt tré á réttum stað“, en hann fjallaði um markmið trjá- og skógræktar og helstu atriði við gróðursetningu plantna. Var hann gefinn út í 30 þús. eintökum og sáu samstarfsaðilar á landsbyggðinni aðallega um dreifingu hans.

Þá var einnig á verkefnaskrá þessa hóps kynning á árinu í blöðum og tímaritum utan Reykjavíkur. Gekk sú kynning vel því margir fengust til að leggja málefninu lið, og munu greinar um ár trésins hafa skipt mörgum tugum, um það er lauk.

Þessi starfshópur sá einnig um að efna til ritgerða-samkeppni í skólum, þar sem viðfangsefnið var tengt skóg- og trjárækt. Keppnin var ætluð nemendum í 9. bekk grunnskóla, en þar sem þátttaka reyndist of dræm vorið 1980, var ákveðið að framlengja keppnina til s.l. hausts. Talsvert barst af ritgerðum.

Starfshópur um myndflokka sá um gerð 3 skyggnuflokka. Einn þeirra fjallaði um skóginn, annar um heimilisgarðinn og útivistarsvæði og sá þriðji um gerð skjólbelta. Myndunum fylgdi allýtarlegur skýringartexti. Myndflokkarnir komu að mjög góðum notum sem fræðslufni, enda keyptu margir skólar þá, sömuleiðis félög og þjónustuklúbbar. Voru myndflokkarnir seldir við vægu verði, en einnig var hægt að fá þá til láns um styttri tíma.

Starfshópur um útvegum plantna gerði úttekt á plöntubirgðum í landinu. Að fengnum upplýsingum um magn og tegundir plantna sem fánlegar myndu verða hjá gróðrarstöðvum var gerður birgðalisti. Var

Gróðursett í Árbæjarhverfi á „degi trésins“ í Reykjavík 1980.
Mynd: Stefán Nikulásson.



hann sendur líklegum kaupendum, auk þess sem hann lá frammi í gróðrarstöðvum kaupendum plantna til hægðarauka.

Starfshópi um friðun trjáa var ætlað það hlutverk að safna upplýsingum og gera skrá yfir einstök gömul tré, sem merkileg þættu og ástæða væri til að vernda og friða. Minna varð úr störfum þessum en ætlað var í upphafi, enda frekar verksvið þeirra aðila, þar sem slík tré er að finna, s.s. náttúruverndarnefnda sveitar- og bæjarfélaga. Hinsvegar má geta þess að eitthvað var unnið að þessu máli á ári trésins, t.d. á vegum Reykjavíkurborgar.

Starfshópur um fjáröflun sá um að afla fjár til þeirra verkefna, sem getið er um hér að framan.

Þegar gengið hafði verið frá verkefnaskrá fyrir ár trésins var auðsætt að töluverða fjármuni þyrfti til að standa straum af þeim útgjöldum, sem hinum ýmsu verkefnum fylgdu. Þá lá einnig ljóst fyrir að Skógræktarfélag Íslands yrði að taka á sig þá fjárhagslegu ábyrgð, sem þessu var samfara, en áætlað var að heildarkostnaður næmi allt að 30 millj. króna. Fjáröflun var því óumflýjanleg og var fjárstuðnings víða leitað.

Er óhætt að fullyrða að það fé sem safnaðist og fékkst með frjálsum framlögum stofnana, fyrirtækja og einstaklinga hafi að langmestu leyti borið uppi þann kostnað, sem hlaut af verkefnum framkvæmdanefndar og starfshópa. (Sjá bls. 16.)

Þennan mikilvæga stuðning ber vissulega að þakka. Þá má ekki gleyma þeim mörgu konum og körlum, sem lögðu fram vinnu við undirbúningsstarfið án nokkurs endurgjalds.

Af upplýsingum má ráða að yfirleitt komst ekki teljandi skriður á undirbúningsstarfið úti á landsbyggðinni fyrr en komið var fram í byrjun árs 1980.

Þá var samstarfsnefndum ekki komið á allsstaðar. Í þeirra stað sáu sveitar- og bæjarstjórnir um undirbúning með því að láta garðyrkjustjóra annast undirbúningsstörfin og voru dæmi til þess að í þau störf voru ráðnir sérstakir garðyrkjumenn.

Þar sem samstarfsnefndir voru, var þeim sem oftast komið á fyrir tilstuðlan viðkomandi sveitar- og bæjarstjórnar eða skógræktarfélags. Nefndirnar voru jafnan samsettar af fulltrúum ýmissa félaga og þjónustuklúbba. Þar þar mest á fulltrúum skógræktarfélaga, búnaðarfélaga, kvenfélaga og fulltrúum úr deildum Garðyrkjufélags Íslands og fegrunar- og umhverfisnefndum bæjarfélaga.

Eins og áður var að vikið þjónaði útgáfa fræðsluefnis aðallega tvennum tilgangi, að kynna gildi skóg- og trjáræktar, jafnframt því að vera hvati til átaks í gróðursetningu á árinu. Því skipti miklu að þetta efni kæmist fljótt og örugglega í sem flestra hendur. Til að tryggja þetta sem best þótti ráðlegast að sveitar- og bæjarfélögin önnuðust dreifingu en aðrir aðilar s.s. skógræktarfélög, hlupu undir bagga, þar sem þess þótti þörf. Svo virðist sem þessi tilhögun hafi borið tilætlaðan árangur. Var kynningar- og fræðsluefninu ýmist dreift á fundum hjá hinum ýmsu félaga- og áhugamannahópum, borið í hús, eða dreift meðal skólabarna. Auk þessa var töluverð kynning í héraðsblöðum og tímaritum og sumstaðar gáfu skógræktarfélög út fréttabréf og bæklinga. Þá er ástæða til að geta þess að sumstaðar sáu skógræktarfélög um verk-

legar leiðbeiningar í meðferð og gróðursetningu plantna.

Ekki leikur vafi á að allt það sem hér hefur verið dregið á í sambandi við kynningu og fræðslu á „Ári trésins“, hafi stuðlað að auknum skilningi almennings á trjá- og skógrækt, jafnframt sem það varð til þess að fleiri tóku þátt í gróðursetningarstörfum en búast mátti við að óreyndu.

GRÓÐURSETNINGARSTARFIÐ

Skal nú vikið að sjálfu gróðursetningarstarfinu á ári trésins. Í því sambandi er rétt að það komi fram að á s.l. hausti var leitað upplýsinga sem víðast um það hvar gróðursett var á árinu en því miður varð eftirtekjan rýrari en skyldi. Af þeim sökum reynist ekki unnt að skýra til hlítar frá því hve miklu magni plantna var plantað á hinum ýmsu stöðum. Því verður látið nægja að greina frá gróðursetningarstarfinu í stórum dráttum og er þá aðallega byggt á þeim gögnum, sem fyrir liggja um sölu og dreifingu plantna 1980.

MAGN PLANTNA

OG TILGANGUR GRÓÐURSETNINGAR

Í meðfylgjandi töflu má sjá afhendingu trjáplantna á s.l. ári, en hún var þessi:

Tölur í þúsundum			
Ársgættar	Skógræktarfélag	Skógræktarfélag	Alb.
Skógræktarfélag	87.000	200.000	287.000
Skógræktarfélag	174.000	221.000	395.000
Skógræktarfélag	200.000		200.000
Alb.	461.000	421.000	882.000

GRÓÐURSETNING GARÐPLANTNA

Af afhendingu plantna úr gróðrarstöðvum sést að alls voru seldar um 440 þúsund garðplöntur. Miðað við sölu garðplantna tvö næstu ár á undan er hér um töluverða aukningu að ræða, eða um 30%. Þetta má rekja, svo ekki verður um villst, til þess áróðurs, sem rekinn var á ári trésins fyrir því að láta gróðursetningu til fegrunar og skjóls við hífýli manna sitja í fyrirrúmi.

Þetta kemur e.t.v. enn skýrar í ljós, ef athugað er í hvaða tilgangi plantað var. Gerð var á því könnun hverjir voru kaupendur garðplantna hjá Skógrækt ríkisins og voru niðurstöður hennar í stuttu máli þessar.

Um 60% garðplantna voru keyptar af einstaklingum til nota við heimahús og sumarbústaði. Eins og búast mátti við fór langstærstur hluti garðplantna til þéttbýlisstaða og þá helst þangað sem mikið hefur verið byggt af íbúðarhúsnæði að undanförmu.

Þótt ekki sé fyllilega vitað hverjir voru kaupendur garðplantna frá gróðrarstöðvum skógræktarfélaga og stöðva í einkaeign, en flestar eru þær á þéttbýlissvæðum, má gera ráð fyrir að viðskipti einstaklinga við þessar stöðvar hafi verið öllu meiri að tiltölu en við stöðvar Skógræktar ríkisins. Því er ekki ósennilegt að 3/4 allra garðplantna hafi verið keyptar og gróðursett af einstaklingum.

Að magni til var á vegum bæjar- og sveitarfélaga gróðursett um 14% allra garðplantna og er þetta nokkur aukning frá fyrri árum.

Greinilegt er að mest var plantað á þeim stöðum, þar sem trjágróðri var ætlað pláss í skipulagi byggðar, s.s. til gróðursetningar í skrudgarða, opin svæði og við opinberar byggingar. Því miður standa sveitar- og bæjarfélög mjög misjafnlega að vígi hvað þetta snertir og eru þess dæmi að gróðursetningu hafi verið slegið á frest sakir skorts á skipulagi. Hinsvegar hefur þetta orðið til þess að reka á eftir aðgerðum í þessu efni.

Rétt þykir að benda á að sumstaðar þar sem gróðursett var á vegum bæjar- og sveitarfélaga, stóðu auk þeirra fleiri að framkvæmdum. Dæmi eru þess að

ýmsir aðrir aðilar lögðu fram drjúgan skerf til plöntukaupa, sérstaklega skógræktarfélög, garðyrkjufélög og þjónustuklúbbar. Þá keyptu fyrirtæki, rafmagnsveitur, bankar og sjúkrahús garðplöntur í lóðir sínar og töluvert af plöntum fór til gróðursetningar við skóla og félagsheimili. Mun hlutur þessara aðila hafa numið um 11 % í kaupum á plöntum.

Ekki er því að leyna að nokkurs uggs gætti um það að ekki yrðu til nægar plöntur á ári trésins. Hvað snertir garðplöntur reyndist þetta ástæðulaust. Að vísu, eins og oft áður, gengu einstaka tegundir til þurrðar í einni eða annarri gróðrarstöð, en þá var sem oftast leitað úrlausnar hjá öðrum plöntuframleiðendum. Að sjálfsögðu bitnaði plöntuskortur helst á

Gróðursetning í Borgarnesi á „ári trésins“. Mynd: Jón Finnsson.



þeim, sem lögðu upp úr fjölbreytni í plöntuvali, eða létu plöntupantanir dragast úr hömlu.

Það má geta þess í þessu sambandi að í þeim gróðrarstöðvum, sem uppiskroppa urðu með stórar garðplöntur, var gripið til þess að selja plöntur úr skóglendum. Þannig voru t.d. seld um 4000 lerkitré úr Hallormsstaðaskógi, sem fóru til gróðursetningar á Héraði og nærsveitum.

Hinsvegar var fyrirsjáanlegt að nokkur skortur gæti orðið á skógarplöntum og því var samið um það við Skógrækt ríkisins að einstaklingar og félög gengju fyrir um kaup á þeim. Þetta kom sér afar vel og má segja að það hafi komið í veg fyrir skort á skógarplöntum til almenningsnota.

GRÓÐURSETNING SKÓGARPLANTNA

Af sölu skógarplantna 1980 kemur fram að hún var í heild nokkru minni en næstu tvö ár á undan og nam sá samdráttur um 9%. Hér er hinsvegar þess að gæta að á ári trésins urðu veruleg frávik í sölu skógarplantna. Þannig minnkaði, af fyrrgreindum ástæðum, gróðursetning Skógræktar ríkisins allverulega. Á hennar vegum voru gróðursettar aðeins 114 þús. plöntur, sem er um þriðjungur þess magns, sem plantað var 1979, en gróðursetning einstaklinga jókst að sama skapi.

Eins og vænta mátti fór stærstur hluti skógarplantna til gróðursetningar á vegum skógræktarfélaga, eða um 330 þús. plöntur. Að magni til er hér um nokkra aukningu að ræða frá árinu á undan. Plöntum þessum var sumpart plantað í skógræktarsvæði félaga-

anna, en verulegt magn, eða 2/3 hlutar, fór til útivistarsvæða, þar sem félögin hafa gengið til samstarfs við bæjar- og sveitarfélög um framkvæmdir. Svo virðist sem mikil áhersla hafi verið lögð á útplöntun í útivistarsvæði á ári trésins.

Af öðrum kaupendum skógarplantna er helst að nefna ýmis félagasamtök og stofnanir, sem gróðursettu í sumarbúða- og sumarbústaðalönd. Þá má ekki gleyma þeim mörgu einstaklingum, sem keyptu plöntur í eigin skógræktarsvæði. Hjá þessum aðilum hefur gróðursetning aukist hin síðari ár. Þannig nam hún um 75 þús. plöntum að meðaltali á árabílinu 1975-1979. Á ári trésins gróðursettu þessir aðilar hinsvegar um 145 þús. plantna.

GRÓÐURSETNINGARVINNAN

Það verður vart skilið svo við þetta efni að ekki sé að einhverju getið þeirra, sem báru hita og þunga af sjálfru gróðursetningarstarfinu.

Ætla má að þeir sem útveguðu sér plöntur í lóðir sínar og lönd hafi nær undantekningarlaust annast sjálfir gróðursetningu. Vinnuframlag einstaklinga mun því hafa verið ærið að vöxtum, eða plöntun á rösklega 300 þús. garðplöntum og drjúgum hluta skógarplantna.

Einnig eru athyglisverð vinnuframlög sjálfboðaliða, en í flestum tilvikum þar sem bæjar- og sveitarfélög stóðu að gróðursetningu, barst liðsauki frá almenningi. Hér áttu stærstan hlut að máli ýmis félög um ræktunar- og umhverfismál, s.s. skógræktarfélög, garðyrkjufélög og búnaðarfélög svo eitthvað sé nefnt.

Þá var sumstaðar efnt til sérstakra gróðursetningardaga, þar sem almenningi var gefið tækifæri til að leggja sitt af mörkum til málefnisins.

Þá vekur það athygli, og um leið ánægju, hversu margt æskufólk tók þátt í starfinu. Virðist að þeir aðilar, sem veittu gróðursetningarstarfinu forystu, hafi lagt sig fram við að þátttaka barna og unglinga yrði sem mest. Einnig má í þessu sambandi minna á þann fjölda unglinga, sem komust í snertingu við gróðursetningarstarfið í vinnuskólum, en þeir ásamt sjálfboðaliðum voru sá vinnukraftur, sem að verulegu leyti var byggt á í stærri bæjar- og sveitarfélögum. Þannig voru aðeins fá dæmi þess að stærri bæjarfélög þyrftu að kosta gróðursetningarvinnu alfarið.

Þótt framar öllu megi þakka það áhuga og framtaki almennings hve mikið var gert í gróðursetningu á ári trésins, þá áttu ytri aðstæður einnig þátt í því, að störfín gengu eins greiðlega og raun varð á. Flestir munu minnast þess hve snemma voraði um land allt á s.l. ári. Hagstæð vorveðráttta gerði mönnum kleift að taka plöntur snemma upp úr gróðrarstöðvunum og það flýtti fyrir sendingum plantna, sem bárust kaupendum venju fremur fljótt og auðveldlega. Þetta varð aftur til þess að tími til gróðursetningarstarfa varð lengri en ella. Af þessum sökum tókst flestum að ljúka gróðursetningu fyrir lok júnímánaðar, en það ásamt hagstæðri sumarveðráttu ætti að auka líkur fyrir því að gróðursetning hafi tekist vel á s.l. ári.

KOSTNAÐUR AF ÁRI TRÉSINS

Það lætur að líkum að af því fjölbætta starfi sem unnið var víðsvegar um land á ári trésins hlaust mikill kostnaður.

Fyrir liggja tölur, er sýna útgjöld vegna starfa framkvæmdanefndar og fylgir hér yfirlit um þau (Sjá bls. 16.).

Hinsvegar er ekki unnt að greina frá öðrum kostnaði að neinu ráði, til þess eru upplýsingar of fáar, enda koma fjölmargir aðilar hér við sögu. En til að gefa nokkra hugmynd um af hvaða stærðargráðu sum útgjöld voru, skal hér til gamans giskað á kostnað vegna plöntukaupa.

Af upplýsingum frá Skógrækt ríkisins sést m.a. að meðalverð á garðplöntum var um 800 kr. Sé ráð fyrir því gert að svipað verð hafi verið á garðplöntum hjá öðrum plöntuframleiðendum, þá mun láta nærri að alls hefði þurft að greiða um 360 millj. króna til garðplöntukaupa. Sé á sama hátt gert ráð fyrir að meðalverð á skógarplöntu hafi verið um 133 kr., munu útgjöld vegna kaupa á þeirri gerð plantna hafa numið rösklega 60 millj. króna.

NIDURSTÖÐUR

Séu niðurstöður dregnar af því, sem hér hefur komið fram má m.a. álykta eftirfarandi:

Þegar á heildina er litið, þá má telja að undirbúningur að ári trésins hafi tekist allsæmilega. Sá tími, sem gafst til hans var yfirleitt vel nýttur, þannig að ekki urðu teljandi eyður í starfinu, heldur var því haldið stöðugt gangandi.

Eins og reyndar var búist við, náðist sumstaðar ekki nægileg samstaða um framkvæmdir og suma starfsþætti hefði eflaust mátt vinna betur t.a.m. skipulagsstörf fyrir gróðursetningu.

Áætlun um gerð kynningar- og fræðsluefnis stóðst í aðalatriðum, þannig að hægt var að miðla því til almennings á tilsettum tíma.

Kynningarstarfinu var vel tekið af almenningi, sem m.a. kom fram í því hve kynningar- og fræðslufundir voru vel sóttir.

Fræðsla og kynning kom víða fram í fjölmiðlum og margir lögðu ótilkvaddir málefnum lið á opinberum vettvangi, t.d. með greinaskrifum í blöð og tímarit.

Á ári trésins voru gróðursettar rösklega 1 millj. plantna, þar af um 440 þús. garðplöntur og um 590 þús. skógarplöntur. Sé tekið mið af útplöntun næstu ára á undan nemur þetta um þriðjungs aukningu í magni garðplantna og svipuðum fjölda skógarplantna.

Langstærstan hlut í gróðursetningarstarfinu átti almenningur, en á vegum einstaklinga voru gróðursettar um 330 þús. garðplöntur og um 145 þús. skógarplöntur. Það má því slá því föstu að því markmiði hafi verið náð að gera gróðursetningu plantna í hinu nánasta umhverfi við hús og bæi sem almennasta.

Ýmsir opinberir aðilar, einkum bæjar- og sveitarfélög, áttu drjúgan hlut í gróðursetningu garðplantna til fegrunar og skjóls við opinberar byggingar og í opin svæði. Þá var hlutur félaga og þjónustu klúbba í gróðursetningarstarfinu umtalsverður.

Bæjar- og sveitarfélög, ásamt skógræktarfélögum lögðu áherslu á gróðursetningu í útivistarsvæði, en í þau var plantað rösklega 220 þús. skógarplöntum.

Athyglisvert er hve framlög sjálfboðaliða voru mikil við gróðursetningu plantna á ári trésins og hve margt æskufólk tók þátt í því starfi.

Vinna við útplöntun gekk víðast hvar vel, enda tíðarfar hagstætt um land allt til gróðursetningarstarfa. Skortur á plöntum var ekki tilfinnanlegur.

Þegar litið er til baka til árs trésins, þá verður eigi annað sagt en að töluvert hafi áunnist og að það starf, sem unnið var hafi skilað meiri árangri en margur þorði að vona. Vissulega verður því ekki neitað að

margt hefði mátt betur fara. Annars er varla að vænta, þegar tekið er tillit til þeirra viðfangsefna, sem við var að glíma.

Aðalatriðið er að skóg- og trjáræktarmenn geta glaðst yfir merku átaki og mætt þeim verkefnum sem bíða með öruggri vissu um það að trjá- og skógrækt í landinu á sér góða stuðningsmenn. Til þess bendir ótvírætt sá áhugi, sem almenningur sýndi fyrir ári trésins.

Það er því ósk þeirra, sem í fyrirrúmi stóðu á ári trésins að það verði þjóðinni aflgjafi og hvatning til nýrra átaka í gróðursetningarstarfi næstu ára.

Að lokum vil ég fyrir hönd framkvæmdanefndar árs trésins nota tækifærið til að færa öllum þeim þakkir, sem á einn eða annan hátt lögðu því liðsinni.

SAMSTARFSNEFND UM ÁR TRÉSINS 1980

Búnaðarfélag Íslands
Hjörtur Þ. Eldjárn
Óli Valur Hansson
Búnaðarsamband Suðurlands
Kjartan Ólafsson
Félag garðyrkjumanna
Guðmundur Ingvarsson
Félag gróðrarmiðstöðva
Pétur N. Ólafsson
Félag landslagsarkitekta
Reynir Helgason
Félag skrudgarðyrkjumanna
Svavar Kjærnested
Garðyrkjufélag Íslands
Jón Pálsson
Kvenfélagasamband Íslands
Sigurveig Sigurðardóttir
Landvernd
Hákon Guðmundsson
Einar E. Sæmundsen
Líf og land
Kristinn Ragnarsson
Landbúnaðarráðuneytið
Sveinbjörn Dagfinnsson
Menntamálaráðuneytið
Erlingur Bertelsson
Samband ísl. sveitarfélaga
Magnús Guðjónsson
Skógræktarfélag Íslands.
Stjórn og framkv. stj.
Skógræktarfélag Reykjavíkur
Bjarni Kr. Bjarnason
Kjartan Thors
Vilhjálmur Sigtryggsson

Skógrækt ríkisins
Sigurður Blöndal
Starfsmannafélag Skógræktar ríkisins
Kristinn Skæringsson
Ungmennafélag Íslands
Hafsteinn Þorvaldsson

FRAMKVÆMDASTJÓRN OG STARFSHÓPAR Á ÁRI TRÉSINS 1980

Framkvæmdastjórn:
Form.: Snorri Sigurðsson
Jón Pálsson
Kjartan Ólafsson
Kjartan Thors
Sigurður Blöndal

Starfshópur um fjáröflun:
Form.: Jónas Jónsson
Kristinn Skæringsson
Oddur Andrésson
Sveinbjörn Dagfinnsson

Starfshópur um útvegum plantna:
Form.: Vilhjálmur Sigtryggsson
Gunnar Finnbogason
Haflíði Jónsson
Ólafur Vilhjálmsson
Pétur Ólason


Starfshópur um sjónvarps- og útvarpsefni:
Form.: Stefán Jasonarson
Grétar Unnsteinsson
Hákon Bjarnason
Vilhjálmur Sigtryggsson

Starfshópur um bæklinga- og blaðaeefni:
Form.: Þórarinn Þórarinnsson
Bjarni Helgason
Andrés Kristjánsson
Snorri Sigurðsson

Starfshópur um mynd flokka:
Form.: Einar E. Sæmundsen
Bjarni Kr. Bjarnason
Óli Valur Hansson
Sigurður Blöndal

Starfshópur um friðun trjáa:
Form.: Vilhjálmur Sigtryggsson
Haflíði Jónsson
Þórarinn Benediktz
Ingólfur Davíðsson

Kvæmi innan trjátegunda



1. Orðið og uppruni þess
Orðið *kvæmi* er oft notað í máli skógræktarmanna, einkanlega 2-3 síðustu áratugin. Það er ekki síst á voru landi, þar sem skógrækt er stunduð við mjög erfið skilyrði og tilraunir eru gerðar með mjög margar tegundir, sem vaxa í heimkynnum sínum við betri vaxtarskilyrði en hér eru, m.a.

sunnar á hnettinum.

Þetta er nýyrði í íslensku máli, fundið upp af dr. Birni Sigfússyni. Erlenda orðið er *proveniens* á norðurlandamálum og *provenance* á ensku. Það merkir nánast sama og *uppruni*.

Kvæmi er myndað af þriðju kennimynd sagnarinnar að koma og er þannig til orðið á svipaðan hátt og hið erlenda orð, sem á rætur sínar að rekja til latnesku sagnarinnar *provenire* (=að koma frá).

2. Hvað felst í orðinu?

2.1. Skipting eftir ytri einkennum

Trjám er skipt í tegundir eftir ytri einkennum, eins og öllum plöntum. Þetta sést best, ef skoðaðir eru flórulyklar. Margar tegundir í plönturíkinu ná yfir geysistór landssvæði, jafnvel heil meginlönd, en ytri einkenni eru samt svo lík, að einstaklingar teljast til sömu tegundar, þótt þúsundir km skilji á milli þeirra og vaxtarskilyrði séu gerólík.

Má þar nefna sem dæmi sitkagrenið í Norður Ameríku, sem vex með vesturströndinni frá Kaliforníu til Alaska í belti, sem hvergi er meira en 200 km á breidd, en um 2.900 km á lengd frá norðri til suðurs, sbr. 1. mynd. Eða rauðgrenið, sem vex á svæði, sem er um 3.400 km frá norðri til suðurs.

Eftir flórulykli myndu tré frá nyrstu og syðstu

vaxtarstöðum þessara tegunda verða nafngreind sem sitkagreni og rauðgreni.

2.2. Lífeðlisfræðilegur munur

Langt er síðan menn uppgötvuðu, að innan tegundanna dyljast eiginleikar af lífeðlisfræðilegum toga, sem sýna *arfgengan mismun* í hegðun einstaklinganna, eftir því hvar þeir vaxa. Þessi mismunur er einkum mótaður af veðurfari á hverjum vaxtarstað. Hann er því meiri sem útbreiðsla viðkomandi tegundar er meiri og vaxtarskilyrði ólíkari.

Þessi mismunur er gefinn til kynna með því að tala um kvæmi innan trjátegunda.

3. Alþjóðleg skýrgreining

á hugtakinu er svohljóðandi: „Kvæmi er stofn (population) eða hópur einstaklinga af sömu tegund, sem vex á eða kemur frá landssvæði, sem afmarkað er af meiri eða minni nákvæmni“. Hugtakið er þannig sumpart af erfðafræðilegum toga spunnið, en sumpart af landfræðilegum.

4. Hvernig munurinn birtist

4.1. Almenn


Hjá tegundum sem vaxa á víðáttumiklum svæðum við mjög breytileg vaxtarskilyrði birtist munur á stofnum innan þeirra, þegar þeir eru fluttir úr heimkynnum sínum á nýja vaxtarstaði og bornir saman, fyrst og fremst í

- 1) misjafnri lengd vaxtartíma,
- 2) mismiklum vexti, sem er afleiðing af fyrsta atriðinu,
- 3) mismiklu viðnámi gegn sjúkdómum og sníkjudýrum.

4.2. Munur á kvæmum eftir útbreiðslu frá norðri til suðurs:

Samanborið við *norðlæg kvæmi* einkennast suðlægari kvæmi sömu tegundar af þessu:

- 1) meiri vexti, sem getur verið allt að því fjórfaldur,
- 2) springa seinna út,



Útbreiðsla sitkagrenis (svart) og blágrenis (skástrikað). Eftir Harlow and Harrar 1941.

- 3) er síður hætt í vorfrostum,
- 4) vaxa lengur frameftir hausti og fella lauf seinna, og er því hættara í haustfrostum,
- 5) þola verr mikil vetrarfrost.

4.3. Munur á kvæmum, sem vaxin eru upp í þurru eða rökum loftslagi:

Samanborið við tré af þurrum svæðum einkennast tré frá rökum svæðum af þessu:

- 1) meiri vexti,
- 2) minni frækornum,
- 3) grynna rótarkerfi.
- 4) dökkgrænni laufum og nálum.

4.4. Munur á kvæmum eftir mismunandi hæð yfir sjávarmáli:

Ætla mætti, að þar kæmi fram sami munur og frá norðri til suðurs. Svo er að nokkru leyti, en ekki samt í sama mæli. Ástæðan er talin vera sú, að skipti á erfðaberum (*genum*) milli stofna séu meiri í fjallshlíð, þar sem sama tegund vex neðan úr dalbotni og langt upp í hlíðar, en á svæðum þar sem hundruð eða þúsundir km skilja stofnana frá norðri til suðurs.

4.5. Munur eftir samfelldri eða rofinni útbreiðslu tegundar:

Breytileiki er jafnari, ef útbreiðslusvæðið er samfellt. Ef útbreiðslan er rofin á einhverju svæði, þar sem

veðurfar er ólíkt, verður breytileikinn ekki samfelldur. Það má hugsa sér, að hann taki stökk. Á svæðum með órofinni útbreiðslu er erfitt að finna sérstakar markalínur milli mismunandi eiginleika. Þetta er öðru vísi ef útbreiðsla er rofin. Tökum dæmi af fjallahéraði, þar sem kannski eru 400 km milli svæða með sömu tegund. Þá kemur strax í ljós munur milli stofna.

4.6. Menn notfæra sér mun á kvæmum

Vitneskjan um þessa mismunandi eiginleika hjá kvæmum innan sömu trjátegundar varð til þess, að skógræktarmenn sáu sér snemma leik á borði til þess að auka vöxt skógarins, fá aukna uppskeru af flatareiningu eins og ætíð hefir verið markmið í akuryrkju.


Þetta hefir einkanlega verið gert í tempraða beltinu nyrðra.

Í Evrópulöndum, þar sem mikilvægustu nytjatrén eru örfáar tegundir barrtrjáa, beindist áhugi manna þegar á 18. öld, en þó sérstaklega á hinni 19., að Norður-Ameríku, þar sem margfalt fleiri trjátegundir vaxa en í Evrópu. Sá munur er enn meiri, að því er barrtré varðar en lauftré. Ástæðan er talin sú, að í Ameríku liggja fjallgarðar frá norðri til suðurs, svo að trjátegundirnar höfðu undanfæri til að hopa suður á bóginn undan meginlandsísnum, er hann flæddi suðureftir á síðustu ísöld, en krömdust ekki við fjallgarða er lágu frá vestri til austurs, svo sem er í Evrópu og Asíu, og tynðu tölunni.

Hinar amerísku trjátegundir voru svo tilbúnar að hefja för norður eftir meginlandinu, þegar meginlandsísinn bráðnaði. Þær varðveittu einnig betur þann eiginleika suðlægra kvæma, sem áður var nefndur, að vaxa betur en norðlæg. Þetta er athyglisvert atriði, ef höfð er í huga sú ganga, sem rauðgrenið í Skandínavíu þurfti að þreyta til þess að nema land í Suður-Svíþjóð og Suður-Noregi eftir síðustu ísöld.

Talið er, að þetta greni hafi breiðst út frá svæði austur undir Úralfjöllum sunnanverðum, sótt norður á bóginn, farið norður Finnland, fyrir Helsingjaborg og síðan suður eftir Skandínávíuskaganum. Sjá 2. mynd. Þetta landnám á sér svo stutta sögu, að rauðgrenið hefir ekki nærri því aðlagast veðurfari um sunnanverða Skandínavíu á þeim 8-10 þúsund árum, sem liðin eru síðan landnámið hófst. Þessi skortur á aðlögun birtist í því, að þeir grenistofnar, sem komust lifandi fyrir Helsingjabotn og sóttu suður Skandínavíu, geta ekki nýtt sér til fullnustu vaxtarskilyrðin þar. Eðli þeirra er enn of norðlægt. Vöxturinn gæti verið meiri, ef tegundin hefði haft lengri tíma til aðlögunar. Um orsakir þessa fyrirbæris verður fjallað síðar í þessari grein.

Innflutningur norður-amerískra trjátegunda til



Eftir Schmidt-Vogt.

Evrópu varpaði skæru ljósi á þýðingu kvæmanna í skógrækt. Það varð enn ljósara en ella fyrir þá sök, að flestar hinna áhugaverðu trjategunda í Norður-Ameríku hafa geysimikla útbreiðslu frá norðri til suðurs (sbr. sitkagrenið) og vaxa frá sjávarmáli upp í háfjöll. Er stafafuran kannski besta dæmið um þetta: Hún vex á svæði, sem er 3.600 km frá norðri til suðurs, frá sjávarmáli upp í 3.500 m hæð og á þurrum svæðum með 300 mm ársúrkomu, en einnig á mjög rökum svæðum með 4.000 mm ársúrkomu. Hún vex líka í snjólausum héruðum í Arizona og í Yukon í Kanada, þar sem geysileg snjóþyngsl ríkja á vetrum. Á öllu þessu gífurlega svæði vex stafafuran við ákaflega ólík jarðvegsskilyrði.

Hér á Íslandi, sem liggur í veðurfarslegu tilliti við jaðar þess, sem flestar harðgerðustu trjategundir þola, er þýðing kvæmanna í skógrækt í brennidepli. Þýðingarmestu trjategundimar, sem hér er verið að reyna þolrífir í, eiga einmitt allar geysivíðlend heim-

kynni: Blágreni, rauðgreni, sitkagreni, stafafura, síberíulerki, alaskaösp. Ágætur árangur hefir náðst í ræktun þeirra sums staðar á landinu. Lengi má bíða eftir hámarksárangri, sem mun nást með víðtækum kvæmarannsóknum og kynbótum í kjölfar þeirra.

Dæmi eru þó til um það, að brautryðjendur voru heppnir í vali kvæma. Mér er kunnugt um eitt slíkt dæmi frá Þýskalandi: Við borgina Freiburg í suðvesturhorni landsins var plantað douglasþin um 1880. Hann óx þar afburðavel og hefir nú löngu numið land og telst því til þarlendrar flóru. Síðan hafa verið reyndir margir tugir kvæma, en ekkert hefir vaxið jafnvel og hið fyrsta, sem ætla má, að hafi borist fyrir tilviljun.

Svipað er að segja um fyrstu kvæmin, sem hér var plantað af blágreni, sitkagreni og síberíulerki. Við getum þurft að leita lengi eftir öðrum betri, a.m.k. fyrir þá staði á Íslandi, þar sem þau voru fyrst reynd.

5. Genvistfræði:

Stíklur úr sögu ræktunartilrauna

5.1. Orðið og merking þess

Þetta hugtak er hálfvegis þýðing á sænska orðinu *genekologi*, sem fyrst var sett fram árið 1923 af Svíanunum *Göte Turesson*. Þá var ljóst orðið, að innan einstakra tegunda í plönturíkinu er mikill fjöldi arfgengra eiginleika eða forma bundinn við sérstaka vaxtarstaði. Fyrri hlutinn er stytting úr gríska orðinu *genos*, sem þýðir kynþáttur. og gjarnan er notað á íslensku í umfjöllun um menn og sumar tegundir dýra, en aldrei um plöntur. Fyrir því var sá kostur tekinn í neyð að þýða þennan hluta orðsins ekki hér. Vistfræði er þýðing á hinu alþjóðlega orði *ecology*, sem Þjóðverjinn *Haeckel* setti fyrstur fram árið 1866.

Turesson kvað genvistfræði vera „kenningu um samspil milli umhverfisins og myndunar kynþátta innan tegunda“ í lífríkinu.

Fyrirbæri það í ríki trjáanna. sem við nefnum kvæmi, er þannig einn þáttur genvistfræði. Í þessum fræðum er gjarnan rakin sagan um það, hvenær menn uppgötva hina ýmsu þætti, sem skýra þá fjölbreytni innan tegundanna, sem sagt var frá í upphafi þessarar greinar.

Hér skal nú stíklað á stóru í þessari sögu, sem er saga um ræktunartilraunir. Nær þessi upptalning fram um 1940, en ótal mörgu er sleppt, sem fróðlegt væri að segja frá.

5.2. Aðlögun að loftslagi

Á árunum 1745-1755 hóf einn af æðstu mönnum franska flotans, *H.L. Duhamel du Monceau*, sem var grasafræðingur og höfundur skógargrasafræðinnar sem vísindagreinar, ræktun á skógarfuru í Frakklandi í því skyni að fá sem best efni í möstur á herskip franska flotans. Hann sótti fræ til Eystrasaltslanda,

aldrei birtar, þar eð maður sá, sem du Monceau fól að lýsa árangri hennar og gefa út, dó fyrir aldur fram. Enginn varð til þess síðar.

Nokkru síðar (1787) gaf Þjóðverjinn *von Wangenheim* út ritgerð um veðurfarslega aðlögun trjátegunda frá Norður-Ameríku í Þýskalandi. Hann lagði áherslu á þýðingu þess að þekkja vaxtarstaði og jarðvegsskilyrði, þar sem fræi var safnað, svo að hægt væri að velja hin hentugustu kvæmi. Hann taldi veðurfarið skipta sérstaklega miklu máli og benti á, að tré, sem vaxa af kanadísku fræi eða fræi frá 43.-45. breiddargráðu í Norður-Ameríku hentuðu vel í þýsku fjöllumum, en fræ, sem sá ætti í hlýjum lágsveitum, yrði að koma frá 4.-43. breiddargráðu.

Frumherji kvæmarannsókna í skógrækt telst nú samt Frakkinn *Pierre Philippe André de Vilmorin*. Laust eftir 1820 hóf hann samanburðartilraunir á skógarfuru. Rannsóknir hans sönnuðu í fyrsta skipti samfelldan breytileika innan tegundar. Hann notaði svipaða aðferð og Duhamel, sem áður var nefndur. Tilraunir hans vöktu mikla athygli skógræktarmanna og skýrsla hans var gefin út að honum látnum. Í kjölfarið fylgdu tilraunir margra annarra með skógarfuru, meðan hann lifði og eftir hans dag.

Á árunum 1867-1869 skrifar *C. Linsser* í St. Pétersborg um arfgenga aðlögun mismunandi stofna innan trjátegunda að veðráttu, einkanlega mismunandi hitastigi. Hann varð sennilega fyrstur til þess að halda því fram, að plöntur sem fluttar voru frá norðlægum breiddargráðum og úr mikilli hæð yfir sjávarmáli lifnuðu fyrr á vorin en þær, sem eiga heima sunnar og lægra yfir sjávarmáli. Linsser reiknaði út hitasummu yfir 0 °C í Brüssel og St. Pétersborg og fann út, að trjáplöntur af sömu tegund þyrftu mun lægri hitasummu til þess að lifna að vori í St. Pétersborg en í Brüssel.

Stofna	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C
Stofna	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C
Stofna	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C
Stofna	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C	Hitasumma yfir 0 °C

Vestur-Rússlands, Skotlands og nokkurra héraða í Mið-Evrópu til þess að bera saman, hvað best reyndist.

Þetta er fyrsta kvæmatilraun, sem vítað er um í skógrækt.

Því miður voru niðurstöður þessarar tilraunar

Taflan sýnir, að hitasumman, sem plönturnar þyrftu til þess að blómgast, reyndist nokkum veginn sama prósentu af hitasummu ársins á báðum stöðum.

Á árunum 1887-1907 birti austurríski skógvísindamaðurinn *A. Cieslar* ritgerðir um rannsóknir sínar á kvæmum af rauðgreni og evrópulerki. Þær staðfestu,

að lífeðlisfræðilegur munur væri á stofnum innan sömu tegundar, hann væri arfgengur og hefði þróast eftir veðráttu á þeim stað, sem fræð kæmi frá. Þar eð Cieslar var bæði grasafræðingur og lífeðlisfræðingur, gerði hann sér grein fyrir, að niðurstöður hans giltu ekki bara í skógrækt, heldur almennt í plönturíkinu.

Svisslendurinn A. Engler sýndi með tilraunum sínum sem hann birti niðurstöður af á árunum 1905- 1913, muninn á sýnilegum ytri einkennum hjá greni og furu og hinum lífeðlisfræðilegu. Samanburðartilraunir hans voru hinar umfangsmestu og best skipulögðu fram að þeim tíma, en þær voru líka betur unnar en áður hafði tíðkast. Þær hafa staðist tímans tönn. Þær tóku til skógarfuru, rauðgrenis, evrópulerkis og hlýs úr mismunandi hæð yfir sjávarmáli og breiddargráðum.

Svíinn Olof Langlet hóf gífurlega umfangsmiklar rannsóknir á kvæmum af skógarfuru seint á fyrsta þriðjungi þessarar aldar. Niðurstöðurnar birti hann á árunum 1934-1936. Þar skýrði hann þroskaferil og lífeðlisfræði ungra furuplantna. Rannsóknir þessar tóku til nokkur hundruð kvæma víðs vegar úr Evrópu og nær 600 kvæma úr Svíþjóð.

Í ljós kom, að hlutfall þurrefnis í furunálunum, þegar þær eru á haustin að búa sig undir veturinn, fylgir lengd vaxtartíma á hverjum stað eftir breiddargráðu og fjölda þeirra daga á ári, sem sýna meðalhita +6C° eða meira. Hlutfall þurrefnis hækkar eftir því sem norðar dregur og vaxtartíminn er styttri. Á sama hátt jókst hlutfall þurrefnis furunálanna með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Önnur efni, sem stuðla að frostþoli plantnanna, svo sem sykurnnihald, feiti, eggjahvítuefni o.fl., standa í beinu hlutfalli við þurrefnisinnihaldið. Sömu fyrirbæri komu í ljós hjá rauðgreni, þótt þau væru ekki eins reglubundin og hjá skógarfurunni.

Með rannsóknum Langlets var brotið blað í því að skýra lífeðlisfræðilega þann mun, sem menn höfðu fyrir löngu séð, að er milli kvæma af sömu tegund.

Hins vegar hafa síðari tíma rannsóknir leitt í ljós, að þessi munur er flóknara mál en í fyrstu virtist, er niðurstöður Langlets lágu fyrir. Skal ekki farið frekar út í þá sálma hér, þar eð margt sýnist óljóst í þeim fræðum.

Árið 1940 birti Svíinn Nils Sylvén niðurstöður rannsókna á mismunandi kvæmum af ösp. Hann komst að því, að hitastigið síðari hluta sumars lækkar ekki nægilega reglubundið til þess að sú lækun leiði til stöðvunar á vexti plöntunnar í tæka tíð fyrir veturinn. Hins vegar hefir þróast með plöntunum eins konar óbeint aðlögunarkerfi: Þær láta breytingar á hlutfalli milli hins bjarta og myrka tíma sólarhringsins hjálpa sér til þess að „mæla“ tímann. Þetta er eini þáttur

veðráttunnar, sem endurtekur sig reglulega ár eftir ár. Þær plöntur, sem ekki hafa lokið vexti í tæka tíð, skaðast eða farast þegar haustfrostin byrja.

Svo til öll hugsun og umræða um arfgengan breytileika innan tegundanna hefir snúist um vöxt þeirra og aðlögun hans að veðráttu, en fáar rannsóknir hafa verið gerðar á aðlögun þeirra eðlisþátta plantnanna, er varða æxlun.

Svíinn G. Eriksen og félagar hans birtu árið 1969 niðurstöður rannsókna á fræmyndun lerkis, sem fróðlegt er fyrir okkur Íslendinga að vita um, þar eð lerki skipar hér hlutfallslega breiðari sess í skógræktarstarfi en í nokkru öðru landi utan heimkynna þess.

Lerkitegundir hafa þróast við og aðlagast að meginlandsloftslagi, sem einkennist af miklum og stöðugum vetrarkulda. Miðað við það er vetrarveðrátt í Skandinavíu - svo að ekki sé talað um Ísland - dutlungafull, þar sem frost- og þíðukaflar skiptast á. Svokallaðar frjómóðurfrumur (PMC) í karblómi lerkisins þola slíka veðráttu illa. Á vissu stigi meðan tréð er í vetrardvala, þola þessar æxlunarfrumur geysimikið frost, en eru mjög viðkvæmar bæði í upphafi og við lok þessa stigs. Auk þess þurfa þær beinlínis mikinn kulda til þess að geta þróast yfir á næsta stig á lífsskeiði sínu. Óstöðug vetrarveðráttu truflar það reglulega stigmál, sem þróast hefir með þúsundum kynslóða. Afleiðingin er sú, að lerkitegundum veitist erfitt að mynda fræ við slíkar aðstæður.

5.3. Aðlögun að jarðvegsskilyrðum

Í jarðvegi er margt falíð, sem hefir áhrif á það, hvernig plöntum vegnar í lífsbaráttunni: Gerð (struktur) jarðvegsins, næringarefni, vatn eða rakastig, loftun, sýrustig og margt fleira. Allir þessir þættir eru samtvinnnaðir og jafnframt mótaðir af veðurfari að nokkru leyti. Þessi samtvinnun vaxtarskilyrða í jörðu og lofti veldur því, að erfitt er að rannsaka aðlögun að jarðvegsskilyrðum sérstaklega. Samt er ljóst, að þó nokkur hluti af fjölbreytni í plönturíkinu á sér stoð í ólíkum jarðvegsskilyrðum.

Sem dæmi um þetta má nefna kjörland skógarfurunnar, malarása og þurrt mólendi með þunnum jarðvegi. Rótarkerfi furunnar, sem getur komist mjög djúpt, er dæmi um aðlögun að slíkum aðstæðum. Aftur á móti er rótarkerfi grenis mjög flatvaxið. Grenið er því betur fallið til vaxtar á röku landi en furan og þrífst beinlínis illa í hinu þurra kjörlendi furunnar.

Sennilegt er talið, að munur á rótarkerfi trjána sé ekki minni en á hinum sýnilegu líkamshlutum þeirra ofanjarðar. Hin mikla fjölbreytni í jarðvegsskilyrðum í skóglendi, sem orðið hefir til þess að trjátegundirnar velja sér ólíkt kjörlandi, er einmitt af því tagi, sem

dæmið um grenið og furuna skýrir vel. Í nýskógrækt, sem í vaxandi mæli er nú stofnað til með plöntun, hefir mönnum oft og tíðum veist erfitt að beygja sig undir þetta lögmál náttúrunnar: Menn hafa tilhneigingu til þess að planta sömu tegund á einhverjum tilteknum stað, þótt jarðvegur sé misjafn.

Hér á Íslandi hefir þessi tilhneiging iðulega ráðið gerðum okkar meira en góðu hófi gegnir. Algengasta dæmið um þetta er það, þegar grenitegundum eða lauftrjám er plantað í grunnan og þurran lyngmó á bersvæði eða lynglendi í birkiskógi, svo ekki sé talað um enn rýrara land, sem kannski er aðeins vaxið slitrum af krækilyngi eða sortulyngi. Land, sem sumar furutegundir eða lerki gætu spjarað sig á.

Hér á vel við gamalt orðtak: „Þótt náttúran sé lamin með lurk, leitar hún út um síðir“. Hún leitar út á þann hátt, að grenið og lauftrén neita að vaxa í slíkum jarðvegi. Annað mál er svo, hvað hægt er að hjálpa plöntunum með áburðargjöf við slík skilyrði. En þá er komið út fyrir mörk vistfræðinnar. Hún tekur ekki til umhverfis, sem breytt er eða búið til af mönnum.

Hér á Íslandi er okkur samt frekar vorkunn en í skógalöndum. Við erum að reyna ótal ókunnar trjátegundir við nýjar aðstæður, ræktunarhefð er í mótn, en í skógalöndunum hafa menn fyrir augum, hvernig náttúran sjálf hefir skipað tegundunum sess á ýmsum bekkjum umhverfisins.

5.3. Kvæmarannsóknir síðustu áratuga

Þau fáu dæmi, sem rakin voru hér á undan í genvistfræðinni um rannsóknir á kvæmum (Olof Langlet hefir nefnt kvæmarannsóknir „samanburðargenvistfræði“), eru öll um framtak og hugkvæmni einstakra vísindamanna.

Síðustu áratugi hafa þessar rannsóknir í auknum mæli orðið alþjóðleg hópvinna. Hún hefir einkanlega átt sér stað innan IUFRO (Alþjóðasamband rannsóknastofnana í skógrækt) og náð til allmargra trjátegunda, sem mesta þýðingu hafa í skógrækt. Ný tækni hefir þróast, sem m.a. felst í því, að í hverri tilraun er sérhvert kvæmi gróðursett með fleiri endurtekningum (eins og það er nefnt á máli tilraunamanna) en áður var, en hins vegar með færri plöntum í hverjum reit. Val einstaklinga er hnitmiðaðra en áður var.

6. Hvers vegna kvæmi

6.1. Úrval náttúrunnar og þættir, sem sköpum skipta

Sagan um útbreiðslu tegundanna, sem aðeins hefir verið drepð hér á að framan, skýrir að nokkru þá staðreynd, að ólíkir stofnar hafa orðið til innan þeirra. Þeir hafa myndast við úrval hinna hæfustu einstaklinga við breytilegar aðstæður, svo sem *Charles Darwin*

benti á fyrir meira en einni öld með dæmum úr dýraríkinu.

Sá þáttur veðurfars, sem skapar mesta fjölbreytni hjá plöntunum, er *hitastigið*. Afleiðing af hitaskilyrðunum er *lengd vaxtartíma*. Sá, sem fyrstur skýrði þetta samhengi, var einmitt *Linsser*, sem fyrr var nefndur.

Aðstæður við upphaf og lok vaxtartímans valda mestu um úrvalið.

Í þessu efni gerir náttúran ákaflega ólíkar kröfur til trjánna eftir því, hvar þau vaxa. Má aftur minna á þá staðreynd, að rauðgrenið vex t.d. norðan af freðmýrum Síberíu suður í Evrópu, þar sem vínrykja er stunduð. Svar grenitrjánna við þessum kröfum er sú erfðafesta, sem ákveður, hvenær brumið opnast á vorin og hve seint eða snemma tréð leggst í vetrardvala. Kunnastur er sá eiginleiki hjá rauðgreninu, hvenær brumið springur út á vorin. Þar er falin vörn þess gegn frostskeiddum við upphaf vaxtartíma. Athuganir hafa leitt í ljós, að allt að 32 dagar eru á milli snemmsprotnustu grenistofnanna frá Norður-Svíþjóð, Síberíu og háfjöllum Evrópu og hinna síðsprotnustu frá miðju Hvítarússlandi. Að hausti til getur munað allt að 2-3 mánuðum, hvenær tréð lýkur vexti.

Náttúran er hörðust við veikbyggða einstaklinga á æxlunartigi: Við blómgun og fræmyndun og meðan plönturnar eru komugar. Ein einasta frostnótt getur eyðilagt þúsundir og milljónir hugsanlegra frævísa í blómum á einhverju svæði. Þess háttar grisjun leiðir strax til myndunar stofna innan tegundarinnar.

Hitastig á vorin ákveður alfarið, hvenær brumið opnast. Þannig hefir náttúran útbúið tréð með eins konar innbyggðum hitastilli. Hin ýmsu kvæmi „kvikna“ misjafnlega fljótt, eftir því hve hátt hitastigið er.

Aftur á móti er tíminn, þegar vexti lýkur á haustin, fyrst og fremst ákveðinn af *lengd nætur*, eins og *Sylvén* sýndi fyrstur fram á og áður var greint.

Rannsóknir í gróðurhúsum, þar sem hægt er að stýra öllum þáttum loftslags (fytotron), hafa leitt í ljós, að greni mælir mjög nákvæmlega lengd nætur, sem eykst reglubundið síðari hluta sumars frá einu ári til annars, í stað þess að treysta á lækandi hitastig, sem sveiflast frá ári til árs.

Þegar náttmyrkur verður lengra en hver stofn hefir vanist, bregðast plönturnar við með því að mynda brum, ljúka vexti og búast við haustfrostum.

Á síðustu árum hafa menn dregið lærdóm af þessu í plöntuuppeldi, a.m.k. á Norðurlöndum. Hér eru alin upp kvæmi af ýmsum trjátegundum frá suðlægari slóðum. Fyrir því er þeim hætt við frostskeiddum á haustin. Ekki síst í gróðurhúsum. Gripið hefir verið til þess ráðs að breiða yfir plönturnar svartan plastdúk í

vissan tíma sólarhrings um nokkurt skeið síðsumars. Þær fá lengra náttmyrkur en annars hefði orðið og mynda þar með brum og búast við vetri fyrir en ella.

Í stöðugri birtu vaxa greniplöntur án afláts og mynda ekki brum. Brummyndun á sér þá fyrst stað, er samfelld myrkur verður nógu lengi á sólarhring. Þetta breytist einmitt eftir norðlægri og suðlægri hnattstöðu.

Þannig má slá því föstu, að hjá trjátegundum er lífeðlisfræðilegur munur, sem ákvarðast af daglengd.

Á norðurslóðum skiptir sköpum, að plönturnar búi sig undir vetur í tæka tíð.

Sunnar eykst hættan á vorfrostum, svo að þar skiptir mestu máli að nota plöntur, sem ekki springa of snemma út.

Sem dæmi um viðbrögð rauðgrenis við misjafnri daglengd má nefna eftirfarandi:

Greni á norðurmörkum myndar brum við 2ja tíma myrkvun á sólarhring, greni frá Suður-Svíþjóð þarf 6 tíma og greni úr lágsveitum Mið-Evrópu 7 tíma.

Myrkvunartími á sólarhring, sem gefinn er upp fyrir einhvern tiltekinn stofn innan tegundar, er nefndur „kritísk næturlengd“ fyrir brummyndun. Það er sú lengd nætur, sem framkallar 50% brummyndun á tilteknu úrtaki plantna.

6.2. Mismunandi sveigjanleiki tegunda

Þess var getið snemma í grein þessari, að viðbrögð hinna ýmsu tegunda væru mjög misjöfn, þegar stofnar af þeim eru fluttir úr heimkynnum sínum og reyndir við önnur veðurfarsskilyrði. Sumar tegundir

eru sveigjanlegri en aðrar í þessu efni. M.a. kemur það fram í viðnámi gegn sveppum og sníkjudýrum. Hér á eftir fer yfirlit, sem Norðmaðurinn *Jon Dietrichson* hefir gert um þetta og nær til nokkurra helstu tegunda, sem þekktar eru í skógrækt hér á Íslandi.

Í yfirlitið er bætt atriðum, sem upp hafa komið í ræktun á Íslandi. Sleppt er skógarfuru og douglasþin úr yfirlitinu.

6.3. Vaxtarhættir kvæma af rauðgreni

Í þessari grein hefir verið reynt að skýra með orðum ólíka hegðun kvæmanna gagnvart umhverfinu. Réttara væri kannski að snúa þessu við og segja: Hvernig umhverfið hefir mótað kvæmin.

Sænski skógvísindamaðurinn *Peter Krutzsch* hefir sett upp ágæta mynd, sem sýnir okkur hvernig eðlisþættir rauðgrenis í Evrópu breytast eftir vaxtarstöðum.

Þessi mynd fylgir hér á eftir.

7. Frostþol

7. 1. Mikilvægi þess

Í kaldtempruðum loftslagsbeltum jarðarinnar, svo að ekki sé talað um þau svæði í heimskautabeltum, þar sem trjágróður nær að vaxa, er frostþol sá lífeðlisfræðilegur eiginleiki trjáanna, sem sker úr um möguleika þeirra til þess að lifa af, hvað þá breiðast út og dafna. Þessi eiginleiki er mótaður af þeim aðstæðum, sem nú var reynt að lýsa: Lengd vaxtartíma, sem aftur á móti ákvarðast af hitastigi við upphaf hans og fyrst og fremst sólarhringslengd náttmyrkurs á síðara helm-ingi og við lok hans.

Mat á nokkrum trjátegundum og mikilvægi réttra kvæma

Trjá- tegund	Land- ræktun á Íslandi	Land- ræktun á Norðurlöndum	Land- ræktun á Suðurlöndum	Land- ræktun á Vesturlöndum	Land- ræktun á Suðurlöndum	Land- ræktun á Suðurlöndum
Larix laricina	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun
Picea canadensis	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun
Pinus strobus	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun
Pinus sylvestris	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun	Landræktun

Eftir Dietrichson 1977

Frostþol í þessum skilningi er þó ekki neitt ákveðið og gefið gildi, heldur í hæsta máta afstætt. En þetta gildi er því mikilvægara sem duttlungar veðurfars eru meiri (úthafs- og strandloftslag), en þýðing þess minnkar eftir því sem veðurfar er lögmálsbundnara (meginlandsloftslag).

Skal nú reynt að draga upp sem einfaldasta mynd af því, hvað í orðinu felst, að því er trén varðar. Í meginatriðum lúta jurtkenndar plöntur sama lögmáli.

7.2. Í hverju er frostþol fólgið?

Tré eða planta, sem frýs og þiðnar á víxl og bíður ekki tjón, hlýtur að vera í einhverri ákveðinni viðnámsstöðu til þess að standast slíka raun. Innvortis aðstæður valda því, að frýsting og þiðnun að vissu marki skemma ekki plöntuvefi, sem lífsnauðsynlegir eru fyrir frekari vöxt og viðgang plöntunnar.

Hjá flestum fjölærum plöntum fer frostþol eftir árstíðum. Þannig geta plöntur, sem skaðlaust þola mesta hugsanlega frost að vetrarlagi, stórskaðast eða dáið við -5°C á vorin, sumrin eða snemma á haustin.

Tilraunir hafa leitt í ljós, að það má herða eða veikja tré með því að láta hinar lifandi frumur þeirra þola mismunandi hitastig. Hjá trjám myndast frostþol við 0-+ 15 C hita, ef þetta á sér stað á tilteknu vaxtarstigi og réttu ástandi, þegar efnabreytingar eiga sér stað í vefjum þess.

Þegar trén eru í vetrardvala, er frostþol þeirra mest. Það er hins vegar engin óbreytileg hegðun á síðari hluta haustmánaða eða á veturna. Þar eð hitastigið sveiflast til, breytist einnig frostþolið.

Einkanlega kaflarnir „Genekologi“ eftir Ingegerd Dormling og „Proveniensforskning“ eftir Anders Persson.

Kurs i skogplanteforedling. Norsk Institutt for Skogforskning, Ås 1977.

Einkanlega „Proveniensforskning“ eftir Jon Dietrichson. *Sveriges Skogsförbunds Tidsskrift.* Häfte 1-2 1980. Safn erinda um skógerfðafræði á ráðstefnu skógræktarháskólans.

Víða hefir efni verið dregið að, og er greinin að mestu endursögn og þýðing. Þrír skógvísindamenn á Norðurlöndum, sem um þessar mundir stunda kvæmarannsóknir, gáfu mér góð ráð og sendu mér mest af því efni, sem ég hefi vinsað úr við samningu greinarinnar: *Jon Dietrichson* við Norsku skógræktarrannsóknastöðina, *Peter Krutzsch*, sem starfar hjá skógstjórninni í Jönköping í Svíþjóð, og *Gustaf Hadders*, sem starfar við skógræktardeild sænska landbúnaðarháskólans í Uppsölum.

Skulu nú nefnd þau heimildarrit, sem mér hafa reynst notadrygst:

Genetics of Forest Tree Improvement. Jonathan W. Wright. FAO, Róm 1962.

Introduction to Forest Genetics. Jonathan W. Wright. Academic Press, New York 1976.

Two Hundred Years of Genecology. Olof Langlet. Taxon 20 (5/6), 1971.

Kompedium i Skogsgenetik. Skogshögskolan, Umeå 1980.

Samspil veður- og vaxtarþátta

Árshringur	Veður-áhrif	Skógrækt	Skógræktarþátta	Skógræktarþátta	Skógræktarþátta
Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif
Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif
Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif	Veður-áhrif


Eftir Weiser 1970

8. Heimildir

Lítið hefir verið ritað á íslensku um það efni, sem grein þessi fjallar um. Bið ég lesendur að minnst þess og virða mér til vorkunnar fyrir bragðið, þótt framsetningu sé áfátt.

Einkanlega „Vilken roll kommer forskningen i klimakamrar at spela för den framtida skogsträdsförädlingen?“ eftir Ingegerd Dormling.

Om cotortatallenen och dens odlingsförutsättningar i Norr-



Yfirlit yfir vaxtarhætti mismunandi kvæma af rauðgreni í Evrópu. Eftir Krutch 1975.

land. Stig Hagner och Siggardt Fahlroth. Sv. Skogsför.
Tidsskrift. Häfte-t 1974.

Variasjon i frostresistens hos gran av norsk og mellom-europeisk opprinnelse. Jon Dietrichson. Tidsskrift for Skogbruk. Hefti IV, 1971.

Kaflinn um frostþol er þýddur beint úr þessari grein.

Auk þessara heimilda eru atriði tínd saman úr ýmsum rannsóknaskýrslum, norrænum og breskum. Grein um kvæmi eftir Peter Krutzsch í fjölriti frá 1975 reyndist ákaflega gagnleg, en hún ber enga yfirskrift.

9. Meginatriði

1. Plönturíkinu er skipt í tegundir eftir ytri einkennum.
2. Innan tegunda er arfgengur lífeðlisfræðilegur munur, sem orðið hefir til fyrst og fremst við náttúruval.
3. Veðráttá er langsterkasti þáttur umhverfisins, sem framkallar þessa fjölbreytni.
4. Hitastig og lengd vaxtartíma eru mestu áhrifaþættir í veðráttunni.
5. Hitastig ákveður, hvenær brum trjáanna springa út á vorin. Munurinn á því, hvenær brum springur út, getur verið allt að mánuði hjá tegundum með mikla útbreiðslu.
6. Hlutfall milli hjarta og myrka tíma sólarhrings, þ.e. lengd náttmyrkurs, stjórnar því fyrst og fremst, hvenær brummyndun hefst síðsumars. Tveggja klst. náttmyrkur á nyrstu slóðum rauðgrenis dugar til þess að koma brummyndun á stað, en í sunnanverðri Evrópu þarf sama trjátegund 7 klst. náttmyrkur til þess.
7. Greniplanta, sem vex í samfelldri birtu, myndar ekki brum.
8. Trjákvæmum af norðurslóðum er hætt við vorfrostum, þegar þau eru ræktað sunnar.
9. Suðlæg kvæmi eru í hættu fyrir haustfrostum, þegar þau eru ræktað norðar.
10. Vöxtur suðlægra kvæma er meiri en norðlægra.
11. Hlutfall þurrefnis í furunálum eykst frá suðri til norðurs og frá láglandi til fjalla.
12. Frostþol trjáplantna er afstætt: Það fer eftir árstíma og ástandi plöntunnar. Það er flókið samspil milli þess, sem fram fer í lifandi frumum í líkama plöntunnar og ytri aðstæðna: Raka, jarðvegs, ljóss og hitastigs.

Áhrif vinds og hristings á hæðarvöxt stafafuru

Tveir skoskir skógvísindamenn, sem starfa við skóg-ræktardeild Edinborgarháskóla, *D.J. Rees* og *J. Grace*, birtu á s.l. ári tvær stuttar ritgerðir um efni það, sem fyrirsögnin segir til um, í breska skógræktartímaritinu *Forestry*.

Þetta er efni, sem varðar íslenska skóg- og trjáræktarmenn sérstaklega.

Hér fara á eftir í þýðingu upphafsorð fyrri ritgerðarinnar og stuttar efnisútdráttur beggja.

ÚR INNGANGSORÐUM .

Almennt er talið, að lítill vöxtur á barrtrám. sem plantað er hátt yfir sjávarmáli á Bretlandseyjum, stafi af óblíðri veðráttu á þessum stöðum. Stundum er þetta orðað svo, að þessi tré séu áveðurs. Flestir, sem um þetta hafa ritað, telja, að vindhraði sé veigamikill þáttur í þessu. Að vísu eru menn sammála um, að lágur sumarhiti, snjópýngsli og þurrkur valdi nokkru um þetta líka.

ÚTDRÁTTUR ÚR GREININNI UM ÁHRIF VINDS

Á LENGÐARVÖXT STAFAFURU

Rannsókuð voru áhrif vinds á lengdarvöxt unglantna af stafafuru með því að láta þær vaxa í hólk, sem vindur blés í gegnum. Lengdarvöxtur toppsprota og hliðarsprota minnkaði um 20% í sterkum vindi. Hlutfall milli lengdar á hliðarsprotum og toppsprotum var óbreytt og sama reyndist um þvermálsvöxt. Vatnsinnihald var heldur herra í plöntum, sem uxu í sterkum vindi, en í logni.

Í annarri tilraun kom í ljós, að nálalengd plantanna minnkaði um 30% í vindinum. Ef þessar tilraunir eru bornar saman við athuganir úti á víðavangi - en margar eru slíkar til - er augljóst, að vindurinn er geysimikill umhverfisþáttur, sem hefir neikvæð áhrif á vöxt trjáa.

ÚTDRÁTTUR ÚR GREININNI UM ÁHRIF HRISTINGS Á VÖXT STAFAFURU

Ungplöntur af stafafuru voru látnar hristast stanslaust undir berum himni, og þetta leiddi til þess, að lengdarvöxtur topp- og hliðarsprota varð 20% minni en plantna, sem ekki voru látnar þola hristing. Nálar urðu 10% styttri á plöntunum, sem voru hristar.

Það hafði næstum sömu áhrif, ef plönturnar voru hristar aðeins 24 mínútur á sólarhring, eins og að hrista þær stanslaust.

Sigurður Blöndal

Afleiðingar kalda sumarsins 1979 á trjágróður á Akureyri



Því er oft haldið fram, að Ísland sé á mörkum hins byggilega hluta jarðar. Þessi skoðun mun byggð á því, að veðurfar hér á landi er á eða utan við þolmörk flestra þeirra nytjajurta, sem bera uppi landbúnað nágrannaþjóða okkar. Það má því ekki mikið út af bera með tíðarfar, svo það hafi ekki hin alvarleg-

ustu áhrif á hverskyns ræktun og gróðurfar almennt. Þegar um trjágróður er að ræða, geta óhagstæðar sveiflur í veðurfari orðið sérstaklega afdrifaríkar og eyðilagt árangurinn af margra átátuga starfi. Á Suðvesturlandi er mönnum enn í minni aprílhretið 1963 og eins mun sumarið 1979, eða kannski fremur afleiðingar þess, verða lengi í minnum hafðar norðanlands.

Trjárækt á Íslandi á sér ekki langa sögu. Mikið af þeim trjágróðri, sem ræktaður er á landinu, er enn svo ungur að árum, að hann hefur ekki komist í kast við veðurfarssveiflur eins og þær geta orðið óhagstæðastar. Það er ekki á valdi mannlegs máttar að stjórna veðrinu, en sérhver óáran veitir okkur dýrmæta reynslu, sem ekki má falla í gleymsku. Við fáum þá úr því skorið, hvaða tegundir eða einstaklingar geta staðið af sér hin verstu áhlaup, sem búast má við af íslenskri veðráttu. Gróður sá, sem ekki lætur undan hinum erfiðustu veðurfarssveiflum, er mikils virði til fjölgunar í garða og skóglendi framtíðarinnar.

Það er því ætlunin að lýsa hér þeim afleiðingum, sem hið kalda sumar 1979 hafði á trjá- og runnagróður, afleiðingum, sem einkum komu í ljós á fyrri hluta ársins 1980. Þessar athuganir eru bundnar við Akureyri og þá framar öðru Lystigarðinn, en aðrir garðar og trjáreitir í nágrenninu eru hafðir til hliðsjónar.

Miðað við Ísland er veðráttan í Akureyri trjágróðri mjög hliðholl. Að jafnaði koma mjög hlý tímabil á hverju sumri og stillur eru algengar. Auk þess veitir sá trjágróður, sem fyrir er, mikið skjól. Það má því ómögulega aðhæfa þá reynslu, sem fékkst í þetta sinn, öðrum stöðum á landinu. Reynsla þessa árs getur þó orðið fólki í harðbýlli stöðum nokkur vísbending um það, hvað vert sé að reyna í görðum sínum. Tré og runnar, sem létu ekki hið kalda sumar hafa varanleg áhrif á sig, hafa möguleika á að standa sig vel í meðalári á óblíðari stöðum, þótt aldrei verði fullyrt um það fyrir en að fenginni reynslu.

Segja má að vorið 1979 hafi verið með eindæmum kalt (sjá töflu I). Maímánuður var 6,6°C kaldari en í meðalári og frost mældist í 24 daga þann mánuð. Gróður fór því ekki að bæra á sér fyrr en í júní, en sá mánuður varð hlýjasti mánuður sumarsins og náði hann þó tæplega meðaltalshitafari þess mánaðar. Allur gróður varð því strax í upphafi um fjórum vikum seinni af stað en venjulega og eftir því sem á sumarið leið, dró frekar sundur en saman með þroska gróðurs í samjöfnuði við þroska gróðurs í meðal árferði. Ýmsir runnar, sem bera blóm á vorin eða fyrrihluta sumars (svo sem toppar), voru að blómgast fram undir haust. Allir þessir runnar mynda blómvísa á haustin og vegna þess að sumarið á undan hafði verið afar hagstætt, blómgðuðust þessir runnar mjög mikið. Þessu er svipað farið með lengdarvöxtinn. Hjá sumum trjám (t.d. greni) hafa allar frumuskiptingar í árssprotunum átt sér stað síðsumars árinu áður. Vísarnir að árssprotunum bíða eins og ofurlitlar dvergreinar umvafðir brumhlífum. Í gróandanum taka frumurnar að teygja úr sér og sprotarnir vaxa fram og ná fullri lengd fyrri part sumars. Síðari hluti sumarsins fer í það að safna orku, byggja upp tréni í viðarfrumunum og mynda vísa að nýjum sprotum í brumunum.

Um miðjan september var trjágróður í svipuðu ástandi og hann er vanalega fyrri hluta ágústmánað-



Tré bæld af snjóþýngslum, en þau rétta sig oftast upp aftur. Mynd: S. Bl., febr. 1966

ar. Tré og runnar voru flest búin að taka út lengdarvöxtinn, en þroski árssprotanna og brumanna var mjög misjafnlega á vegi staddur. Tré, sem eru með mjög sérhæfðar frumur í vísunum að árssprotunum, (eins og t.d. greni), höfðu rétt náð að teygja úr sprotunum. Önnur tré, með mun ósérhæfðari frumur í árssprotavísunum, virtust hætta lengdarvextinum mjög snemma á þessu kalda sumri og byrjuðu þau fljótt að búa árssprotana undir veturinn. Hvergi voru aldin þroskuð, nema á nokkrum runnategundum, sem þurfa mjög stutt vaxtarskeið og þroskast aldin þeirra venjulega um mánaðamótin júlí-ágúst.

Hinn 14. og 15. september gerði frost, allt niður í - 3,5°C. Mátti þá strax á eftir sjá, að árssprotar og þá einkum toppar á ýmsum barrtrjám höfðu svignað. Um það leyti voru ekki sýnilegar neinar skemmdir á lauftrjám nema þá helst einstöku tegundum, sem geta hjarað hér á landi, þótt veðráttan sé raunverulega langt fyrir neðan þolmörk þeirra. Hjá þessum tegundum visnar mikill hluti ársvaxtarins á hverju hausti.

Þegar tók að líða að jólum fór barr á árssprotum undanfarins sumars að gulna hjá greni og fleiri barrtrjám. Upp úr áramótum fór barrið að hrynja af greinunum og var barrfallið í algleymingi á þorra og fram eftir góu. Þegar komið var fram undir vor, var megnið af barrinu hrunið af yngstu árssprotunum á nokkrum grenitegundum, en á ýmsum öðrum barrtrjám var yngsta barrið meira eða minna brúnt og visið.

Það var ekki fyrr en komið var vel fram á sumar, að hægt var að dæma um afleiðingar hins kalda sumars árinu áður. Þá varð ljóst, að nokkrar trjá- og runnategundir höfðu ekkert látið á sjá og blómguðust eðlilega. Aðrar voru ókálnar, en blómguðust lítið sem

ekkert. Mjög víða voru brum dauð vegna þess að þau höfðu ekki verið við því búin, að vetur gengi í garð, og greinakal var á mismunandi stigum.

Þrátt fyrir það, að megnið af brumknöppunum hafi skemmst, geta flestar trjátegundir náð sér aftur tiltölulega fljótt. Oft er það svo, að neðstu brumin á greinunum laufgast ekki, heldur er þeim haldið í dvala með tilstilli hormóna, sem endabrumin senda frá sér. Brum þessi mætti kalla dábrum á íslensku. Sum tré geta einnig myndað brum, sem kalla mætti dulbrum, út frá ósérhæfðum vaxtarvef í barklaginu. Það var einkennandi fyrir vorið 1980, að víða voru hin eiginlegu vaxtarbrum dauð, en tré og runnar þurftu að laufgast frá dá- og dulbrumum og urðu því sein til, þrátt fyrir hið einmuna góða vor.

Í töflu II er trjá- og runnagróður á Akureyri flokkaður í sex flokka, eftir því hvernig hann stóð af sér hið erfiða árferði. Sama tegund lendir oft í fleirum en einum flokki. Stafar það annaðhvort af því að skemmdir voru misjafnar hjá hinum ýmsu einstaklingum tegundarinnar eða að skemmdirnar voru á mörkum tveggja flokka og sköruðu báða.

Í þessari skrá eru ekki teknar með nokkrar algjörlega jarðlægar runnategundir, runnar sem árlega þurfa vetrarskýli og plöntur, sem enn standa í uppeldisbeðum. Tegundir, sem ekki eru nokkuð örugglega nafngreindar, eru ekki heldur teknar með.

Rósir voru ekki teknar með í þessa skrá. Megingreinar margra villirósa eru í eðli sínu tví- eða skammærar og því erfitt að átta sig á, hvaða skemmdir eru beinar afleiðingar hins kalda sumars, en svo mikið er víst, að skemmdir urðu mjög miklar á villirósum. Nokkrar tegundir skáru sig þó úr og stóðu sig svo vel, að vert er að geta þeirra sérstaklega. *Rosa moyesii*,



Tuttugu ára gamalt rauðgreni í Lystigarðinum á Akureyri. Myndin er tekin í mars 1980. Barrið er hrunið af öllum yngstu greinunum. Mynd: Jóhann Pálsson.

meýjarós, *R. glutinosa*, límrós, og *R. amblyotis*, hverarós, létu ekkert á sjá og mundu lenda í flokki O. Einnig stóð hinn nýlegi runnarósakynblendingur „*Prairie Dawn*“ sig með afbrigðum vel og er þar sannarlega á ferðinni rós, sem mikill fengur er að í íslenska garða.

Af nokkrum tegundum eru til einstaklingar af mjög mismunandi uppruna. Ef litið er á hina fjölmörgu og breytilegu stofna, sem hér eru ræktaðir af rauðtoppi, kemur í ljós, að þeir eru mjög misjafnir að harðgervi. Sumir létu nær ekkert á sjá, jafnvel þó þeir stæðu áveðra, en flesta kól meira eða minna alveg niður að rót. Einkum virtust þeir rauðtoppar, sem klipptir voru í limgerði, hafa þolað hið kalda sumar illa.

Blátoppur er einnig ákaflega breytileg tegund, sem skipti hefur verið upp í fjölda deilitegunda. Það er auðséð á þeim einstaklingum, sem í Lystigarðinum vaxa, að þeir koma frá ólíkum stöðum. Vaxtartíminn er mislangur og vaxtarlagið breytilegt. Sumir eru þéttir og lágvaxnir, aðrir geta orðið hátt á aðra

mannhæð. Sumir þroska aldin í lok júlí og byrja að fella lauf snemma í september, aðrir standa grænir mun lengur, en aðeins einn runna kól smávegis. Sérstaklega athyglisverð er deilitegundin *Lonicera coerulea ssp edulis*, sem vex austast í Síberíu og er með æt aldin, sem bragðast eins og bláber.

Það er orðið mjög aðkallandi, þegar um jafn-breytilegar tegundir og t.d. þessa framangreindu toppa er að ræða, að velja úr sortir með mismunandi eiginleikum, sem hæfa sem best hinum ólíku hlutverkum, sem þeim eru ætluð.

Það verður ekki horft fram hjá því, að áföll eins og þetta kalda sumar olli, koma illa við sérhvern trjáræktarmann. Mönnum er ekki láandi, þótt þeim fallist hendur í svip, þegar þeir horfa upp á tré, sem þeir hafa fylgst með frá því þau voru smáplöntur, standa visin og dauð, jafnvel hundruðum saman. En þegar búið er að hreinsa burtu það sem skemmdist og það, sem eftir lifir, er farið að vaxa af fullum krafti, fyllast menn ótrúlega fljótt bjartsýni á ný.

Ef á heildina er litið, má segja, að trjágróður hafi furðu lítið látið á sjá þrátt fyrir hið einmuna kalda tíðarfar. Nærri helmingur af þeim 122 tegundum, sem hér eru talðar, eða 58 tegundir lenda í flokki 0 eða I. Með öðrum orðum, þær urðu ekki fyrir neinum skakkaföllum og stóðu sig eins vel og jafnvel betur en hinar íslensku trjátegundir, því það er athyglisvert, að hvorki íslenski einirinn eða blæðspin komust í þessa flokka. Hafa þau þó lifað hér á landi í árþúsundir. 105 tegundir lenda í flokkunum 0-III og má telja þær allar öruggar til ræktunar á Akureyri, að minnsta kosti þar sem sæmilega nýtur skjóls og sólar og eru þó ekki talðar með allmargar tegundir klungurs (*Rubus*) og villirósa.

Þetta er ekki svo lítið úrval tegunda, sem kemur til greina að rækta. Auk þeirra eru ýmsar tegundir, sem gefið hafa góða raun á Íslandi, ekki talðar fram hér vegna þess að ekki er vitað til þess, að þær séu ræktaðar á Akureyri. Ekki má heldur gleyma því, að enn hefur ekki verið reyndur nema hluti af öllum þeim trjá- og runnategundum. sem hugsanlegt er að geti þrífist hér á landi.

Sumarið 1979 er annað kaldasta. sem mælst hefur hér á Akureyri frá því að veðurmælingar hófust fyrir u.þ.b. hundrað árum og er ekki sennilegt, að við eigum eftir að reyna annað eins á næstunni. Þetta sumar hefur fært okkur heim sanninn um, að við höfum úr fjölda þolinna trjá- og runnategunda að velja í garða okkar, trjáreiti og skóglendi. Að ógleymdum þeim möguleikum, sem trjágróðurinn býður upp á við endurgræðslu á örfoka landi.

Hvergi á jörðinni er fengist svo við ræktun, að ekki verði hún fyrir áföllum af og til. Í löndum, sem okkur

Ræktun, hvar sem er á jörðinni, krefst elju og þolinmæði, en umfram allt þekkingar á staðhættum og kröfum þess gróðurs, sem menn fást við að rækta á hverjum stað. Þá fyrst er land byggilegt, að íbúar þess gangi ekki á landkosti, en beri gæfu til að yrkja landið með virðingu og skapa sér þar mannsæmindi umhverfi.

Ræktun, hvar sem er á jörðinni, krefst elju og þolinmæði, en umfram allt þekkingar á staðhættum og kröfum þess gróðurs, sem menn fást við að rækta á hverjum stað. Þá fyrst er land byggilegt, að íbúar þess gangi ekki á landkosti, en beri gæfu til að yrkja landið með virðingu og skapa sér þar mannsæmindi umhverfi.

	Wetland (°C)	Upland (°C)
April	0.2	1.5
May	-0.3	-0.5
June	0.1	0.2
July	0.6	-0.5
August	0.4	-0.2
September	0.1	-0.2
October	0.2	0.0
November	-0.6	0.0

	Wetland (°C)	Upland (°C)
April	0.2	1.5
May	-0.3	-0.5
June	0.1	0.2
July	0.6	-0.5
August	0.4	-0.2
September	0.1	-0.2
October	0.2	0.0
November	-0.6	0.0

Stenopogon:
Hosts:
 — I = Tiger, *Acronyctodes*
 — II = Tiger, *Acronyctodes*, *Acronyctodes*, *Acronyctodes* and *Acronyctodes*
 — III = *Acronyctodes*, *Acronyctodes*, *Acronyctodes* and *Acronyctodes*
 — IV = *Acronyctodes*, *Acronyctodes*, *Acronyctodes* and *Acronyctodes*
 — V = *Acronyctodes*, *Acronyctodes*, *Acronyctodes* and *Acronyctodes*
 — VI = *Acronyctodes*, *Acronyctodes*, *Acronyctodes* and *Acronyctodes*

[illegible]

„Mig langaði að reyna að græða þetta land“

Spjallað við Jón Magnússon í Skuld



Jón Magnússon í Hafnarfirði eða Jón í Skuld eins og hann er oft kallaður er löngu þekktur meðal skógræktarmanna fyrir einlægan áhuga og framtak í trjá- og skógræktarmálum. Hann hefur um árabíl rekið svolitla trjáræktarstöð við Lynghvamm í Hafnarfirði og þangað hefur margur leitað í ræktunarhugleiðingum.

Árið 1945 fékk Jón landspildu á leigu hjá Hafnarfjarðarbæ, 1 1/2 ha syðst í Klifsholtum fyrir sunnan Hafnarfjörð, þar sem kallað er Smalaskáli. Þar hefur Jón unnið að gróðursetningu og ræktun allar götur síðan með góðum árangri. Fjölskrúðugur og blómlegur trjágróður, sem þrýðir nú þessa spildu, ber þess ótvírætt vitni hvernig breyta má blásnum melum og rofabörðum í unaðsreit.

Jón var sóttur heim í byrjun mars á þessu ári og tekinn tali í fullvissu þess að áhugafólk um þessi mál geti sitthvað af honum lært.

Hafnarfjörður á sér nokkra sérstöðu að því er trjárækt varðar. Snemma á öldinni kom fólk sér upp trjágörðum við hús sín þar og garðurinn í Hellisgerði mun vera einn elsti lystigarðurinn á landinu. Þau eru því miður ekki mörg smærri sveitarfélögin hérlandis sem geta státað af slíku menningarframtaki, en það mun hafa verið málfundafélagið Magni í Hafnarfirði sem upphaflega stóð að stofnun garðsins og gróðursetningu í hann um 1924.

„Ég held að ég hafi fengið áhugann á trjárækt með móðurmjólkinni“, segir Jón þegar hann er um það spurður, en æskuheimili hans var í Skuld sem var grasbýli í brekkunni sunnan við Jófríðarstaði í Hafn-

arfirði. „Að minnsta kosti var það fyrir atbeina móður minnar að ég setti niður mínar fyrstu plöntur í tóftarbrot þess bæjar þar sem ég fæddist. Þá mun ég hafa verið um fermingu eða árið 1916.

Árið 1930 útbjuggum við systkinin garð fyrir framan húsið í Skuld sem var orðinn mjög fallegur þegar honum var rutt burt um 1953. Húsið varð svo líka að víkja stuttu síðar fyrir Hringbrautinni. Árið 1932 keypti ég lítið gamalt hús á stórrí lóð og hóf strax að koma þar upp trjágarði. Tíu árum síðar stækkaði ég garðinn til mikilla muna og byggði þar annað hús sem er Suðurgata 73. Fyrir þann garð fengum við hjónin viðurkenningu frá Fegrunarfélagi Hafnarfjarðar. Og enn er ég ekki langt frá æskustöðvunum því þetta hús mitt hér við Lynghvamm stendur aðeins um 75 metra frá gamla bæjarstæðinu í Skuld. Og hér hef ég trjáræktarstöðina. Reyndar hafði ég líka á leigu góða spildu af landi sem tilheyrði Jófríðarstöðum þar sem ég var búinn að vinna mikið við jarðvegin, en missti hana þegar bærinn keypti Jófríðarstaði og úthlutaði landinu til íbúðabygginga. Alls mun stöðin hafa verið um 1 1/2 ha.

Ég starfaði lengst af sem bílstjóri, en lagði stund á trjárækt í frístundum. Síðustu tíu árin hef ég þó snúið mér eingöngu að plöntu-uppeldi og plöntusölu hér úr stöðinni“.

Í gróðrarstöðinni hjá Jóni er allt með miklum myndarbrag þótt ekki sé hún stór. Það er auðséð á öllum verksummerkjum þótt allur gróður sé í vetrardvala. Þar bíða trjáplönturnar, hver tegund í sínum reit, eftir því að komast „út í lífið“ eins og sagt er, eftir að Jón hefur farið um þær varfærum höndum í nokkur ár.

Úr stöðinni hefur Jón flutt árlega fjölda plantna í spilduna í Klifsholtunum og hann er beðinn að segja frá trjáræktinni þar.

„Þegar ég fékk landið árið 1945 var þar lélegur jarðvegur, lyngbörð og niðurfallnar barðabrúnir, en smáaxið birkikjarr á einstaka stað, eins og raunar sést

enn utan girðingarinnar á þessu svæði. Ég man vel eftir tveimur runnum sem náðu manni í mitti. Ekki var það nú meira.

Ég klippti megnið af þessu kjarri niður og það hefur lagast. Þó er órækt í því og það er ósambærilegt við þær plöntur sem ég hef flutt þangað eða sáð til. Þær eru svo miklu betri.

Við girtum landið strax 1945 og fórum að planta í það ýmsum tegundum árið eftir. Þær tegundir, sem hafa dafnað hvað best, eru sitkagreni og stafafura. Sömmuleiðis hafa vaxið bergfura, rauðgreni og blágreni. Öspin spjarar sig vel en lerkíð hefur átt í erfiðleikum.

Fyrstu árin setti ég niður fjallafuru og skógarfuru, en skógarfuran varð lúsinni að bráð eins og víðar. Hún bara þurrkaðist út. Þá var hún komin upp í meters-hæð svo þetta var töluvert óhapp. Sitkagrenið hefur náð mestri hæð eða upp í 8 metra. Ég hef ekki tölu á fjölda plantna þarna, en veit að þær eru margar og hafa yfirleitt staðið sig vel.

Sumt kom mér á óvart við gróðursetninguna. T.d. plantaði ég fyrir nokkrum árum 50 stk. af rauðgreni á flöt fyrir framan húsið á spildunni í besta jarðveg og um 200 stk. uppi í brekkunni fyrir ofan í lélegri jarðveg. Svo fór að allt rauðgrenið í besta jarðveginum drapst, en þau í brekkunni hjörðu í 7-8 ár. Þá fóru þau allt í einu að taka við sér og eru nú orðin hin myndarlegustu tré 2-4 metrar á hæð. Þá voru þau loks búin að mynda nægilegt rótarkerfi.

Ég er nú búinn að full-planta í þennan 1 1/2 ha sem ég fékk upphaflega. Fyrir nokkru fékk ég á leigu meira land og fræði út girðinguna í allar áttir svo nú



Jón í Skuld í gróðrarstöð sinni í Hafnarfirði. Mynd: S. Bl., júní 1981.

hef ég þarna 5 ha, en í viðbótinni var mesta ótuktarland - grýttur jarðvegur eða enginn og moldarflög á milli. Þetta var land sem víðast var vonlaust að planta í eða koma við haka, en mig langaði að reyna að græða það upp.

Þarna sáði ég birkifræi - jós því úr lófa mínum og bar svolítið fiskimjöl á tvisvar sinnum. Síðan hef ég borið á þetta einstaka sinnum blandaðan garðáburð og nú eru hæstu plönturnar af þessu sána birki komnar í seilingarhæð og ég búinn að sá í megnið af viðbótarlandinu.

Fræinu safna ég sjálfur og gæti þess vandlega að velja fræ af góðum plöntum. Tré af þessu fræi eru miklu fállegri en af því sjálfsána og ég hef góða von



Úr gróðrarstöð Jóns í Skuld í Hafnarfirði. Mynd: S. Bl., júní 1981.



Frá reitnum hans Jóns í Klifsholtum ofan Hafnarfjarðar.
Mynd: S. Bl., júní 1981.

um að þessum plöntum muni vegna vel. Nú finnst mér verst að hafa ekki sáð meiru strax, en ég hafði ekki nógu mikla trú á að þetta bæri árangur.

Ég álit að slíkri sáningu fræs sé ekki nógu mikill gaumur gefinn. Þessi aðferð er einföld og kostnaðarlítill. En skilyrði eru auðvitað að landið sé alveg friðað fyrir ágangi.“

Þar sem vænta má að margan áhugamanninn fýsi að stunda upp á eigin spýtur birkifræssöfnum, sáningu og plöntu-uppeldi, var Jón beðinn að fara nokkrum orðum um það hvernig hann hagar þessu starfi:

„Birkifræið telst þroskað að jafnaði síðast í september og október“, sagði Jón, „en þeir sem safna fræi verða að leggja mikla alúð við að taka það af falletum og lífvænlegum trjám. Fræið er nokkuð vandgeymt yfir veturinn. Best er að breiða úr því og þurrka það í vægum stofuhita í nokkrar vikur og hræra varlega í því við og við. Síðan má geyma það í léreftspoka á þurrum en köldum stað, t.d. á hanabjálkalofti, uns því er sáð um miðjan apríl eða eins snemma og hægt er. En þá verður að gæta þess að moldin sé ávallt rök. Við bestu kjör ættu fyrstu plönturnar að sjást eftir 10-15 daga.

Þegar ég sái til plöntu-uppeldis hér í stöðinni sái ég í kassa og set plast yfir. Plast er betra en gler. Þegar kemur fram í maí getur verið gott að láta lofta ofurlítið undir plastið en ég hef þetta byrgt út júní og fram í miðjan júlí. Þá tek ég plastið ofan af þegar heitast er og sól er mikil.

Þegar kemur fram í október fer ég að taka plönturnar úr sáðreitunum, flokka þær og slæ þeim niður í

þéttar raðir úti. Næsta vor planta ég þeim í beð þar sem þær eru í tvö til þrjú ár og þá eru þær tilbúnar til flutnings og gróðursetningar. Bestu plönturnar geta náð 40-50 cm hæð á fyrsta ári og sumar eru orðnar 1,50 m á hæð eftir 3 ár í beði.

Þegar sáð er úti í náttúrunni er mín reynsla sú að bestur árangur náist þar sem er *gróður-* og *jarðvegslítið* og nokkuð grýtt því grjótið veitir viðnám. Og sáningin má gjarnan fara fram fyrir síðustu frost á vorin.

Á fyrsta árinu eru plönturnar svo litlar að þær sjást varla með berum augum, en þær fara að koma í ljós á 2. og 3. ári. Þær þarf að bera á, en ekki of mikið. Og auðvitað þarf að friða landið. Annað þarf ekki - nema ef vera skyldi að spjalla svolítið við þær.

Sjálfur er ég sannfærður um að með þessu móti er hægt að koma upp yndislegum birkigróðri á ýmsum stöðum þar sem vonlaust er að gróðursetja á annan hátt. Þetta tekur bara sinn tíma“.

Árangurinn af þessu starfi Jóns Magnússonar í Skuld blasir við augum vegfarenda sem leggja leið sína suður fyrir Hafnarfjörð í átt að Kaldárseli. Í Klifsholtunum hafa reyndar fleiri en hann komið sér upp sumarbústöðum og myndarlegum trjágróðri í kring innan girðingar. Utan girðinganna er ótuktarland, gróður- og jarðvegslítið eða snautt og nokkuð grýtt, með einstaka birkihrísluleifum, eins og Jón lýsti hinu upphaflega útliti á sínu landi.

Gaman væri ef menn tækju höndum saman að fenginni alfriðun, söfnuðu birkifræi og sáðu í þetta svæði og önnur álíka úr lófa sínum og gæfu því þann hlýlega svip og það útlit sem landið á raunverulega skilið.

Hindurvitni og trjáatrú



Áður en lagt verður upp í lestur þessa greinarkorns, er ástæða til að vekja athygli á yfirskrift þess, Hindurvitni og trjáatrú.

Í daglegu máli notum við orðin hindurvitni, hérvilla, kerlingabækur, hjátrú og bábilja öll í sömu merkingunni, við notum þau yfir fyrirbæri, helst frá gamalli

tíð, sem við hvorki skiljum né geta samrýmst vitsmunum okkar og þekkingu á fyrirbærum náttúrunnar, eða trúarhugmyndum og rökhyggju.

Flest þeirra orða, sem upp voru talin, skýra sig sjálf, aðeins tvö þeirra þurfa skýringar við, en það eru orðin bábilja og hindurvitni.

Orðið bábilja er talið dregið af franska orðinu „babil“ sem þýðir að babla um börn. Slík orð eru kölluð hljóðorð, eftirhermuorð væri líklega réttara að kalla þau. Bábilja er því eins konar hjal ómálga barns og óvita, algerlega merkingarlaust.

Öðru máli er að gegna um orðið „hindurvitni“.

Í Stafsetningarorðabók dr. Halldórs Halldórssonar segir að frummerking þessa orðs sé vitneskja um eitthvað sem á bakvið er. Orðið er, segir dr. Halldór, rótskylt sögninni að hindra, hindring á dönsku og orðið hindurvitni sé myndað af gotnesku forsetningunni „hinda“ sem þýði á bak við (sbr. hinter á þýsku, innsk. höfundar) og sögninni að vita.

Það er einmitt í þessari frummerkingu sem orðið hindurvitni er notað í fyrisögn þessarar greinar með því að henni er ætlað að fjalla um fornan átrúnað á tré, sem komist verður að með því að skyggast á „bakvið“ eða réttar sagt undir yfirborð þjóðtrúar, þjóðsagna og fornra siðvenja og heimilda séu þær fyrir hendi.

Vitað er að einhverskonar átrúnaður á tré og meðfylgjandi dýrkun þeirra hefur viðgengist með mönnum svo langt sem rakið verður.

Vitnisburð um þennan átrúnað er ekki aðeins að finna í þjóðtrú, þjóðsögum og fornum arfsögnum, heldur einnig í margvíslegum hindurvitnum, sem varðveist hafa um þessa fornu trjáatrú.

Sleppt skal hér að minnst á öll þau lífsins tré sem fjallað er um í trúarbókum, aðeins minnst á lífsins tré hinnar fornur norrænu heiðni, Ask Yggdrasils, og átrúnað á hann, sem talið er að við séum minnt á, á hverjum jólum þegar við flytjum hið sígræna jólatré inn í hús vor. Sá siður, hingað kominn frá Dönum, en þeir höfðu hann frá Þjóðverjum, er af fræðimönnum talinn „hindurvitni“ um þennan gamla átrúnað og þá í sambandi við jólablótíð.

Ekki er vitað, til hvaða trjátegundar Askurinn taldist, nema hvað hann var sígrænn og óx upp í sjálfan himininn, innan um stjörnur og norðurljós, en einmitt kertaljósinn og glitrandi glingrið sem við skreytum jólatréð með eru talin eiga að tákna hinn mikla vöxt hins heilaga baðms, eins og Askurinn er kallaður í Snorra-Eddu.

Öðru máli gegndi um þau tvö önnur tré sem dýrkuð voru um norðanverða Evrópu um það bil sem sögur hefjast, eikina og reyniviðinn, bæði helguð Þór.

Hvarvetna sem eikin óx var átrúnaður á hana, en þó einkum á vissar ginnheilagar eikur svo sem Þórseikina í Hessen í Þýskalandi og eikina frægu hjá Uppsölum í Svíþjóð. Hindurvitni um þennan gamla eikarátrúnað í Svíþjóð er talinn dansinn kringum greinum-prýdda maí-stöngina og jafnvel Valborgarmessan. Til hindurvitna um þessa gömlu Þórsdýrkun má telja sænskan sið sem enn viðgengst sumstaðar að lækna með eik á fimmtudegi, þ.e. Torsdag-Þórsdegi.

Dálæti Breta á mistilteininum á jólum, er talið hindurvitni frá þeim tíma að mistilteinn, sem óx á eikartré, var talinn sérstaklega heilagur og mikið lánsmerki að hafa hann í húsum sínum.



*Reynitrén á Skriðu í Hörgárdal voru gróðursett árið 1826.
Mynd S. Bl., maí 1980.*

Nokkuð er auðskilið hvers vegna eikin varð hið útvalda tré þrumuguðsins hvaða nafn sem hann bar, Seifur, Júpiter eða Denar, hjá Germönum, en það nafn varð að Þónarr eða Þór meðal norrænna manna. Sú útvalning er talin stafa af því að eikartré verða miklu oftari fyrir eldingum en önnur tré í skóginum og þegar hún brennur þá logar hún ekki, heldur verður að glóandi eldstólpa líkt og þýrnirunnurinn sem guð talaði við Móse frá, á sínum tíma.

Ekki er eins augljóst hvað olli því að reynirinn var helgaður Ása-Þór. Að vísu segir Snorri frá því í Eddu sinni að reynirunnur hafi eitt sinn bjargað honum frá drukknun í ánni Vimur og eftir það var reynirinn kallaður Þórsbjörg, og svo er að sjá af ýmsum „hindurvitnum“ að átrúnaður á reynivíðinn hafi verið mikill meðal heiðinna manna, einkum þó Dana.

Hvað olli því að þessi helgi helst áfram á reyninum í kristnum sið er ekki vítað nema ef vera kynni að því hafi valdið veraldarhyggindi einhvers kristniþóðans, sem taldi áheyrendum sínum trú um að krossinn sem Kristur var negldur á, hafi verið smíðaður úr reynivíð, en það er útbreidd þjóðtrú í Danmörku. Hafi menn trúað því er auðskilið að helgi reynisins hafi ekki verið minni í kristnum sið en heiðnum.

Eftir íslenskum heimildum að dæma virðist hvortveggja helgin, sú heiðna og sú kristna, hafa borist til Íslands með landnámsmönum eins og nú verður sýnt.

Í Landnámu er sagt frá landnámsmanninum Þóri snepli Ketilssyni brimils er nam Fnjóskadal „ok bjó at Lundi; hann blótaði lundinn“, segir þar.

Af því sem vítað er um helgi reynisins í heiðnum sið, má telja víst að lundur sá sem Þórir snepill dýrkaði, hafi verið reynilundur.

Hvort önnur örnefni, en þau eru allmörg, sem kennd eru við reyni eða lund, séu tengd heiðnum átrúnaði, eins og bæjarnafn Þóris, er ekki vítað þótt líklegt sé að svo hafi verið, þar sem þau hafa sennilega verið gefin á meðan landnámsmenn voru að helga sér lönd, flestir heiðnir.

Hér að framan var minnst á þann möguleika að heiðinn átrúnaður á reyninum hafi snúist í kristinn átrúnað er menn fóru að trúa því að víður þessi tengdist krossdaða frelsarans. Hafi svo verið má telja víst að sú samsömun hafi ekki gerst árekstralaust.

Í íslenskum heimildum er til sögubrot sem gæti verið gamalt hindurvitni um þessi átök hinna tveggja siða, heiðinnar og kristinnar. og enn fremur um það, að svokallaðir landnámsmenn hafi ekki alltaf komið að „tómum kofunum“ er þeir settust að og helguðu sér landið.

Framan við fyrra bindi Sturlungu er þáttur af Geirmundi heljarskinni sem talinn er að hafa numið land á Skarðsströndinni og búið að Geirmundarstöðum undir Skarði. Landnáma segir enn fremur um Geirmund að hann hafi verið mikill herkonungur í Noregi sem herjað hafi í vesturveg. Í slíkum herleiðöngum var gjarnan herjað á Írland, sem þá var orðið kristið.

Sagan sem Sturlunga segir af Geirmundi er á þessa leið, þó nokkuð stytta og aukið í skýringum.

Í landi Geirmundar óx reynilundur í hvammi einum sem honum var meinilla við, aðallega af því, eins og segir í þættinum, „at ávallt er ek lít þangat þá skrámir (skín) þat ljós fyrir augu mér, at mér verðr ekki at skapi. Ok þat ljós er ávallt yfir reynilundi þeim, er þar er vaxinn einn samt undir brekkunni“. Svo illa var Geirmundi við lundinn og hvamminn að hann lét hella niður mjólkinni úr þeim ám, sem þar gripu niður. Tæpast fer hjá því að þessi ímugustur Geirmundar á lundinum hefur stafað af ljósunum, sem hann sá loga yfir honum, sem báru þess vitni að lundurinn var helgaður hinum nýja sið, sem Geirmundur hefur álitit svo kynngimagnaðan að hann mengaði mjólkina úr ánum sem bitu gras í hvamminum þar sem lundurinn óx.

Höldum nú frásögn Sturlungu áfram:

Þá er það eitt sinn er smalamaður Geirmundar vaknar að hann sér að fé er komið í hvamminn og verður ákaflega hræddur og flýtir sér allt hvað hann

má til að reka féð úr hvamminum áður en Geirmundur kemst að því hvar það hafi verið. Hversu mjög sem smalamaður flýtir sér, verður Geirmundur þó var við hvað hann aðhefst og hleypur til smalamannsins og sér þá að hann hefur reynivönd í hendi til að keyra með féð. „Ok verður hánunum svá illt kallt (reiður)“ eins og orðrétt stendur, að hann hleypur að smalamanninum „ok hýðir ákafliga mjök ok biðr hann aldri gera oftari að berja fé hans með þeim viði, er í þeim hvammi er vaxinn, en þó einna síst úr reynirunninum.“ Geirmundur lét svo taka vöndinn og brenna í eldi „en búfé sitt lét hann reka í haga ok ónýta nyt undan á þeim degi.“ Inn í þessa frásögn af viðureign Geirmundar og smalans er fléttuð frásögn af því að kirkja hafi verið byggð þar sem reynirinn óx, sem bendir til helgi staðarins í hugum kristinna manna.

Ljósinn yfir reyninum ganga aftur í íslenskri þjóðtrú og þjóðsögnum.

Sagt er, að ef komið sé að reynihríslu á jólanótt, þá logi ljós á öllum greinum hennar sem ekki slokkni hvað mikið sem blæs. Margar fleiri hindurvítnasögur um helgi reynisins eru í íslenskum þjóðsögum, sumar auðsjáanlega komnar úr heiðni, aðrar úr kristni. Fagrar eru þjóðsögurnar um að reynirinn vitni um sakleysi fólks. Þá sprettur hann upp af leiðum þeirra sem líflátnir hafa verið saklausir. Sagt er frá tveimur systkinum, öðrum í Vestmannaeyjum og hinum á Möðrufelli í Eyjafirði þessu til staðfestu.

Á leiðum Vestmannaeyjasystkinanna, sem voru sitt hvorum megin við kirkjuna, spruttu upp tvö reynitré sem urðu svo há að krónur þeirra fléttuðust saman yfir kirkjumæninum. Reyniviður við Geldingsá á Svalbarðsströnd er þannig tilkomin, segir þjóðsagan, að hann „óx þar upp er vinnukona fleygði barni sínu fram af fossinum“.

Reyniviðartrúin virðist hafa verið ótrúlega lífseig. Jafnvel frá seinni öldum eru til óljósar sagnir af tveim reynitjálm í Skaftafellssýslu sem átrúnaður var tengdur við, eftir því sem Kálund hinn danski segir í ferðalýsingu sinni. Annað átti að hafa verið við Reyni í Mýrdal en hitt í Kirkjubæjarsókn.

Ekki verður það beinlínis eftir íslenskum heimildum haft, að átrúnaður hafi verið á birki, þótt vitað sé að slíkur átrúnaður þekktist hjá Norður-Rússum og Sömum, en þó er til gamalt örnefni sem gæti verið „hindurvítni“ um slíkan átrúnað. Í Grímsnesi er örnefnið „Blótabjörk“, nú notað um vatnstæðu sem vatn stendur uppi í á vetrum. Kannski hefur eitt sinn þarna staðið fagurlimuð björk, sem einhverjir hafa blótað líkt og Þórir snepill gerði við lundinn sinn.

Hafi svo verið er ekkert líklegra en hið íturvaxna birkitré hafi orðið að gjalda hins nýja síðar með lífi

sínu eins og, endur fyrir löngu, Þórseikin fræga í Þýskalandi, sem Bonifatius Þjóðverjapostuli lét hoggva.

*) Samkvæmt ósk greinarhöfundar ritaði dr. Jakob Jónsson próf. Pierre Benoit við hinn franska skóla í Biblíufræðum og fornfræðum í Jerúsalem og spurðist fyrir um, hvort fyrir lægju nokkrar upplýsingar um viðartegundir. Sem sérstaklega hefðu verið notaðar í krossa á Kristis dögum. Svar prófessorsins barst ekki nógu snemma til þess að greinarhöfundur gæti haft þess not, þegar hann samdi fyrirlestur sinn. Þess má þó vænta, að lesendum þyki fróðlegt að kynnast því, sem próf. Benoit hefir um málið að segja. Því er hér tekinn upp megin-kafinn í bréfi hans til dr. Jakobs, sem hefir snúið því á íslensku:

1. Viðsvegar um heiminn eru til „helgileifar“, sem talið er, að stafi frá krossi Jesú. Mr. Rouhault de Fleury lét rannsaka sumar þeirra í Róm (í kirkju hins heilaga kross frá Jerúsalem), í Pisa (dómkirkjunni), Florence (Dame), Paris (Notre-Dame). Niðurstaðan varð sú, að allar þessar helgileifar (relics) væru gerðar úr furu (pine). En má ég taka fram, að ég er ekki of trúður á, að þessar helgileifar séu ekta. Dict, „Catholicisme“, Paris III (1952)326.

2. Meiri þýðingu hefir uppgötvun, sem gerð var árið 1968 í Jerúsalem. Í grafreit (necropolis) fundust, ásamt beinum úr fjölda manns, tvö hælbein af manni, og voru þau gegnumstungin af nagla: Maðurinn hafði áreiðanlega verið krossfestur. Milli naglahaussins og beinanna voru leifar af tréplötu úr acaciu-viði eða pistaciu, og á naglaoddinum voru agnir úr olíuviði (Olive wood). Sjá Israel Exploration Journal 20 (1970) 38-59 (N. Haas), Ibid. 23 (1973) 13-22 (V. Vadin) Catholic Biblical Quarterly 40 (1978) 496s (J. A. Fitzmeyer). Leifar þessar eru um það bil frá dögum Jesú. Þess vegna gefa þær þýðingarmiklar upplýsingar. Með því er ekki sagt, að allir krossar hafi á þessum tímum verið gerðir úr acaciu eða olíuviði. En þessi tré voru fremur algeng í landinu og allsennilegt, að þau hafi verið notuð.

Próf. Benoit nefnir tvær ritgerðir um helgisagnir, er snerta krossinn. Ekki er ástæða til að rifja það upp hér. En dr. Jakob Jónsson hefir bent greinarhöfundi á, að í „Sögu krossins“, sem til er í all-mörgum handritum á íslensku, séu fleiri en ein trjátegund nefnd sem efniviður í krossinn, svo sem birki og eik. Sbr. ritið „The History of the Cross-tree down to Christ's Passion“, Icelandic Legend Version ed. by Mariane Overgaard, Kbh. 1968. Auðvitað er matsatriði, að hve miklu leyti nöfnin á viðartegundunum eru valin með tilliti til trúarhugmynda og að hve miklu leyti er um skáldaleyfi að ræða. Mætti þá einnig bera saman við rímnakveðskap.

Um skóga og kvistlendi í Fnjóskadal á nítjándu öld



Guðmundur Davíðsson, höfundur greinar þeirrar, sem hér fer á eftir, var af svonefndri Reykjaætt í Fnjóskadal og lifði allan sinn aldur í þeirri sveit.

Hann fæddist að Bakka 12/7 1825, en fluttist þaðan fimm ára að aldri með foreldrum sínum að Reykjunum og ólst þar upp. Bóndi var hann í Hjaltadal árin 1847-1876 og síðan í

Fjósatungu til 1905. Þar var hann svo áfram, í skjóli Guðbjargar dóttur sinnar og manns hennar, Ingólfs Bjarnarsonar alþingismanns, til æviloka, 9/8 1914. - Guðmundur Davíðsson var meðal merkustu bænda í Fnjóskadal á sinni tíð, og hreppstjóri þar um skeið samtímis Tryggva Gunnarssyni, áður en sveitarstjórnir voru kjörnar samkvæmt lögum. Hann var einlægur umbótamaður og hygginn bóndi. Óeigingirni hans og hjálpssemi var við brugðið. Meðal annars lét hann sér mjög annt um menntun barna og unglunga í sveit sinni og gaf hálfa bújörð þeim til fræðslustyrks.

Eiginhandarrit Guðmundar, sem þessi grein er prentuð eftir - og mun verða geymt í Héraðsskjalasafni Þingeyinga - er skrifað að hluta 1894, en ekki lokið fyrr en 1898. Úr því er hér birt, óbreytt að orðfæri, allt það efni sem varðar skóga og kvistlendi í Fnjóskadal, enda mun þetta vera yfirgripsmesta og trúverðugasta samtímaheimild, sem völ er á um það efni. Hins vegar fellt niður (og auðkennt hér með punktum) annað efni í handriti Guðmundar, sem einkum varðar geitfé og jarðabætur.

Ljóst er, að viðhorf bónda, er barðist sinni baráttu á þessum slóðum allan síðari hluta nítjándu aldar, hlaut að vera nokkuð annað til skóga en okkar nú á dögum. Hann varð fyrst og fremst að treysta á vetrarbeit og reytingsheyskap. Vatnsveitur voru mikið um hönd hafðar, til vökvunar

á harðvelli og til útfærslu graslendis. Sléttun túna var að hefjast, en áburðarskortur tilfinnanlegur.

Yfirskrift greinarinnar er gerð af undirrituðum.

Jón Kr. Kristjánsson.

Stefán Karlsson handritafræðingur hefur lesið grein þessa yfir og borið saman við eiginhandarrit Guðmundar.

Hnjóskadalur er herleg sveit,
í Hnjóskadals vildi ég búa reit,
í Hnjóskadal hrisinn sprettur.
Í Hnjóskadal finnst hafur og geit,
í Hnjóskadal mörg er kindin feit,
Hnjóskadals hæsti er réttur.

Hnjóskadal byggir heiðursfólk,
í Hnjóskadal fæ ég skyr og mjólk,
í Hnjóskadal hef ég ljóma.
Hnjóskadalskjötið heilnæmt er,
Hnjóskdælir gefa flot og smjer,
í Hnjóskadals björtum blóma.

Þannig kvað Látra-Björg á sinni tíð, sem var átjándi öldin, að frádregnum fyrsta og síðasta tug hennar. „Í Hnjóskadal hrisinn sprettur“ má segja enn í lok nítjándi aldar, því að þar er enn mikið kvistlendi. Skógur er nokkur (á) Sigríðarstöðum, Hálsi, Vöglum, Lundi og mestur á Þórðarstöðum, smærri skógur á Þverá, Melum, Belgsá með Bakkaseli, Sörlastöðum, Tungu, Reykjum og lítið eitt á Bakka. Skógarnir hafa sprottið ótrúlega mikið fimm síðastliðin sumur.

Smávaxinn fjalldrapi er víða á láglandinu í mounum, allsstaðar innan um birkiskóginn, í fjöllunum og Vaðlaheiðinni upp í brúnir. Bleikvíðimörk er á Sörlastöðum neðan og utan við túnið, og er línun umhverfis mörkina rúmir eitt þúsund faðmar, runnar sumir

meir en tvær álnir á hæð. Þessi viðartegund er víða innan um skógana og fjalldrapann, og er hið besta fóður til þrífa. Grávíði(r) er meira ofar í fjöllum og um fjallabrúnir í skörðum, giljum og dældum. Lauf hans er stórt og hið besta fóður. Þessar víðitegundir spretta víða í jarðrótinni í högum og engjum og bæta og auka hagann og heyið mikið. Krækilyng er allsstaðar innan um viðarlandið, og þar að auki víða innan um graslendið. Muðlingalyng [þ.e. sortulyng], aðalbláberjalyng, bláberjalyng og beitleyng er einninn nokkuð víða.

Einir og sauð(a)mergur er lítið eitt, helst á óbyggðu dölum. Viðartegundir þessar hafa verið og eru enn fóðurforði búpenings dalbúa.

Birkiskógarnir og víðimerkurnar voru miklu stórvaxnari á átjándu öldinni, en hafa síðan mikið eyðst og smækkað, bæði af náttúrunnar og manna völdum, sem skal getið um að nokkru hér. Náttúran hefur eytt hrís á sjöfaldan hátt, nefnilega: 1. jarðeldur, 2. ormur, 3. kal, 4. skeljaskari, 5. skriður, 6. snjóflóð, 7. snjóþyngsl. Þegar ég var litill drengur, heyrði ég oft á ræður föður míns sáluga og vinnumanns hans, Jóns Péturssonar, um skógana sem annað. Komu þá oft fyrir þessi orðatiltæki: „áður en skógarnir féllu“, „þegar skógarnir féllu“, „eftir að skógarnir féllu“. Þetta skógarfall var afleiðing af jarðeldinum, þegar Skaftárjökull gaus vorið 1783. Þá kom svo mikill sandur á glugga, að koldimmt varð í húsum um hádag. Fjarskamikil móða var í lofti allt sumarið, og sólin sýndist rauð sem blóð. Svo mikil óhollusta var í högum og heyi, að búpeningur hrundi niður flest, nema þar sem til voru gömul hey, þar lifðu skepnurnar miklu framar. Vorið eftir var kallað „Dauðavor“. Þá dó fólikið, og lögðust fimmtán bæir í eyði hér í dalnum næsta árið ... Í þessari plágu féllu skógarnir.

Ormur eyðilagði fjalldrapa á stórum pörtum í Snæbjarnarstaða- og Sörlastaðalandi sumarið 1855. Viðurinn lá laus á jörðinni og var sumstaðar rakaður saman með kláru úr bingi og kesti og notaður í eld. Þá eyddi ormur víðimörkinni á Sörlastaðum, svo að allur hærri víðirinn varð að spreki, sem allt var notað til eldsneytis. Víðirinn spratt fljótlega upp aftur, og fjalldrapinn er nú að vaxa og færast út eftir 40 ár. Ormurinn étur lafið af viðnum, þá visnar viðurinn og verður að spreki.

Vorið 1830 flutti faðir minn, Davíð Bjarnason, frá Bakka að Reykjum. Þá var víðlendur birkiskógur á Reykjum, ekki stór, en vel brúklegur til húsatróðs og kolagerðar og heldur blómlegur, einkum í miðju skógarlandinu, en feysknari heimantil og fram við Gönguskarð. Þar var og töluvert af feysknum víðri, sem allur var notaður til kolagjörðar, en mikið hlíft betri skóginum og tróð höggvið.



Friðað land: Þessar þrjár bjarkir standa utarlega í Vagla-skógi skammt ofan við þjóðveginn. Mynd: S. Bl., júlí 1979.

Vorið 1847 eða 1848 visnaði allur þessi skógur af kali. Þegar skóginn kelur, er sú orsök, að á vorin í góðri tíð lifnar skógurinn fljótlega. Komi þá regnskúr mikil, og svo snögglega grimmðarfrost á votan skóginn, þá kelur hann ..

Skógurinn fúnaði allur og lá flatur á jörðunni. Þá sagði Ari Sæmundssen [umboðsmaður jarðarinnar]: „Nú eru mestu herlegheit Reykja farin“.

Nú er kominn blómlegur smáskógur víða í þetta gamla skógarland og hefur mikið vaxið næstliðin sumur.

Skeljaskari verður þannig til: Fyrst kemur snjódrífa á hjarn, svo rigning, og þar næst frost. Verður þá svellskelin efst á snjódrífunni. Svo kemur fjarska veður og mylur skelina, og skelin heggur og slitur börkinn af viðnum, er stendur upp úr hjarninu, en viðurinn visnar og skrælnar þegar börkurinn er farinn.

Ég hef oft séð víðiranga birkta af skaraveðri frammi á dölum. Einar Erlendsson, sem nú er á Víðivöllum, sagði mér, að skaraveður hefði slitið börkinn af skógarleggjum á Sandhaugum, þegar hann var þar. Stór-



Ófriðað land: Ystu leifarnar af Lundsskógi í Fnjóskadal sjást á miðri mynd. Rofageirarnir í hlíðinni fyrir ofan fara stækkandi. Mynd: S. Bl., ágúst 1977.

kostlegar skemmdir af skeljaskaraveðri urðu á Hálsskógi í tíð séra Jóns Þorgrímssonar. Veðrið með skaranum sleit bórinn að sunnanverðu á stórum parti af skógarleggjunum, svo að allir skrænluðu á eftir, og er ekki furða, þó séra Jón keppti við að selja þannig farinn skóg og léti gjöra áreiðir til að sýna skemmdirnar. Afi minn, Guðmundur, var vinnumaður hjá séra Jóni næstu árin fyrir „Dauðavorið“ og hefur því verið heymarvottur - ef ekki sjónarvottur - að skógarskemmdunum.

Vorið 1818 féllu fjarska miklar skriður á framdölunum ofan í árnar. Voru þá svo miklar skógviðarrastir með Hjaltaðalsá, út og niður frá bænum, að gerðar voru tvær kolagrafir úr röstunum. Fnjóská bar þá skógarhríslur til sjóar og rak af þeim á tíu hesta á Svalbarðsströnd.

Síðastliðinn nóvember, nefnilega 1893, dreif niður mikinn snjó á næstum þíða jörð. Svo gerði fádæma austanveður. Féllu þá mikil snjóflóð í Lundsfjalli á stórum parti, sem slitu upp skóginn með rótum á meir en tuttugu hesta.

Snjóflóðin hafa oft slitið upp, brotið og birkt skógana.

Snjóþyngsli skemma skóg á þann hátt, að þegar fjarskalega skeflir fram af snarbröttum brekkum, festist limið í sköflunum og brotnar þá hrísluleggurinn, þegar snjórinn sígur ofan brekkunar.

Menn hafa notað skógana á tvennan hátt, nefnilega til fódurs handa skepnum í harðindum og til tróðs á hús og til kolagjörðar og til eldsneytis. Þó að búþeningi, sæmilega við gerðum, sé beitt á kvistlandið ásamt graslendi, er ekki tiltökumál; það er þess eign til fódurs meðan Fnjóskadalur er byggður. En í neyðarharðindum hafa menn skemmt skógana og eytt þeim með því að höggva limið og gefið það kúm, en heflað niður skógarleggina og gefið hestum, og með því að beita svöngu sauðfé á einsamlan skóg. Það klippir limbroddinn á þriðja kvartil á lengd og oft sama skógarangann tvisvar eða þrisvar, þegar beitt er í sama plássíð nokkra daga. Það hefur átt sér stað, að menn hafa gefið fé hálfa gjöf daglega og beitt svo á skóginn annan hvern dag. Með þeirri aðferð hafa skepnurnar betri lyst á skóginum, en með þeirri aðferð skemmist hann mest af beit.

Eins og saltið er nauðsynlegt á hverju heimili, eins voru viðarkolin það fram á miðja nítjándu öld til ljádengslis. Eyfirðingar úr Öngulsstaða-, Saurbæjar-, Hrafnagils- og Glæsibæjarhreppum, Svalbarðs- og nokkrir úr Grýtubakkahreppi sóttu allir kol í Fnjóskadal. Eyfirðingar borguðu kolin oftast með hesta- og lambafóðrum, sem Fnjóskdælingum kom best í engjaleyssinu. Nú er margur blettur engi, er áður var viðarland. Fjalldrapi og víðir var mikið notaður til kolagjörðar, einkum eftir að skógarnir féllu í Móðunni. Þá fóru menn að spara skóginn og hjuggu hann mest þar sem hann var feysknastur. Og svo var mikil kolaekla, að menn urðu fegnir að fá kol úr viðarrötum, er teknar voru úr jörð með tómunum höndunum.

Víst mun það hafa verið misjafnt, hvernig menn hjuggu skóg. Sumir hafa verið kunnáttu- og athugalitlir við það verk. En það er þó sannfæring mín, að náttúruöflin hafi, unnið meira að eyðingu skóganna hér í dal en mannshöndin. Nálægt 1850 fóru menn að komast upp á að nota steinkol til ljáadengingar, þar til fjáðraljárnir komu, sem var hin besta breyting, bæði kvistsins vegna og að losast við kolagjörðina. Þá gafst betri tími til jarðabóta, sem hefur borgað vel fyrir hesta- og lambafóðrin. Nú í nokkur ár hefur ekki sést rjúka úr kolagröf utan tveim holum, sinni á hverjum bæ, Lundi og Þórðarstöðum.

Til fjárbeitar hefur kvistlendið verið hin mestu herlegheit, einkum fjalldrapinn, víðirinn og krækiberjalyngið. Þegar til þess nær þá étur féð lítið skóginn. Nú er orðin venja að beita minna en var, einkum í slæmu veðri, því nú er miklu fleira af fénu lömb og veturgamalt en fyrrum. Nú er meðferð fjárins orðin

betri, heyaflinn meiri og keppnin og gjöra unga féð vænt, síðan vigtin á fénu kom til. En þó mun verða notasælast hér í dal, að beita fé með nákvæmni allar þær dagstundir, er bærilegt veður gefst og hnjótar eru uppi, og mikill kostur á fjármanni, sem það verk stundar með alúð og trúmennsku. Betra mun vera að beita ekki þegar lítil snöp er og kalt veður. Þá nýtur fé yls og þarf minna fóður.

„Í Hnjóskadal finnst hafur og geit.“ Geitfé er orðið fátt, rúmlega eitt hundrað á þrettán bæjum hér í dal, fjórum bæjum í Bárðardal og einum í Kaupangssveit. Það er gefið fyrir kvistland, fullt eins og sauðfé, en klippir allan kvist miklu finna en sauðfé og étur meira fjalldrapa og víðir en skóg, ef til þess nær. Það er á einlægu rölti um hagann og klippir mjósta kvistbroddinn, þriggja til fjögurra þumlunga langan. Þriðjungur af nefndri geitfjártölu gengur í Þórðarstaðalandi. Þar hefur skógurinn vaxið mest á þessari öld. Á Belgsá ganga í skógi fjórar til sex geitur, en á hinum bæjunum ekki ... Á hallærisárunum 1882- 1885 kom sú ónáttúra í geitur, að þær fóru að éta börkinn af skóginum án þess að hungur væri þess valdandi, en sá skógur visnar, og verður þá að hafa geitakaup við þá, er ekki hafa skógarland, en eiga geitur ...

Hér að framan var getið um að engjablettir hefðu aukist og skal hér minnst á það meira í framlad ásamt fleiru. Á Hálsi voru nefnd skógarspjöllin. Þar er töluverður skógur, sem nú vex og færist út, en er dálítið notaður til eldiviðar.

Skógarnir hafa þann ókost, að þeir draga ullina af sauðfé. Á fjórða tug þessarar aldar [þ.e. 19. öld] voru eitt vorði þrettán ær svartar á Þórðarstöðum. Ullin af þeim varð sem svaraði sveimur reyfum. Sagt var, að Öxfirðingar hefðu orðið sárir við skógana fyrir ullardrátt, þegar ullin hækkaði í verði.

Vaglabóndinn klæddi eitt sinn fé sitt í strigaföt til varnar ullinni og hefur tekið fyrir að eyða skóginum á nokkru svæði sunnan til í landinu, nálægt beitarhúsum, selur stærri viðinn sem tróð, en notar hinn í eld, en mylur taðið á túnið því til mikilla bóta; hefur svo heldur ámæli fyrir búhyggjuna af meðferð skógarins.

Hann heldur fénu í syðri hluta landsins, þegar ullinni er mest hætta búin af skóginum ... Í Lundi er töluvert víðlendur skógur, sem nú færist út, þéttist og vex. Björn Jónsson, sem þar bjó fyrri hluta aldarinnar, hefur verið mikill kolagjörðarmaður. Þar heyrði ég getið um stærstar kolagrafir og eyðing stórra skógarrunna ... Kostir skógarins eru prýði lands og viðhald, blæs síður upp. Hann festir rætur í melum og grjótskriðuklungri, veitir skepnum skjól, og gras innan um skógin sölvar seint. Þar fennir varla fé.

Þórðarstaðaland er skógi vaxið milli merkja að utan og sunnan. Síðan um aldamót [1800] hefur skógurinn verið heldur vel með farinn, bæði af náttúrunnar og manna völdum. Ég heyrði Jón Pétursson segja frá, að skógurinn hefði ekki verið stór, þegar hann mundi fyrst til, og að Kristján Jónsson hefði farið vel með hann.

Kristján flutti frá Þórðarstöðum vor 1818. Þegar ég var þrettán ára, heyrði ég Guðmund Guðmundsson segja frá stórum skógi utan við Þórðarstaði, og svo þéttum við Snjóflóðsgil, að maður mætti til að snúa aftur, kæmist ekki áfram. Og víðar talaði hann um mikinn skóg. Þá voru Eyjafjarðarprestar að gera tilkall til skógar frá Búðará að Ystahól, og var því tíðrætt um skóginn. Þessi Guðmundur var þá bóndi í Fjósatungu. Þeirri jörð átti skógurinn að tileinkast. Meðan hann tilheyrði Fjósatungu, var hann töluvert mikið höggvinn. Sem á öðrum jörðum hefur Þórðarstaðaskógur þéttst og vaxið, suður og upp frá bænum, í allri lögginni neðan við bratta fjallið og allri Búðarskriðunni. Bleikvíðir var mikill sunnan við Þórðarstaði, sem nú er að mestu eyddur, en plássíð orðið að engi, sem áveisla hefur bætt. Þar er grjótagarður ofan við túnið. Þórðarstöðum tilheyrir mýrarpartur í Fjósatungulandi móti geitagöngu.

Svokallað Belgsárnes var allt vaxið stórum bleikivíðri fyrir og eftir aldamótin [1800]. Þar var Björn, er síðar var í Lundi, við kolagjörð, þegar Torfi á Klúkum sýndi honum fyrsta reikningsdæmið, er Björn hafði séð. Þeir skrifuðu með kóli á kolamælisbotninn. Þegar ég var barn á Bakka, var ég reiddur til kirkju yfir þetta nes. Ég sá þar þrjú eða fjögur dýr í rjóðrum innan um háa, hvíta sprekarunna. Ég spurði, hvaða dýr þetta væru. Mér var sagt, þau hétu básdýr. Þau voru svartskjöldótt og hornótt; kollóttar kýr hafði ég séð með öðrum lit. Þetta nes er nú engi, og sést varla lauf í heyinu, 30 til 40 hestar árlega. Fyrir 40 árum var mjög lítill skógur á Belgsá. Nú hefur hann mikið færst út og hækkað. Þar hefur tún heldur batnað og verið sléttaður blettur og vatnsstokkar grafnir til áveislu.

Í Bakkasels- og Bakkalandi eru stærstar skriður og mest flóðagrjót, sem að vísu ver uppblæstri, en þar getur ekki þrífist skógur, nema í geirum milli skriðanna er hann að spretta og í svokölluðum Skíðadalshólum. Fyrir sunnan Bakka hafa færst út engjareitur, en víðirinn horfið.

Þegar ég var á fimmtánda ári fór ég í Sörlastaði. Þá var þar smávaxinn skógur milli Skarðanna, allur hálfvefskinn og mjög lítið höggvinn til kola.

Nú er hann eyddur, en kominn miklu þéttari nýgræðingsskógur og það lengra frameftir. Þá var þar umgetin bleikivíðirmörk. Þar voru gerðar til árlega yfir 40 tunnur kola til járnsmíðis, og hélst þó víðirinn

við, þar til ormurinn eyddi honum. Smá engjarjóður voru innan um víðirinn og fitjar milli hans og túnsins, er fengust af um 30 hey hestar mest. En þá víðirinn skrælnaði, óx hár puntur um alla mörkina næstu ár. Jukust þá engjablettir, er hafa gefið af sér 130 heyhesta. Nú er víðirinn orðinn jafnhár sem fyrrum, en engjarjóður stærri.

Í Hjaltadal var ég þrjátíu ár. Þá var engið aukið og bætt og á öllum dalakjálkunum færðar út engjareitir með hreinsun viðarstongla og spreka, er höggvið var upp með sterkum grasljáum. Skógur var enginn.

Á Snæbjarnarstöðum ... [voru] færðir út engjablettir í fjallinu með viðar og sprekahreinsun ...

Í Reykjalandi hefur margur viðarsprekablettur verið hreinsaður til slægna, en allir eru þeir litlir ...

Í Sellandi var fyrir 1850 Reykjaá -- eða lækur úr henni -- leiddur um mörg hundruð ára gamlan farveg út fyrir neðan túnið, í svokallaða Brunna, sem fjalldrapaviður var í kringum. Þegar lækurinn var mestur af leirvatni, var honum hleypt í víðinn, og sökkki leirinn viðarleggjum, en limið var slegið á leirnum eins og gras, og er stór partur þannig orðinn að engi. Mest fengust úr Brunnum þessum 17 hestar fyrrum, en síðan mest 64.

Á öllum bökkum (Enjóskár), frá Urðarbakshól og framfyrir Selá, var mikill bleikivíðir fyrrum.

Reynsla Norðmanna af íslenska brekkuvíðinum



Í Gartneryrket nr. 36 1980
birtist grein eftir Siri
Hornvedt, trjá-
fræðikandidat við Institut
for dendrologi og
planteskoleldrift við
Landbúnaðarháskóla
Noregs, um íslenska
brekkuvíðinn. Eftir fjögurra
ára ræktunarreynslu
viðsvegar um Noreg fer
hún lofsamlegum orðum
um hann

og slær því föstu, að þetta muni verða framtíðargarðrunni
fyrir Norður-Noreg og fjallabyggðir í Suður-Noregi.

Þess má geta hér í leiðinni, að Siri Hornvedt hefur það
starf eingöngu að finna og prófa nýjar, harðgerðar og
auðræktaðar trjá- og runnategundir fyrir veðurharðari
byggðir Noregs.

Í Noregi hefur brekkuvíðirinn fengið nafnið *brekkavidir*.
Bæði orðin brekka og vider eru til í stöku norskum
mállýskum, en þó er orðið vier algengara en vider eða vidir.
Þá kalla Norðmenn eingöngu þann

við, þar til ormurinn eyddi honum. Smá engjarjóður voru
innan um víðirinn og fitjar milli hans og túnsins, er fengust
af um 30 hey hestar mest. En þá víðirinn skrælnaði, óx hár
puntur um alla mörkina næstu ár. Jukust þá engjablettir, er
hafa gefið af sér 130 heyhesta. Nú er víðirinn orðinn jafnhár
sem fyrrum, en engjarjóður stærri.

Í Hjaltadal var ég þrjátíu ár. Þá var engið aukið og bætt og
á öllum dalakjálkunum færðar út engjareitir með hreinsun
viðarstongla og spreka, er höggvið var upp með sterkum
grasljáum. Skógur var enginn.

Á Snæbjarnarstöðum ... [voru] færðir út engjablettir í
fjallinu með viðar og sprekaheinsun ...

víði sem myndar langa ársprotu og hefur löng blöð miðað
við breidd.

Í greininni segir, að brekkuvíðirinn hafi borist til Noregs
með Norðmönnum, sem heimsóttu Ísland og urðu hrifnir af
honum, er þeir sáu hann í klipptu limgerðunum, sem nú eru
orðin svo algeng um land allt.

Til Landbúnaðarháskólans kom brekkuvíðirinn í fyrsta
skipti 1974, en gleymdist af einhverjum ástæðum. 1976 var
aftur náð í hann og nýjar prófanir hófust. Fylkisgarðyrkjufraeðingurinn Henry Berg í Nordlandfylki
sendi Landbúnaðarháskólanum í sumar stiklinga frá Vefsn
af íslenskum víði, sem reynist mjög vel þar. Það sýndi sig,
að hér var um að ræða brekkuvíðinn íslenska. Af þessu má
ráða, að fleiri hafi tekið „þennan áberandi og fallega runna
með sér frá Íslandi“ til Noregs.

Við Landbúnaðarháskólann á Ási er brekkuvíðirinn
orðinn um 2 m eftir 5 ára ræktun. Hann hefur þegar reynst
mjög vel í Harstad, sem er jafn norðarlega og Lófóteyjar, og
áður er nefnd góð reynsla í Vefsn í Nordlandfylki, sem
heyrir til Norður-Noregi. Nokkrir stiklingar voru settir 1979
beint á framtíðarvaxtarstað í Röros og bættu við sig 30-40
cm

Í Reykjalandi hefur margur viðarsprekablettur verið
hreinsaður til slægna, en allir eru þeir litlir ...

Í Sellandi var fyrir 1850 Reykjaá -- eða lækur úr henni --
leiddur um mörg hundruð ára gamlan farveg út fyrir neðan
túnið, í svokallaða Brunna, sem fjalldrapaviður var í
kringum. Þegar lækurinn var mestur af leirvatni, var honum
hleypt í víðinn, og sökkki leirinn viðarleggjum, en limið var
slegið á leirnum eins og gras, og er stór partur þannig orðinn
að engi. Mest fengust úr Brunnum þessum 17 hestar fyrrum,
en síðan mest 64.

Á öllum bökkum (Enjóskár), frá Urðarbakshól og
framfyrir Selá, var mikill bleikivíðir fyrrum.

sprotum sumarið 1980. Þess má geta, að Röros er í 650 metra hæð yfir sjó og sumrin eru þar mjög stutt. Frost fer stundum á veturna alveg niður í 740-50°C og algengt er, að snjórinn fjúki burt og jörð og gróður standi eftir berskjölduð fyrir frostinu.

Svo virðist sem brekkuvíðirinn hafi tilhneigingu til að leggjast út af og breiða úr sér í snjóþungum héruðum Noregs, en ekki er enn komin nógu mikil reynsla á það.

Við, sem þurfum að láta sprauta brekkuvíðinn okkar á Íslandi, a.m.k. einu sinni á hverju sumri og stundum oftar, gegn skordýrum, spyrjum auðvitað, hvort Norðmenn þurfi að standa í því líka? En svo virðist ekki vera, því að þeir hafa lúsaætu, sem heitir maríuhæna og svo er hér fullt af fuglum, sem éta maðkana. Þar af leiðandi sést lítið til þessarar plágu, sem angrar okkur svo mjög á Íslandi. Gerðar hafa verið tilraunir til að flytja maríuhænuna til Íslands, en hún hefur því miður týnst eða drepist og ekki sést aftur. Mig rámar í að hafa séð hana úti á Seltjarnarnesi einhvern tímann á árunum 1960-1967. Síðar hef ég ekki frétt af henni. Ef hún skyldi finnast einhvers staðar á landinu, væri vel þegið að fá vitneskju um það.

Tilraunastöð Landbúnaðarháskólans í trjárækt býður nú garðyrkjustöðvunum móðurplöntur af brekkuvíði og hafa þegar borist pantanir og fyrirspurnir um hann. Áframhaldandi tilraunir eru gerðar með hann til að athuga fleiri notkunarmöguleika, t.d. til skjóls eða til að ekki sjáist inn í garða, til að gróðursetja meðfram vegum í þéttbýli og til að binda jarðveg, þar sem hætta er á að hann renni eða fjúki burt.

Þessi grein er samin að hluta upp úr grein Siri Horntvedt í Gartneryrket að fengnu góðfúslegu leyfi hennar, og að hluta samtíningur frá minni hendi.

UPPRUNI BREKKUVÍÐISINS

Margir hafa velt fyrir sér hvaðan af landinu brekkuvíðirinn sé kominn og hafa verið margar getgátur á

lofti. Helst hefur mönnum virst, að hann hlyti að vera frá einhverjum stað sem heitir Brekka og þá helst af Suðurlandi. En nú skal getið hvers ég varð vísari í sumar.

Svo er mál með vexti, að sumarið 1980 var komið að máli við mig fyrir hönd bæjarstjórnar Seltjarnarness og ég beðinn að semja grein um ræktunarmöguleika og trjárækt á Seltjarnarnesi, sem eins og flestir vita skagar út í Faxaflóa og mjög svo veðrasamt þar. Eftir margar gönguferðir um nesið rakst ég meðal annars á garð við Nýjabæ, sem er vestarlega á nesinu. Ég hef sjálfur átt heima á nesinu frá því 1958 og vissi, að þessi garður væri meðal þeirra fyrstu í byggðarlaginu. Þarna er brekkuvíðilimgerði um 15-20 metra langt, orðið gamalt, ekki hátt í loftinu og nú í niðurníðslu. Ég grennsaðist fyrir um aldur og uppruna limgerðisins hjá ættingjum þeirra, sem áttu húsið, en nú eru látnir. Þær upplýsingar fengust, að víðirinn hefði verið gróðursettur þarna fyrir um 35 árum, og væri austan frá *Núpi í Fljótshlíð*.

Því miður gafst mér ekki tími til að skreppa austur og athuga staðinn nánar, þar eð ég er við nám erlendis mestan hluta ársins. En allar upplýsingar um það, hvort hann sé ennþá til á Núpi í Fljótshlíð eru vel þegnar og má senda þær til Ólafs Njálssonar, PB. 166, 1432 ÁS- NLH, NORGE.

Vegna þess hve þetta brekkuvíðilimgerði er gamalt, gæti ég trúað, að hér væri fundinn hinn raunverulegi uppruni brekkuvíðisins á landinu. Hvergi hef ég heyrt getið um eldra limgerði af honum á höfuðborgarsvæðinu og er þó búinn að tala við marga, sem eru vel heima í þessum málum. Síðan hljóta garðyrkjumenn eða skógræktarmenn að hafa fengið afleggjara af þessum víði, og er hann nú einn ágætasti og harðgerasti runni í limgerði um land allt eins og flestir vita, og vestur á Seltjarnarnesi þolir hann salta vinda og sjódrif öllum trám betur, enda stendur hann þar í fallegum limgerðum í gördunum og meira að segja er til fallett 1,5 metra hátt limgerði opið fyrir sjónum og aðeins 20-30 metra frá honum.

[illegible]

Shin Forest er stórsti skógur sem býinn hefur verið til af


Íarðvegur í Shin Forest er mestmegnis blautar múrar

- [illegible]

$$\hat{A} = \begin{pmatrix} 1 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 1 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 1 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 1 \end{pmatrix}, \quad \hat{B} = \begin{pmatrix} 0 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 0 \end{pmatrix}, \quad \hat{C} = \begin{pmatrix} 0 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 0 \end{pmatrix}, \quad \hat{D} = \begin{pmatrix} 0 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 0 \\ 0 & 0 & 0 & 0 \end{pmatrix}$$

0 1 0

3.



hætt er við að plöntur nái ekki nægum raka séu þær gróðursettar ofan á strenginn. Áður fyrr skápu menn skápa eða hólf í strengina og gróðursettu þar, en Skotar hafa á síðustu árum verið að gera tilraunir með

að skera út þrep í strenginn fyrir gróðursetningu um leið og plægt er. Til þess er sérstakur útbúnaður settur á plóghausinn og kallast þrepskeri. Gróðursetningarmaður þarf því ekki lengur að stinga skáp fyrir plönturnar, heldur plantar beint á þrepið. Þrepið er yfirleitt 10-15 cm á þykkt, þannig að við gróðursetningu fara rætur plantnanna niður í gegnum strenginn og niður að gamla yfirborðinu undir strengnum.

Fasttengdu plógarnir eru yfirleitt notaðir þar sem land er þurrara og grýttara og þar sem plægja þarf land er skógur hefur áður vaxið á, og þar sem mikið er af stubbum og rótum. Það reynir því langtum meira á þessa plóga heldur en þá dregnu, sem ávallt eru notaðir í mjúkum mýrum. Plógför fasttengdu plóganna eru ekki eins áferðarfallæg og hinna enda oft notaðir í mjög ógreiðfæru landi. Fjölbreytni í plóghausavali er hér ekki eins mikil og hjá dregnu plögnum, nánast bara um hægri og vinstri plóga að ræða, en einnig er hægt að fá á plógana svokallaðan skó eða sokk, sem er járn-gaddur sem er festur neðan á plóghausinn fremst, og er til þess gerður að rífa upp grjót og járnhellu sem kann að vera í jarðveginum.

Notkun allra plóganna er áþekkt. Alltaf er plægt beint niður hlíðar, hversu brattar sem þær eru. Farið er allt upp í 40 gráðu halla og er þá vitanlega aðeins plægt niður á við. Hvergi er að sjá að neitt úrrennsli eða jarðföll myndist. Bil milli plógstrengja er haft þannig að hæfileg fjarlægð verði milli plönturaða, oft um 2-2,5 metrar.

Frárennslisskurðir eru plægðir með þar til gerðum plóg og eru þeir 90 cm djúpir. Tvær dráttarvélar þarf til að draga slíkan plóg. Þéttleiki skurðanetsins fer eftir halla landsins og reynt er að plægja frárennslisskurðina eftir náttúrlegum lögðum í landinu. Þessi plógför eru þvert á plöntunarplógförin, og eru lögð

Land, sem skógur hefir áður vaxið á, en er nú plægt. Plægt með fasttengdum plógi og kraftmikilli dráttarvél, Cat D6. Mynd: B. G.





Fasttengdur Plógur aftan á Fiat-dráttarvél. Mynd: B. G.

nánast eftir hæðarlínunum landslagsins. Halli þeirra skal ekki fara yfir 3 gráður. Ef plægja þarf brattara, þá er komið fyrir trégrindum í skurðina til að draga úr hraða vatnsins, til að koma í veg fyrir úrrennsli og jarðföll.

Við plægingarnar eru notaðar ýmsar gerðir dráttarvéla. Allar eru þær á beltum. Algengast er að nota: Fiat Allis 80 eða 100 ha, International G.W. 70 ha og Caterpillar D 4 D, 90 ha.

Beltin undir þessum vélum eru allt frá 50 cm breiðum upp í 140 cm, hvort belti. Spyrnur beltanna eru af tveimur gerðum, venjulegar þverspyrnur sem við þekkjum á jarðýtum hér og þríhyrningslaga spyrnur með ávölum brúnum, sem koma í veg fyrir að beltið rjúfi grassvörðinn, sem nauðsynlegt er að halda

heilum, svo vélin sökkvi ekki í mýrina. Þó kemur fyrir að vélarnar festa sig og sá ég nokkra ljóta pytti þar sem slíkt hafði átt sér stað og í einu tilviki hafði það kostað vélarverðið og gott betur að ná henni upp.

Gróðursetning í plógstrengina fer fram með tvennu móti. Fyrst á vorin er plantað 2/1 furu og greni og notuð til þess venjuleg stunguskófla. Plöntunni er stungið í rifu sem gerð er með skóflunni í hlið plógstrengs og síðan þjappað að með fæti.

Á seinni hluta plöntunartímabilsins eru gróðursettar 6 vikna gamlar plöntur sem sáð hefur verið til sama vor. Eru þær í plasttúpu og fylgir túpan plöntunni í jörðina. Til gróðursetningar er notað sérstakt rör. Plantan sprengir síðan túpuna utan af sér.

Allar plöntur og áhöld verður að flytja á staðinn á



Dreginn plógur með þrep-skera. Þrepið í strengnum sést greinilega. Mynd: B. G.

beltavélum, allt er landið hráblautt, enda gróðursett árinu eftir plægingu.

Í Shin dvaldi ég í 10 daga. Á þeim tíma fékk ég meðal annars að sjá eyðileggingu stórra svæða af skógi sem hafði orðið eldi að bráð. Bændur í nágrenninu höfðu verið að brenna beitilyng í nágrenninu, misst stjórn á eldinum og hlaupið frá öllu saman. Þarna höfðu brunnið um 200 ha af 4-5 metra háum stafafuruskógi. Brunnin trén stóðu þarna með greinum og berki, kolsvört og sviðin og ekkert hægt að nýta af þessu.

Á öðrum stað sá ég skóg sem í fyrstu virtist einnig hafa orðið eldi að bráð, en að sögn hafði verið þarna að verki fiðrildismaður sem drap þarna stafafuru á geysistóru svæði. Svo mikill hávaði var í maðkinum meðan hann var að éta furunálarnar að ekki heyrðist mannsins mál í skóginum á meðan. Furðulegt þótti mér að sjá einstaka hópa trjáa af sitkagreni og bergfuru sem stóðu græn og falleg eftir, innan um dauða stafafuruna. Maðurinn leit sem sé ekki við öðru en stafafuru.

Ég ferðaðist tvo daga í fylgd með tilraunastjóranum í Shin, Mr. Patterson. Hann skýrði frá því að nánast allar gróðursettar plöntur fengu áburðarskammt strax að lokinni plöntun, aðallega fosfór (P) og kalí (K) og síðan aftur að sex árum liðnum og enn aftur eftir 12 og 18 ár. Kalímagn var aukið á veðrasömum stöðum og sumstaðar var fosfórmagn aukið á stöðum með basaltgrunni. Mjög sláandi var að sjá hlið við hlið sitkagrenireiti sem báðum hafði verið plantað 1972, þar sem annar reiturinn hafði fengið venjuleg-

an áburðarskammt við plöntun og trén komin á fimmta metra, en hinn reiturinn hafði ekkert fengið og trén þar aðeins 60-70 cm. Beitilyng sem þarna er mikið af hefur vaxtarletjandi áhrif á sitkagreni. Menn verða því að drepa lyngið með hormónalyfjum til að grenið vaxi vel.

Skotar hafa reynt gífurlegan fjölda kvæma af stafafuru, sem er þeirra aðaltré og sá ég mörgum þeirra safnað þarna saman á einn stað. Alaskakvæmin á Íslandi sem hafa reynst best voru þarna vaxtarminnst. Best reyndist þarna kvæmi frá Skeena River B.C. Það sem vakti þó mesta athygli mína voru tilraunir með hvítsitkagreni. Þarna hefur verið blandað saman ýmsum kvæmum af sitkagreni og hvítgreni og fengnir bastarðar sem ekki er unnt að fá úr sjálfri náttúrunni. Flestir reyndust vaxa mun hraðar en foreldramir. Kemur þetta nokkuð heim og saman við reynslu okkar hér heima, a.m.k. á Suðurlandi, að vöxtur bastarðsins fyrstu árin er miklu meiri en hreins sitkagrenis og hvítgrenis. Væri full ástæða fyrir okkur Íslendinga að huga betur að hvítsitkagreninu en gert hefur verið til þessa.

Ég vil svo að lokum þakka Sigurði Blöndal skógræktarstjóra fyrir að gefa kost á þessari ferð. Margt forvitnilegt var þarna að sjá, þó ekki verði það allt únt til hér. Á hitt verður að reyna hvort við Íslendingar getum eða þurfum að taka aðferðir Skotanna alveg hráar upp. Það er vafasamt vegna ólíkra aðstæðna en nauðsynlegt er þó að kynna sér tækni og aðferðir annarra þjóða ekki síður en hugmyndir.

Ferð til Eystribyggðar á Grænlandi

AÐDRAGANDI

Vorið 1977 kom hingað til lands skógræktarmaður af dönsku bergi brotinn, sem starfar á Grænlandi. Hann heitir *Poul Bjerger* og veitir forstöðu tilraunastöð í Upernaviarssuk í Eystribyggð skammt frá bænum Julianehåb. Meðal verkefna tilraunastöðvarinnar er að reyna innflutning á trjám og runnum. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri hafði á sínum tíma verið með í ráðum um þetta og sýndi því ætíð mikinn áhuga og lét senda plöntur til Grænlands.

Á árinu 1978 skrifaði Poul Bjerger mér og spurðist fyrir um það, hvort ég gæti ekki heimsótt hann til þess að kynnst þeim tilraunum, sem hann hefir gert á undanföllum tveimur áratugum með innflutning trjategunda og ennfremur til þess að skoða birki og víði, sem vex á Grænlandi.

Mér var þetta að sjálfsgöðu mikið áhuga- og ánægjuefni, og fór þessi var farin í ágúst 1980.

TILRAUNASTÖÐIN Í UPERNAVIARSSUK

Þetta er sjálfstæð stofnun, sem er í eigu sveitarfélaga, landsstjórnar og fleiri aðilja. Starfsemi stöðvarinnar er einkum tvíþætt:

- 1) Sauðfjárrækt. Þar eru 300 vetrarfóðraðar kindur af íslenskum stofni.
- 2) Gróðrarstöð. Þar eru gerðar tilraunir með ræktun á: 1) grænmeti, 2) fjölærum blómum, 3) runnum og 4) trjám. Stöðin selur nokkuð af afurðum sínum til nágrennabyggða.

Veðurathuganir hafa staðið í Upernaviarssuk frá 1957. Helstu tölur eru þessar:

Kaldasti mánuður er janúar með $-5,2^{\circ}\text{C}$, en ágúst hlýjasti með $7,8^{\circ}\text{C}$. Meðalhiti júní-september (tetraterm) $6,7^{\circ}\text{C}$. Hér er raunar miðað við tímabilið 20. maí - 20. september.

Ársúrkoma ca. 900 mm. Bjart sólskin 1979 var 860 klst.

Barna er mjög þurr á vorin og eru dæmi þess, að úrkoma í maí hafi verið aðeins 6,6 mm.

Gróðrarstöðin er ekki stór, en ákaflega vel hirt, og gróður þar leit vel út, nema sumar trjategundimar.

Af matjurtum eru ræktaðar maírófur, hreðkur, gulrætur, salat og toppkál.

Nú voru í ræktun 3 kvæmi af *lerki*. Arkangelsk var áberandi best. Vanhöld voru lítil, sprotar stuttir, brum hafði myndast.

Stafafura 2/0 leit vel út, nema hvað hún var í gulasta lagi.

Sitkagreni sýndist vonlítið að rækta.

Grænlenstur reynir var dálítið toppkalinn og breiddi mikið úr sér.

Víðitegundir voru þessar:

Viðja frá Hallormsstað leit vel út. *Brekkuvíðir* ágætur.

Gulvíðir góður.

Lítið báruplasthús var í stöðinni, en sáðreitir að öðru leyti undir gleri.

Jarðvegur og gróðurlendi. Berg er hér forngrýti: granít og gabbro. Jarðvegur er mjög grunnur og afar grýttur. Sárallítið er um mýri. Ryðja þarf burt miklu grjóti, þar sem rækta á tún. Sums staðar er svo grýtt, að tún verður ekki véltækt, en slá verður með orfi og ljá. Tún eru mjög lítil.

Salix glauca (grávíðir) er drottandi planta í úthaga, þar sem beit er hófleg. Þessi víðir er ólíkur íslenska grávíðinum. Hann minnir í fljótu bragði á blending af grávíði og loðvíði. Loðinn á efra borði eins og loðvíðir hér, en hefir ekki stoðblöð við fót blaðstilkisins eins og grávíðirinn hér. Til eru þó runnar, sem eru líkir íslenskum grávíði með snöggu efra borði blaða. Grávíðirinn er ein besta beitarpantan fyrir sauðfé.

Í Upernaviarssuk er ofurlítið af *Betula glandulosa*, sem líkist mjög fjalldrapanum okkar, nema hvað sprotarnir eru alsettir vörtum líkt og á hengibjörk.

Heilgrös eru mörg hin sömu og á Íslandi. Af tvíkímblöðungum eru sigurskúfur og eyrarrós algeng og talsvert af bláklukku og ljónslappa. Blástjarna er algeng.

Þannig háttar til um veðurfar, að það er langhagstæðast innan til við hina löngu firði í Eystribyggð, en þokur tíðar á annesjum. Gróðurskilyrði eru því best við innanverða firðina.

Tilraunastöðin hefir tilraunareiti fyrir trjágróður á tveimur slíkum stöðum: Innst í Eiríksfirði og við miðjan Ketilsfjörð. Á þessum svæðum báðum er grænlenstur birkið öflugast.

Poul Bjerger fór með mig á báða þessa staði og skal nú skýrt frá því, sem þar bar fyrir augu.

KETILSFJÖRÐUR

Þetta er lengsti fjörðurinn í syðsta hluta Eystribyggðar. Hann gengur þvert inn í landið í stefnu vesturaustur, og er aðeins 90 km í loftlínu norðan við Hvarf. Hann er 70 km langur og virðist hvergi vera breiðari en 5 km, en víðast þrengri. Geysihá og snarbrött forngrýtisfjöll eru beggja vegna fjarðarins, víða ákaflega tignarleg og formfögur.

Frá Upernaviarssuk og suður í Ketilsfjörð er 10 klst. sigling á mótorbáti. Slík sjóferð „milli Grænlands köldu kletta“ gleymist seint. Hér og þar sjást borgarísjakar og á einum stað á leiðinni var eins og þeir hnöppuðust saman. Það var tignarleg sjón.

Áfangastaður okkar var marbakkur úr þykku vatnsseti, sem myndað er úr granítmöl og sandi. Þetta var sunnan við fjörðinn miðjan. Yfir gnæfir Quasigerneqtindur 1450 m hár og á móti „Kirkjuturninn“ 1590 m, snarbrattur í sjó fram. Rétt hjá tjaldstað okkar fellur til sjávar bergvatnsá, sem kemur úr miklu stöðuvatni, sem gengur til suðurs frá firðinum inn í hliðardal langan og þröngan. Vatnið er um 12 km langt og við syðri enda þess stóð bærinn Vatnsdalur til forna. Þarna innst í hliðinni við vatnið grær hávaxnasta birkir á Grænlandi, um 10 m á hæð. Þangað komumst við ekki. Fjallahringurinn, sem umlykur þetta vatn, er einhver hinn stórhrikalegasti, sem ég hefi augum litið.

Á sjávarbakknum þarna skammt frá ánni er skóg-ræktarreiturinn.

Hann hafði verið girtur nýlega eftir að 2 fjárbændur höfðu tekið sér bólfestu í nágrenninu. Áður var þetta sauðlaust svæði.

Þarna var plantað 1960-1961


- 1) Síberíulerki frá Hakaskoja og Krasnojarsk.
- 2) Sitkabastarði frá Moose Pass.

Lerkið leit mjög illa út. Meira en helmingur þess var dautt, og kvað Poul Bjerger það hafa gerst aðallega á síðustu tveimur árum, en þá var hann síðast á þessum stað. Mér sýndist *douglasátan* hafa verið hér að verki og ég fékk það staðfest síðar. Lerkið sem lifði, var fílt og kræklótt. Þó voru til einstaka geðug tré allt að 3 m há.

Sitkabastarðurinn leit hins vegar ótrúlega vel út innan girðingarinnar. Þarna voru til um 2,5 m há tré einstofna og með ágætum lit. Kom mér það á óvart, því að jarðvegur sýndist þurr og magur, ef dæma átti eftir gróðrinum í kring. Mörg trén voru hins vegar tví- og þrístofna frá rót. Síðan höfðu þau ekki skipt sér að ráði.

Einstaka tré höfðu lent utan girðingar og voru þau flest sködduð af beit.

Milli vatns og fjarðar er lágt eiði. Gráviðirinn er



Hluti af Eystribyggð, sem frá er sagt í greininni.

drottandi planta en nær vatninu eru strjálir runnar af ilmbjörk. Sumir þeirra eru með ákaflega smáum blöðum og kringlóttum, sem minntu á fjalldrapa. Í stærstu þyrpingunum voru birkitré, er náðu 5-6 m á hæð og þvermál við rót 10-12 cm. Flestir birkirunnarnir voru greinilega bældir af snjóþyngslum.

Poul Bjerger sagði mér, að þetta svæði hefði verið vaxið allþéttu birkikjarri fram yfir miðja 19. öld. Á síðari hluta aldarinnar var það höggvið miskunnarlaust. Þar voru lýsisbræðslukarlar frá þorpinu Nanortalik að verki. Birkíð virtist ekki hafa vaxið upp að nýju. Var mér það ráðgáta.

Gróður var mestur í rótum fjallshlíðarinnar og samfelldar breiður af gráviði. Helsta grastegund var bugðupunktur, en tvíkímblöðungar grænlandspors, bláklukka, sigurskúfur og ein brönugrasategund, sem við þekktum ekki. Í skógræktargirðingunni var talsvert af hvönn, en kindur höfðu komist inn og bitið ofan af hverri einustu plöntu.

„Tilraunin mikla“

Það vakti ekki smáræðis athygli þegar Halldór Pálsson fyrrverandi búnaðarmálastjóri setti fram tillögu um stórfellda bændaskógrækt í síðasta Búnaðarriti.

Halldór ræddi þetta mál í yfirliti um landbúnaðinn 1979 í kafla um aukabúgreinar.

Hér fer á eftir þessi athyglisverði kafla, sem höfundur sjálfur klykkir út með að kalla „tilraunina miklu“.

Þótt allar þær leiðir, sem hér hefur verið bent á, verði farnar af einhverjum bændum, blasir samt við sú staðreynd, að sumir sjá enga möguleika til öflunar tekna í stað búvöruskerðingarinnar. Þeim verður að mæta á miðri leið t.d. með því, að ríkissjóður veiti fjármagn til atvinnubóta fyrir þetta fólk, sem það getur notfært sér, og helzt yrði til gagns í nútíð eða framtíð. Ekki væri til of mikils mælt, að fjárveitingarvaldið legði árlega fram næstu árin fjárhæð, sem nemur verðmæti þeirrar skerðingar af völdum framleiðslutakmarkana hjá þeim, sem ekki tekst að bæta sér upp tekjumissinn með nýjum búgreinum eða launaðri vinnu, með því skilyrði, að það fé, sem hér um ræðir, verði aðeins notað til atvinnubóta fyrir hlutaðeigandi bændur við störf, sem ríkisvaldið samþykkti að réttmætt væri að nota umrætt vinnuafli til. Um það efni yrði að sjálfsögðu deilt. Ég vil leyfa mér að bera fram um það eftirfarandi tillögu:

Hvers vegna ekki að gera myndarlegt átak til skógræktar á landinu með því að virkja það vinnuafli, sem hér hefur verið bent á, að fyrir hendi muni verða, vegna framleiðslutakmarkana á búvörum hjá bændum, sem halda áfram búskap, þótt þeir geti ekki af eigin rammleik nýtt þann tíma, sem sparast vegna minni búskaparumsvifa? Takmarkið þarf að vera, að gróðursetja trjáplöntur í hin víðlendu lönd, sem Skógrækt ríkisins og skógræktarfélag víða um land eiga og hafa víðast hvar girt, en látið síðan að mestu liggja ónýtt. Þá fengi hinn fjölmenni hópur, sem er á launaskrá hjá Skógræktinni, störf að vinna við ræktun skógarplantna og verkstjórn.

Ekki væri rétt að binda skógræktarframkvæmdir við lönd í eigu Skógræktarinnar. Vilji hlutaðeigandi bændur rækta skjólbelti eða skógarteiga hjá sjálfum sér, ættu þeir að eiga þess kost, en fá sem ríkisframlag plöntur allar til gróðursetningar og girðingarefni og ef til vill hluta af vinnukostnaði.

Sumum finnst ef til vill undarlegt, að ég, sem ekki hef verið talsmaður skógræktar, skuli bera fram þessa tillögu. Skal ég skýra það með örfáum orðum. Enginn



Úr Guttormslundi. Menn við hæðarmælingu. Skógur sem þessi gæti vaxið á fjölmörgum bændabýlum á Íslandi. Mynd: S. Bl., apríl 1975.

kann betur að meta verðmæti trjáviðar en ég. Frá unga aldri hefur mér ofboðið timburleysi Íslands, en ég hef aldrei haft trú á því að bændum eða þjóðfélaginu í heild reyndist fjárhagslegur ávinningur að rækta kræklótta kjarrskóga. Mér hefur ofboðið fjasið og fullyrðingarnar í fyrrverandi skógræktarstjóra og fleiri áhugamönnum um skógrækt, þar með talinn núverandi skógræktarstjóri, um gagnsemi kjarrsins og illmælin um bændur lífs og liðna og búfé þeirra, einkum sauðkindina. En nú þegar loksins hefur komið í ljós, að lerki geti vaxið í gagnviðarstærð á Norðausturlandi og aðeins er von um, að fleiri innfluttar trjategundir muni geta vaxið til þroska umfram jólatrésstærð, finnst mér sjálfsagt að taka þessi mál skynsamlegum tókum og ganga úr skugga um, hvort og hvar sé vit í að reyna alvöru skógrækt. Nú er tækifærið af því að vinnuafli losnar hjá bændum, og engum er betur treystandi en þeim, til að rækta upp skóga, sé þess kostur, og fái þeir til þess leiðsögn.

Þá hygg ég, að fjárveitingarvaldið muni rétta þessu málefni hjálparhönd af fúsum vilja, ekki sízt af því, að það mun ekki koma landbúnaði að notum eða auka framleiðslu hans fyrst um sinn, en kynni að koma þjóðfélaginu til nota eftir eina öld og mun fyrr ef víða tekst að rækta skjólbelti.

Þetta mætti kalla tilraunina miklu.

Ísland og norrænt samstarf um skógrækt

Norræn fundahöld á Íslandi 1980

Eftir síðari heimsstyrjöld, er skógræktarstarfi hér fór að vaxa fiskur um hrygg, hafa samskipti íslenskra skógræktarmanna við starfsbræður í öðrum löndum farið vaxandi. Eðlilega hafa þau verið mest við Norðurlönd og þá einkanlega Danmörku og Noreg. Þangað hafa flestir íslenskir skógræktarmenn sótt menntun sína og þar með öðlast góð persónuleg sambönd.

Þessi samskipti voru lengst af óformleg, ef frá eru talðar skiptiferðir skógræktarfólks frá Noregi og Íslandi, sem efnt hefir verið til þriðja hvert ár síðan 1949. Fátt hefir stuðlað betur að góðum samskiptum við Norðmenn á vettvangi skógræktar en þessar ferðir.

FORMLEGT SAMSTARF HEFST

Árið 1975 var Skógræktarfélag Íslands tekið í *Norræna skógræktarsambandið* (Nordisk Skogunion, skammstafað NSU), og jafnframt stofnuð sex manna nefnd Íslendinga, er formlega skyldi halda á þessum tengslum. Ritari nefndarinnar hefir Snorri Sigurðsson verið frá upphafi, en formaður og jafnframt fulltrúi Íslands í framkvæmdanefnd sambandsins Haukur Ragnarsson til 1979, en síðan Sigurður Blöndal.

Aðild Íslands að *Norrænu arboretnefndinni* (Nordisk arboretutvalg, skammstafað NAU), var ákveðin árið 1973. Hefir Þórarinn Benediktz verið af hálfu Íslands í þessari nefnd frá upphafi.

Á vegum ráðherranefndar Norðurlandaráðs starfar *Samstarfsnefnd um norrænar skógræktarrannsóknir* (Samarbejdnevnet for nordisk Skovforskning, skammstafað SNS). Íslendingar hafa átt þar áheyrnarfulltrúa frá stofnun 1972. Var það Haukur Ragnarsson til 1979, en síðan Sigurður Blöndal.

Þátttaka Íslendinga hefir verið nokkuð misjöfn innan þessara nefnda. Aðildin að NSU hefir veitt okkur rétt til þess að sækja norrænu skógræktarþingin, sem haldin eru fjórða hvert ár og fóru 18 Íslendingar á þingið í Noregi 1978. Sú mikla þátttaka var möguleg aðeins vegna styrks úr Norsk-íslenska skógræktarsjóðnum.

Sumarið 1976 kom fjölmennur hópur norrænna skógræktarmanna í kynnisför hingað til Íslands á vegum NSU. Var sú heimsókn mjög mikilvæg fyrir okkur.

FUNDAHÖLD Á ÍSLANDI 1980

Svo skipuðust mál eftir alllangan aðdraganda, að ákveðið var seint á árinu 1979, að allar þessar samnorrænu nefndir héldu vorfund sinn á Íslandi 1980. Sameinuðust þær í einum hóp í þessari Íslandsferð, sem bar upp á þann tíma, þegar afmælisfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Þingvöllum. En á þann fund var boðið fulltrúum frá skógræktarfélögum Norðurlanda og Skógfriðingarnefnd Færeyja. Allir norrænu fulltrúarnir voru boðnir á hátíðafundinn á Þingvöllum.

FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR
UM NORRÆNAR SKÓGRÆKTARRANNSÓKNIR
var haldinn í Norræna húsinu 26.júní. Eftirtaldir fulltrúar voru mættir þar:

Frá Danmörku:

Hakon Frølund, skógræktarstjóri, formaður SNS.
Per Moltesen, prófessor í skógtækniþræðum.
Erik Holmsgaard, forstjóri dönsku skógræktarrannsóknanna.
Anders E. Billeschou, fulltrúi hjá skógstjórninni, ritari SNS.

Frá Finnlandi:

Holger Mauria, deildarstjóri alþjóðadeildar landbúnaðarráðuneytisins.
Kalle Putkisto, prófessor í skógtækniþræðum við skógræktarrannsóknirnar.
Max Hagman, prófessor í trjákyrbótum við skógræktarrannsóknirnar.

Frá Íslandi:

Sigurður Blöndal, skógræktarstjóri.

Norrænu skógræktarmennirnir skoða plægingu á Götu-mýri í landi Hafursár.
Mynd. S. Bl., júlí 1980.



Frá Noregi:

Toralf Austin, forstjóri norsku skógræktarrannsókna.
Arne Scheiström, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu.
Oddvar Haveraaen, prófessor í skógræktarfræði.

Frá Svíþjóð:

Gustav von Segebaden, prófessor, forseti skógræktar-
ardeildar landbúnaðarháskólans.
Bertil Lekander, prófessor við skógræktartilraunirnar.
Nils-Erik Nilsson, deildarstjóri.
Kjell Hollender, deildarstjóri við landbúnaðarháskólann.

Á þessum fundi voru í fyrsta lagi það, sem kalla mætti „venjuleg aðalfundarstörf“. Það er ný stjórn SNS, sem nú flyst til Svíþjóðar, og reikningar liðins árs og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Síðan voru ræddar tillögur um ný viðfangsefni og skýrslur um framvindu verkefna í þátttökulöndunum.

Á þessum fundi kom fram, að á næsta ári væri ekki um að ræða að hrinda af stað neinum nýjum rannsóknaverkefnum, fyrr en einhverju væri lokið, sem í gangi er.

Nýjar samþykktir fyrir SNS gengu í gildi á árinu, sem miða að því að innan SNS verði allar samnorðnar skógræktarrannsóknir sameinaðar, en um skeið hafa vinnurannsóknir heyrt undir sérstakt ráð.

Á vegum SNS starfa um þessar mundir 16 samvinnuhópar.

FUNDUR Í FRAMKVÆMDANEFND NORRÆNA SKÓGRÆKTARSAMBANDSINS

var haldinn á Þingvöllum 27. júní. Þar voru þessir fulltrúar mættir:

Frá Danmörku:

Vilhelm Bruun de Neergaard, formaður Dansk Skovforening.
Ole Fog, framkvæmdastjóri félagsins.

Frá Finnlandi:

Erik Arnkil, framkvæmdastjóri finnsku ríkisskóganna.
Teppo Varas, framkvæmdastjóri skógræktarfélagsins.

Frá Íslandi:

Sigurður Blöndal skógræktarstjóri.
Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands.

Frá Noregi:

Toralf Austin, forstjóri norsku skógræktarrannsókna.
Vilhelm Elsrud, framkvæmdastjóri skógræktarfélagsins.

Frá Svíþjóð:

Per Sköld, formaður sænska skógræktarfélagsins.
Henning Hamilton, framkvæmdastjóri þess.
Hugo von Sydow.

Á þessum fundi voru m.a. rædd eftirfarandi mál:
Norræna skógræktarþingið í Danmörku í júní 1982, sendinefndir sambandsins á tvo alþjóðlega fundi, skýrsla um leiðir til að auka viðarframleiðslu á Norður-

löndum, samstarf skógræktarmanna, sem vinna við skóga í eigu sveitarfélaga, kynningarbækling um skógrækt á Norðurlöndum og nærrænan orðalista um skógrækt.

FUNDUR NORRÆNU ARBORETNEFNDARINNAR

var haldinn á Þingvöllum 28. júní. Þar voru mættir:

Frá Danmörku:

Sören Ödum, formaður nefndarinnar, trjáfræðingur við arboretið í Hörsholm.

Frá Grænlandi:

Poul Bjerger, forstöðumaður tilraunastöðvarinnar í Upernaviarssuk.

Frá Finnlandi:

Max Hagman, prófessor, Helsinki.

Frá Færeyjum:

Andreas Højgaard, formaður Skógfriðingarnefndarinnar, Þórshöfn.
Leivur Hansen, skógarvörður, Höydølum.

Frá Íslandi:

Þórarinn Benediktsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá.

Frá Noregi:

Oddvin Reiser, prófessor í trjáfræði, Landbúnaðarháskólanum, Ási.
Magne Sandvik, trjáfræðingur við arboretið í Milde.

Á þessum fundi var ákveðið að bæta við einum íslenskum fulltrúa og að Grænland og Færeyjar fengju sinn fulltrúa hvor. Rætt var um að skiptast á plöntum frá

fræðisfnumarleiðingum undanfarinna ára. Rætt um framtíðarverkefni.

FERÐ TIL AUSTURLANDS

Þátttakendur á fundunum voru á hátíðafundi Skógræktarfélag Íslands á Þingvöllum og fóru í Haukadal og Aratungu, en hinn 28. júní var lagt af stað til Austurlands í bíl og farið sunnan jökla. Fimm norrænu fulltrúanna gátu ekki komið með, einn Dani og fjórir Svíar. Auk þeirra, sem taldir voru upp hér að framan var með í förinni Per Sindre Aas, skógræktarfræðingur og forstjóri Norska skógræktarfélag Íslands, sem stóð að hinni norsku afmælisgjöf til Skógræktarfélag Íslands, og þrettán eiginkonur fulltrúa. Í hóp Íslendinganna bættust Baldur Þorsteinsson og kona hans, Haukur Ragnarsson, Jónas Jónsson og kona hans og eiginkonur Sigurðar Blöndals og Snorra Sigurðssonar.

Ferðin austur tók tvo daga. Dumbungsveður var austur í Mýrdal, en úr því var veður eins fagurt og á varð kosið. Á Hallormsstað var dvalist í einn dag og skógræktin þar skoðuð. Það voru nokkrir elstu skógarsteigararnir, en þó sérstaklega nýmarkir frá síðustu 10-15 árum. Og að sjálfsögðu Mörkin. Þótti gestunum mjög athyglisvert að sjá árangur í skógræktinni á Hallormsstað.

Farið var frá Hallormsstað 2. júní og flogið til Reykjavíkur og síðan tekin flugvél til Norðurlanda sama dag.

Það var öllum þátttakendum í fundunum og ferðalaginu sérstakt ánægju efni að fulltrúar frá Grænlandi og Færeyjum skyldu vera með.

Koma þessara norrænu skógræktarmanna til Íslands er merkur viðburður, sem mun á komandi árum reynast gagnlegur fyrir skógræktarstarfið á Íslandi. Norrænir skógræktarmenn hafa um langt skeið lagt okkur lið beint og óbeint. Eftir heimsókn sem þessa eru þeir enn fúsari til þess en áður.

Árni G. Eylands

8. maí 1895 - 26. júlí 1980

Árni G. Eylands var formaður Skógræktarfélags Íslands árin 1938 til 1940. Áður en hann tók sæti í stjórn félagsins hafði hann lagt félaginu gott liðsinni er það tókst á hendur friðun Bæjarstaðaskógar af litlum eignum en mikilli bjartsýni. Útvegaði hann félaginu mikinn hluta girðingarefnis því að kostnaðarlausu. Er hann hafði gerst formaður félagsins kom hann á fyrstu tengslum þess við norskt skógræktarfélag, Bergens Skogselskap, og þaðan komu plöntur og ráð, sem urðu að gagni. Þá gerðist hann ótull hvatamaður að friðun Heiðmerkur á þessum tveim árum, en það dróst samt um tíu ára skeið að hafist væri handa um friðunina. En þegar hún loks komst á var farið eftir þeim tillögum, sem stjórn félagsins hafði lagt til.

Árið 1940 vildi Árni ekki með neinu móti halda áfram formennsku þótt eftir væri gengið, sakir ágreinings innan stjórnarinnar, sem í raun og veru kom til út af smámunum.

Árni lagði stund á landbúnað í Noregi á unga aldri og varð mikill athafnamaður á því sviði um allmörg ár. Hann var mikill ræktunarmaður alla tíð og einkar laginn við hverskonar landbúnaðarverkfæri, en hann hóf störf sín hér þegar vélamenningin hóf innreið sína með stórvirkari verkfærum en áður höfðu þekkt, og var hann véla- og verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands um skeið. Síðar á ævinni fékkst hann við ýmskonar störf en ávallt í sambandi við landbúnað og ræktun. Eftir hann liggja margar ritgerðir á prenti, einkum um ræktunarmál og brýndi ávallt fyrir mönnum að vanda ræktunina, en kasta ekki höndum til hennar, eins og tíðkast hefur svo mjög á undanförmum áratugum.

Árni var kvæntur norskri konu, Margit Fosstveit, og áttu þau tvö börn, Iðunni og Erik. Iðunn lést á besta aldri, en Erik er starfsmaður Vegagerðar ríkisins.

Hákon Bjarnason



Jón Gestur Vigfússon

26. desember 1892 - 15. október 1980

Jón Gestur Vigfússon sat fjölda aðalfunda Skógræktarfélags Íslands frá því að Skógræktarfélag Hafnarfjarðar var stofnað 1946 og fram til 1964, er hann lét af stjórnarstörfum í því félagi fyrir aldurs sakir og af heilsufarsástæðum. Hann var því kunnugur félagsmönnum og félagssamtökunum um mörg ár. Öllum, sem hann kynntist, var einkar hlýtt til hans, enda var hann ekki neinn meðalmaður að hverju sem hann gekk.

Jón Gestur var borinn og barnfæddur Hafnfirðingur og í Firðinum bjó hann alla ævi. Hann var sonur Vigfúsar Gestssonar frá Forsæti í Flóa og konu hans Steinunnar Jónsdóttur frá Akrakoti á Álftanesi og bar nafn beggja afa sinna. Jón Gestur kvæntist Sesselju Magnúsdóttur frá Skuld árið 1916, en hún andaðist 1975. Þeim varð 13 barna auðið og eru 12 á lífi.

Ungur að árum hóf Jón Gestur verslunar- og skrifstofustörf, en jafnframt því gaf hann sig mjög að félagsmálum, enda eftirsóttur til þeirra starfa. Árið 1947 réðst hann sem gjaldkeri til Sparisjóðs Hafnarfjarðar og rækti það starf með einstakri þrýði fram til ársins 1965, er hann lét af störfum sakir sjóndepru og aldurs. Sú sjóndepra ágerðist og varð hann síðan blindur síðustu ævírin.

Þegar Skógræktarfélag Hafnarfjarðar var stofnað haustið 1946 kom það í hans hlut að verða ritari félagsins fyrstu 10 árin. Mun ekkert skógræktarfélag landsins eiga jafn greinagóðar og vel ritaðar fundargerðir sem þær, er Jón Gestur færði með sinni fögru rithönd. Síðar gegndi hann formannsstörfum í félaginu um tveggja ára skeið, en úr stjórn gekk hann 1964 eins og áður segir.

Það var ekki að ófyrirsýnju að Jón Gestur var með í félagsstjórninni frá upphafi. Um 1935 fékk hann stórt land til ræktunar í Sléttuhlíð, um 5 km veg austur af bænum. Landið var ekki álitlegt við fyrstu sýn, órækt-



armóar og grágrýtisklappir í hlíðinni, en þrautnagaðar valllendisgrundir við hlíðarræturnar. En þar voru samhent hjón að verki ásamt stórum barnahópi, sem breyttu þessu landi í gróðursælan unaðsreit þar sem þau dvöldu allar stundir, sem fært var. Eitt sinn er ég kom til Jóns Gests og við gengum um landið sagði hann við mig eitthvað á þessa leið: „Ég kæri mig ekki um stærra land, en ég vil sýna mönnum hvað gera má án allt of mikillar fyrirhafnar svo að þetta megi verða öðrum fordæmi.“ Jón Gestur fann ekki til fyrirhafnarinnar, sem hefur verið ærin, í gleði sinni yfir því að hafa slíkt land undir höndum. Þau voru orðin ærið mörg sporin hans úr Hafnfirði í Sléttuhlíð áður en sæmilegur vegur náði þangað.

Á þessum stað má nú sjá hvernig allt umhverfi Hafnarfjarðar gæti litið út, ef bæjarbúar og bærar stjórn vildu feta í fótspor hans.

Hákon Bjarnason

Ragnar Jónsson

4. ágúst 1921 - 12. nóvember 1980



Hinn 12. nóvember s.l. andaðist í Borgarspítalanum vinur minn Ragnar Jónsson, eftir langa og erfiða sjúkdómslegu. Með honum er góður maður genginn og harmur í huga allra þeirra, er hann þekktu. Ragnar Jónsson var fæddur 4. ágúst 1921 í Gróðrarstöðinni við Laufásveg, sonur hjónanna Aðalheiðar Ólafsdóttur frá Sogni í Ölfusi og Jóns Ívarssonar frá Reykjakoti í sömu sveit, og var hann næst yngstur jó systkina sinna.

Á uppvaxtarárum Ragnars var erfitt um afkomu hjá verkamannsfjölskyldu, ekki síst þar sem barnahópurinn var jafnstór og hjá foreldrum hans. Varð hann því að létta undir með þeim strax og geta leyfði, m.a. sem mjólkurpóstur og sendisveinn. Síðar stundaði hann almenn verkamannastörf, þar til árið 1941, að hann gerðist starfsmaður Ísafoldarprentsmiðju, og var hann mörg síðustu árin forstöðumaður bókaforlags Ísafoldar og gegndi því starfi af mikilli húsbóndahollustu og nákvæmni þar til í nóvember á s.l. ári að hann tók sjúkdóm þann, er nú hefur leitt hann til dauða.

Þann 16. júní 1950 gekk Ragnar að eiga Magnúsínu Bjarnadóttur og eignuðust þau tvær dætur, Sólrúnu Lilju hjúkrunarfræðing, gifta Jóhannesi Norðfjörð og Pálinu Aðalheiði sem gift er Oddi Halldórssyni, og eru barnabörnin orðin fjögur.

Hjónaband þeirra Magnúsínu og Ragnars var ætíð hið ástúðlegasta og besta. Þau voru sérstaklega samhent um að bæta og fegra umhverfi sitt og ber heimili þeirra því gleggst vitni. Þar undu þau löngum og nutu fagurrar tónlistar og góðra bókmennta. Ekki er hægt að minnst Ragnars án þess að Möggu sé getið nokkuð frekar, og er mér þá efst í huga sú fórnarlund og ósérhlífni, sem er svo rík og eiginleg í fari hennar. Þessir kostir hennar komu best fram í því, hvernig hún annaðist eiginmann sinn í hans löngu og erfiðu

sjúkdómsraun, hvort sem hann var heima eða á sjúkrahúsi.

Kynni okkar Ragnars hófust er ég kvæntist, þar sem Helga kona mín og Magga eru æskuvinkonur. Ég hef oft hugsað um þá skemmtilegu tilviljun - en sumir segja nú að ekkert sé tilviljun - að við skyldum hittast og takast með okkur svo náin kynni og vinátta sem raun varð á. Skýringarinnar er sjálfsagt að leita til þess hve viðhorf okkar til manna og málefna fóru vel saman, og ekki hvað síst hvað varðar málefni skógræktar á Íslandi. Ragnar gerðist snemma félagi í Skógræktarfélagi Reykjavíkur og varð þar virkur félagi. Hann sat í stjórn þess um árabíl og gegndi þar ritarastörfum síðustu árin og sat einnig aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem fulltrúi síns félags. Á þessum fundum eignaðist hann marga góða vini víðsvegar að af landinu.

Honum var ekki nóg að starfa að félagsmálum skógræktarmanna, hann hafði einnig mikla löngun til að fá landskíka, þar sem hann gæti hafið uppgræðslu og trjárækt. Þetta tókst honum árið 1971, er hann fékk land hjá ábúendum á Neðra-Hálsi í Kjós. Fyrir þetta voru þau hjónin ákaflega þakklát, að hafa fengið sitt eigið friðland. Strax hófust þau handa um gróðursetningu trjáplantna og byggingu sumarhúss, og er þar nú þegar kominn upp fjölbreyttur blóm- og trjágróður, sem gleður auga þeirra, er um veginn fara og líta heim að Brekkukoti.

Ragnar sannaði það í ríkum mæli, að menn geta verið fjölfróðir, þótt þeir hafi ekki notið langrar skólagöngu; þetta kom ekki hvað síst fram í því, hve fróður hann var um allt er varðaði okkar kæra land og sögu þjóðarinnar; en eru þetta ekki einmitt traustustu hornsteinar almennrar menntunar?

Framhald á næstu síðu

Jón Jósep Jóhannesson cand. mag.

11. mars 1921 - 5. maí 1981



Skógræktarmenn sakna vinar í stað nú er við höfum kvatt Jón Jósep Jóhannesson hinstu kveðju. Hann kvaddi lífið á síðustu vordögum, einmitt þegar hann hafði ráðgert að taka til hendi með einhverjum hætti við ræktunarstörf, eins og hann hafði ætíð gert á hverju sumri þegar tími og kraftar leyfðu. Jón hafði

viðkvæma lund og var hugkvæmur fagurkeri, og átti þar af leiðandi fjölmörg áhugamál.

Margar af óskum sínum sá hann rætast, og það sem hæst bar var framgangur og þróun skógræktar á Íslandi. Á því sviði var hann ötull og ósérhlífinn þátttakandi og sér þess víða merki. Nefna má sérstaklega tvö dæmi sem hæst ber, skóginn í hlíðunum ofan Skógaskóla, sem hann var frumkvöðull að og Jónsskóg á Hallormsstað. Hvorutveggja eru þetta verðugir bauta-

steinar, sem bera honum fagurt vitni. Eftir Jón liggja ritsmíðar um skógrækt, sem eru unnar af alúð og þekkingu og á ágætu íslensku máli. Þegar minnst er á málþekkingu Jóns er komið að öðrum aðalþætti lífsstarfs hans. Þar er átt við kennslustörfin, sem reyndar voru hans aðalviðfangsefni frá því að hann lauk námi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1949. Það sama ár hóf hann kennslu við nýstofnaðan Skógaskóla og átti ekki lítinn þátt í þeirri mótun sem skólinn býr að enn í dag.

Hann var í einu orði sagt frábær kennari og þá sérstaklega í íslensku. Nemendurnir fundu fljótt færni hans, velvildarhug og skynjuðu vel hvers hann krafðist af þeim í ástundun. Kennsla hans var ekki bundin við hefðbundinn skólatíma, hann var ætíð reiðubúinn til aðstoðar og hvatningar til þeirra, sem verr stóðu að vígi og hlaut að launum virðingu og traust. Fullyrða má að hann hafi lifað sín bestu starfsár í Skógum, og íbúar Eyjafjallasveitanna eiga um hann góðar minningar. Vinátta Jóns Jóseps var fölskvalaus og einlæg og mikilsvirði þeim, sem þekktu hann best.

Kristinn Skæringsson

Margar hafa þær ánægjustundir verið, sem við áttum saman, ekki síst er við og fjölskyldur okkar fórum mörg sumur um nær allar byggðir landsins. Oft rifjuðum við upp minningar frá þeim stöðum, sem við höfðum dvalið á í tjöldum okkar og minntumst þá allra þeirra unaðsemða íslenskrar náttúru, er við höfðum notið þar. Þá þótti okkur og gaman að taka heimamenn tali og heyra með því hinn fjölbreytta orðaforða og tungutak landsmanna. Þá höfðum við og gaman af að minnast þeirrar fróðlegu og skemmtilegu skiptiferðar skógræktarmanna, er við og konur okkar fórum í sumarið 1976. Þar dvöldum við og störfuðum að trjáplöntun í hinnu norsku Heiðmörk. Þá rættist gamall draumur, er við höfðum lengi átt, að kynna skógrækt Norðmanna af eigin raun. Í þessari ferð skiptust á vinna við plöntun og fræðsluferðir eins og kunnugt er. Það var mjög ánægjulegt að sjá, hversu mjög Ragnar lagði sig fram um að kynna sér vel sem flesta þætti norskrar skógræktar, allt frá plöntuuppeldi til sögunarmyllunnar.

Í framhaldi af þessu vil ég geta þess, að 2 árum síðar fóru þau hjón til Noregs, og sóttu heim þá ágætu kunningja, sem við eignuðumst í þessari ferð, og litlu rauðgreniplönturnar okkar sem þá voru farnar að teygja sig upp mót himni og sól.

Það er erfitt fyrir okkur öll, er áttum hann að vin, að sjá á bak honum. Nýtt og óbæt看legt skarð er komið í vinahópinn. Þegar aldurinn færir sig yfir, vill svo oft verða, að efunarmaðurinn fer að trúá á annað líf, og það er víst, að trú mín hefur styrkst nú um sinn. Ég á erfitt með að hugsa mér, að við Ragnar eigum aldrei eftir að hittast. Hvernig sem það tilverustig verður, vona ég, að þar megi finna dulitinn beran mel og blásið barð, og við getum þá dundað við að koma þar upp smá Brekkukotshvammi og litlum Bólstað.

Ég og fjölskylda mín minnumst Ragnars sem hins hógværa og góða vinar og þökkum honum hans tryggu vináttu.

Blessuð sé minning hans

Ólafur Tr. Vilhjálms

Skýrsla Skógræktar ríkisins fyrir árið 1979

FJÁRVEITINGAR OG SÉRTEKJUR

Fyrir árið 1979 voru veittar á fjárlögum til Skógræktar ríkisins kr. 380.555.000. Hér frá dragast áætlaðar sértekjur kr. 55.000.000.

Skv. ársreikningi urðu gjöld að frádregnum sértekjum, sundurliðuð eftir viðfangsefnum fjárlaga, sem hér segir:

Yfirstjórn	47.816.183
Skógvarsla	66.868.075
Skógggræðsla	56.119.182
Gróðrarstöðvar	52.688.784
Skógggræðsla fyrir einstaklinga	4.000.000
Tilraunir að Mógilsá	43.115.527
Ýmis kostnaður	10.330.950
Til framkvæmda í Fljótsdal	4.500.000
Landgræðsluáætlun	123.501.649
	408.949.350

Nettógjöld urðu rúmlega 83 millj. kr. hærri en áætlað var á fjárlögum.

Bókfærðar tekjur urðu 131.490.911, eða kr. 76.490.000 hærri en áætlað var. Gjöld að frádregnum tekjum urðu þannig tæpum 7 millj. hærri en á fjárlögum.

Í stórum dráttum sundurliðast sértekjur svo:

Afurðasala (að frádregnum söluskatti) nam 105.196.777. Eru það tekjur af sölu plantna og skógarafurða. Önnur vörusala er kr. 1.683.108, leigutekjur kr. 4.465.345, seld þjónusta kr. 10.513.770, ýmsar ósundurliðaðar tekjur kr. 6.699.913.

Seld þjónusta er fyrst og fremst vinnusala og leiga á vélum. Leigutekjur eru að mestu tjaldsvæðagjöld.

VEÐURFAR

Borgarfjarðarsýsla. Fyrsta ársfjórðunginn var snjöpungt í Skorradal og sveitum Borgarfjarðar. Einkan-

lega í mars, sem taldist harðindamánuður. Apríl var í kaldara lagi og maí með eindæmum, einkum fyrri hluti. Ís var á Skorradalsvatni fram yfir 20. maí og snjófannir sunnan vatns niður að vatnsborði til 25. maí.

Júní var óvenjukaldur og júlí svalur, en sólríkur. Algengt var, að hitastig á nóttu færi niður í 2 stig í Skorradal.

Síðari hluta júlí og fyrri hluta ágúst var gott veður, sólríkt og hlýtt. Síðari hluta ágúst kólnaði með þoku og úrkomu, sem hélst fram eftir september. Fyrsta frostnótt í Hvammi í Skorradal kom 8. september, en snjókoma fyrst 15. september. Í heild varð september með eindæmum kaldur. Meðalhiti í september í Andakílsársvirkjun 1949-60 var 8,3 stig, en 4,4 stig á Fitjum 1980.

Sumarúrkoman var afar lítil, svo að áburður á jólatré nýttist mjög illa.

Október var hlutfallslega hlýrri en september og nóvember og desember voru nærri meðallagi, en umhleyptingasamir.

Þess má, geta, að í ágúst 1979 hófust veðurathuganir á Fitjum í Skorradal, sem er einn af innri bæjum að norðanverðu. Er það mjög mikilsvert fyrir skógræktina í Skorradal að hafa 2 veðurathugunarstöðvar sína á hvorum enda í dalnum.

Vesturland. Veðráttu var ákaflega óhagstæð á öllu þessu stóra svæði. Klaki hljóp djúpt í jörðu seinni hluta desember 1978. Síðan urðu óvenjumikil snjóþýngsli. Vorið - sem ekkert vor var - var afar kalt og sumarið kalt og þurrt, en mjög sólríkt. Haustveðráttu var fremur hagstæð. Ísa leysti af Hreðavatni 23. maí, en lagði aftur 9. nóv. Var því íslaut í 170 daga.

Norðurland eystra. Hér miðast tíðarfarsyfirlitið við Vagli í Fnjóskadal.

Janúar, febrúar og mars voru afskaplega kaldir. Mars var t.d. 5,4 stigum undir meðallagi. Snjór var

óvenjúlíttill, aðeins 24-29 cm meðaldýpt, sem er ákaflega lítið í Fnjóskadal á þessum árstíma.

Apríl var í tæpu meðallagi með hita. Snjór jókst þá frá mars og varð meðalsnjóðýpt 42 cm.

Mái var með eindæmum kaldur. Hitinn var -1,3 stig, sem er 6,4 stigum undir meðallagi. Frost mældist við jörð alla daga mánaðarins nema einn. Þetta var auðvitað langkaldasti maímánuður í mannaminnum.

Júní var nærri meðallagi að hita, hins vegar var frost ekki farið úr jörðu í lok mánaðarins. Birkiskógur var hálfútsprunginn um miðjan júní, en ekki allaufgaður fyrr en í mánaðarlok. Frost við jörð mældist 8 sinnum.

Júlí var kaldari, enda norðanánt ríkjandi og ennfremur ágúst. Hiti var verulega undir meðallagi báða mánuðina. Þó tók steinninn úr í september, sem var rúmum 4 stigum undir meðallagi. Í þeim mánuði mældist frost 19 sinnum við jörð, og frost varð 10 stig 20. september.

Til bóta brá í október, sem var verulega yfir meðallagi. Nóvember og desember voru heldur undir meðallagi. Meðalsnjóðýpt í desember var 21 cm, sem telst með minna móti.

Júní-september var 6,7 stig, sem er það langlægsta, sem vitað er um.

Austurland. Veturinn frá áramótum ríkti norð-norð-vestlæg átt, en um miðjan febrúar kom mjög mikill rigningarkafli. Lagarfljót lagði upp úr janúarlokum. Er það ætíð nokkur mælikvarði á vetrarhörkur. Á árunum 1930-1940 lagði það ekki upp úr nema annað hvert ár. Meðalhiti þriggja fyrstu mánaðanna var sá lægsti síðan mælingar hófust á Hallormsstað. Vetrarriki var til miðs apríl. Síðari hluti apríl var nokkuð góður. Frá apríllokum til 20. maí var meðalhiti tæplega -3 gráður. Ís leysti af Lagarfljóti 22. maí, vorgróður fór að koma eftir 25. maí og tré að opna brumhlífar síðast í maí. Góð tíð var fyrstu þrjár vikur af júní með allgóðri vætu. Þá kólnaði nokkuð, en hlýnaði í lok júní og fyrsti þriðjungur júlí var góður með nægilegri úrkomu fyrir gróður. Þá kólnaði verulega. Blómjurtir blómguðust 14-17 dögum seinna en í meðalári. Fyrri hluti ágúst var þokkalegur, en síðari hlutinn kaldur. Fyrsta næturfrost í mælaskýli var 15. september, -3,2 stig og -7,4 stig við jörð. Rífsber roðnuðu aldrei og reyniber náðu ekki að mynda fræhvítu. Bláber blánuðu 24. september og náðu hálfri meðalsterð. Fyrri hluti október var hlýr, en síðan kom mikill rigningarkafli. Hinn 21. október féll fram geysimikil aurskriða á Víðivöllum ytri í Fljótsdal og tók með sér skóg á 300 m breiðu belt. Nóvember var í kaldara lagi, en desember aftur á móti hlýr með mikilli rigningu.

Suðurland. Veturinn frá áramótum var frostharður og kaldur. Óvenjumikinn snjó setti niður. Klaki fór djúpt í jörðu, þar sem snjó hafði skafið af og fór ekki fyrr en um mánaðamót júní-júlí. Sumarið var kalt og þurr. Haustið og veturinn til áramóta var fremur kaldur. Á Sámsstöðum í Fljótshlíð var meðalhiti júní-september 8,7 stig og 8,1 stig á Hæli í Hreppum. Meðaltal þessara mánaða tímabilið 1931-1960 er 10,2 stig á Sámsstöðum og 10,0 stig á Hæli. Sést af þessu, hve gífurlega miklu munar.

Suðvesturland. Fyrstu þrír mánuðir voru með óstöðugu veðri og hiti 3-4 stigum undir meðallagi. Snjóalög talsverð. Apríl-júní var óvenjukalt og frost í jörðu langtum meira en venjulega. Júní var votviðrasamur. en júlí-september var þurr og kalt að undanteknum 10 daga kafla í júlí. Haustið var úrkomusamt, einkum október og var hann hlýr.

Nóvember var kaldur og snjóléttur með samfelldum frostum síðari hluta. Staðviðri voru í desember, en nokkurt frost. Snjór var sama og enginn. Í Reykjavík varð kaldast í janúar -16,8°C, en hlýjast í júlí + 18,6°C. Á Þingvöllum varð kaldast -25,6°C, en hlýjast í júlí + 21,3°C.

LAUFGUN OG LAUFFALL

Tafla 1. Laufgun og lauffall birkis á nokkrum stöðum:

Staður	Laufgun	Lauffall
Reykjavík	10 - 15/6	25/9-1/10
Hvammur, Skorradal	10- 15/6	29/9 - 5/1 0
Jafnaskarð	28/6	6/10
Vagllir í Fnjóskadal	30/6	23/9-10/10
Hallormsstaður	17/6	8/10 alveg fallið
Tumastaðir (Bæjarst.)	18/6	2/10
Selfoss	15/6	
Þórsmörk	15/6	
Þjórsárdalur	20 - 25/6	

Eins og skýrt hefir verið frá fyrr í þessum skýrslum, hefir Páll Guttormsson á Hallormsstað fylgst nákvæmlega með laufgun og byrjun vaxtar hjá ýmsum trjátegundum og kvæmum þar, og auk þess blómgunartíma ýmissa jurta í nokkur ár.

Að þessu sinni skal getið um eftirfarandi:

17/6 ísl. blæösp frá Gestsstöðum í Fáskrúðsfirði
20/6 - - - Garði í Fnjóskadal
20/6 - Egilsstöðum
12/6 alaskaösp Kenai Lake

12/6 alaskaðösp Valdez
 16/6 - Copper River Delta
 9/6 siberíulerki frá Írkútsk
 10/6 - Hakaskoja
 10/6 rússalerki - Sénkúrsk
 10/6 - Arkangelsk
 10/6 - Raivola
 10/6 - gróðursett 1922
 10/6 siberíulerki frá Altai.

Ef þetta er borið saman við laufgunardaga 1978 á sömu trjám, kemur í ljós mikill munur milli ára. 1978 var miklu meiri munur innbyrðis en 1979.

VÖXTUR OG ÞRIF

Suðvesturland. Vöxtur var allgóður og þrif með betra móti. Á Þingvöllum var allmikill skógarmaður.

Borgarfjarðarsýsla. Vöxtur flestra barrtrjátegunda var allmikill og eru það áhrif frá sumrinu á undan. Algengt var, að ársprotar þroskuðust ekki. Sérstaklega sitkagreni og þintegundir. Barrtré hófu ekki vöxt fyrr en um miðjan júlí.

Vesturland. Var með lakara móti, nema sums staðar á blágreni og sitkagreni.

Norðurland eystra. Vöxtur var nokkuð góður á greni og furu, en mjög lélegur á öðrum trjátegundum.

Austurland. Að öllu samanlögðu var vöxtur undir meðallagi. En kalda sumarsins í ár mun þó fyrst og fremst gæta á næsta ári.

Suðurland. Vöxtur lélegur yfirleitt. Barnnárar á sitkagreni stuttar og harðar.

Haukdalur. Sprotar á trjám þroskuðust misjafnlega vel, einkum á sitkagreni. Stafafura og rauðgreni gengu frá þroskuðum sprotum.

FRÆFALL OG FRÆSÖFNUN

Fræfall var yfirleitt ekki mikið, en nokkru fræi var þó safnað.

Á Víðivöllum í Fnjóskadal var safnað 3 kg af Bæjarstaðabirki, er þar vex.

Í Fljótshlíð var safnað alls um 7 kg af birkifræi, sem líklega er allt ættað frá Bæjarstað.

Í Skaftafelli safnaði mannskapur frá Rannsóknastöðinni á Mógilsá allmiklu birkifræi, sem reyndist 40,5 kg þurrkað og hreinsað (sjá skýrslu Rannsóknastöðvarinnar fyrir 1979 í Ársriti 1980).

Á Tumastöðum var safnað 9 sekkjum af sitkagreni-könglum og smávægis af öðrum tegundum.

Könglar komu á stafafuru á nokkrum stöðum, en hvergi var safnað, enda þroski fræs lélegur eftir slíkt endemissumar.

Engu fræi var safnað á Hallormsstað, enda fræþroski enginn á slíku sumri.

SKAÐAR

Beitarskaðar. Þess er getið, að í nýju Ásagirðingunni við Hallormsstað gerðu kindur mikinn usla í birki og lerki, sem plantað var þetta sumar. Var það tilfinnanlegt tjón. Fé hefir bæði komist inn um hlið, sem skilin voru eftir opin, og eins og oft verður gegnum girðingu.

Birkimaður var hvergi teljandi.

Furulús á stafafuru er nokkur hér og þar. Skógar-vörðurinn í Skorradal telur hana heldur færast í aukana hjá sér og enn fremur á Vesturlandi.

Sitkalúsar er ekki getið neins staðar á þessu ári.

Hefir úðun sú, sem víða fór fram 1978 sunnanlands, borið árangur. Hinn kalda vetur 1978-1979 ætti að reynast slæmur fyrir þennan skaðvald.

Ranabjöllur varð vart í móbandsrúllum af sitkagreni á Tumastöðum.

VEÐURFARSSKEMMDIR

Á Vesturlandi voru allir sígrænir barrviðir venju fremur ljósir. Sums staðar féllu nárar af rauðgreni. Um allt land voru ársprotar af sitkagreni bognir eftir fyrstu haustfrost. Í ljós kom, er íslensk jólatré komu í hús um jólin, að óvenjufljótt hrundu af þeim nárar. Má ótvírátt kenna það lélegum þroska eftir sumarið og um leið frostunum í september, sem komu við trjágróður á þessu sumri eins og þau hefðu komið í ágúst á venjulegu sumri.

FRÍÐUN OG GIRÐINGAR

Suðvesturland. Endurnýjaður var 400 m kafli í Straumsgirðingu, en í öðrum girðingum venjulegt viðhald, sem alltaf er langmest á Mógilsárgirðingu, m.a. vegna skriðufalla. Vinnuflokkur umdæmisins lauk við Kaldárselsgirðingu fyrir Hafnarfjarðarbæ, sem friðar um 1200 ha svæði, og Múlastekksgirðingu í Skriðdal fyrir Seðlabanka Íslands.

Borgarfjarðarsýsla. Haldið var áfram með girðinguna í Sarpi og Efstabæ í Skorradal. Að mestu var lokið við 2,2 km sunnan Fitjaár. Þetta er nokkuð erfitt land að girða, jarðgrunnt og grýtt og víða klappir, svo að bora þurfti fyrir staurum.

Viðhald girðinga varð minna en fyrirfram var búist við eftir snjóþungan vetur.

Vesturland. Hér var aðeins unnið við nauðsynlegasta viðhald girðinga og hvergi nærri nóg. Margar girðingar Skógræktar ríkisins í þessu umdæmi eru orðnar

ákaflega lélegar. Einkum er orðið brýnt að endurgirða Jafnaskarðs- og Stórafjallsgirðingar.

Norðurland eystra. Í sex helstu girðingum í þessu umdæmi var skipt um 339 staura og 300 m af gaddavir í venjulegu viðhaldi.

Girt var að nýju og stækkuð girðing um *Mela- og Stórhöfðaskóg* í Fjóskaðal. Lengd hinnar nýju girðingar er 4.000 m. Hægt var að nota áfram 1.280 m langan suðurgafli gömlu girðingarinnar, nema hvað þurfti að staura hann að nýju. Að mestu er girðingin úr neti með þremur gaddavirstrengjum.

Mela- og Stórhöfðaskógur var girtur fyrir 37 árum, en sú girðing var að mestu fallin. Þar er ljómandi fallægur birkiskógur, sem þarfnast mjög grisjunar, en nú var girt um verulegt skóglaut svæði, sem bíður uppgræðslu.

Austurland. Viðhald var óvenjulítið á Hallormsstaðagirðingu, en allmikið á Jórvíkurgirðingu, eins og löngum hefir orðið raunin.

Í nýgirðingum varð það tíðinda, að byrjað var að girða af land *Hafursár*, efri hlutann, en neðsti hlutinn með Lagarfljóti var girtur árið 1964. Þetta var langþráð takmark. Þessi girðing verður 2,4 km á lengd og liggur uppi á fjallsbrún neðan við Grindarmúla svonefndan, framhjá Hafursárseli og túngirðingu á

Freyshólum. Lokið var undirhleðslu undir girðinguna, sem á köflum var mikil, gengið frá hornum og sigum og helmingur vegalengdarinnar stauraður.

Með þessu bættast 350 ha við friðland Hallormsstaðasvæðisins. Þá verður stærð þess réttir 2.000 ha neðan við 250 m hæð yfir sjávarmáli.

Tumastaðir og Stóri-Kollabær. Þegar Skógrækt ríkisins eignaðist Stóra-Kollabæ (sjá síðar) bættust um 9 km af girðingum við það, sem fyrir var á Tumastöðum. Langir kaflar í þessum girðingum eru að vísu lélegir, en þó þess virði að hressa þá við.

Á þessu ári var aðeins unnið að brýnasta viðhaldi.

Suðurland. Hér var gert við girðingar svipað og í flestum árum. Hér er um að ræða eftirtalda staði: Þórsmörk, Þjórsárdal, Laugarvatn, Skarfaness, Kirkjubæjarklaustur og Hlíð í Skaftártungu. Af þeim eru erfiðastar girðingararnar um Þórsmörk og Þjórsárdal, sér í lagi Þórsmörk. Við bætist þar, að sauðfé það, sem gengur í nærliggjandi afréttarlönd, svokallaða Almennina, leitar af eindæma áfergju í girðinguna. Liggur við, að engin girðing haldi þessum skepnum, að því er eftirlitsmenn Skógræktar ríkisins í Þórsmörk hafa margsinnis skýrt frá. Reynsla virðist ótvírætt benda til þess, að ógerlegt sé að verja Þórsmörkina fullkomlega fyrir ágangi meðan féð er rekið á hina svokölluðu afrétt, sem heita Almenningar. Miklu nær væri að kalla þetta eyðimörk.

Hins vegar er gaman að geta þess hér, að sú takmarkaða friðun, sem verið hefir í Þórsmörk og á Goðalandi undanfarna 6 áratugi, hefir borið mikinn árangur. Girðingin gegnum Hamraskóga í Þórsmörk er þar ljósast dæmi. Ennfremur kemur birki nú mjög upp á því landi, sem áður var örfoka, en sáð hefir verið í grasfræi. Við grasfræsáninguna nær landið að hálfgróa og skapast þá mjög góð skilyrði fyrir birkið að sá sér. Á Goðalandi hefir geysileg breyting orðið. Birki er þar að koma upp um allar brekkur og í Básam er orðinn þéttur skógur um 40 ára gamall.

Þessi orð eru hér sett á blað til hughreystingar öllum þeim sumargestum í Þórsmörk, sem ekki hafa haft svefnfrið í tjöldum sínum fyrir jarmi kinda á nóttunni. Fjárfjöldi í Þórsmörk skiptir iðulega hundruðum. En svo virðist sem mjög margt af þessu fé safnist saman einmitt á tjaldsvæðum, þar sem borið er á grasflatimar.

Byrjað var á nýrri girðingu í *Hrautúni* í *Biskupstungum*, en þar var samið við eigendur jarðarinnar fyrir nokkrum árum að taka þessa jörð til skógræktar. Er þarna samfelld skóglendi, á þörtum ljómandi falllegt. Girtur var austurjaðar landsins 2,3 km að lengd. Vinnan við uppsetningu girðingarinnar var boðin út í ákvæðisvinnu, eftir að jafnað hafði verið undir girðinguna. Gaf það ágæta raun.



Við skógarjaðarinn í Hamraskógum í Þórsmörk. Beinvaخين ungskógur er innan girðingar, en gróður nauðrakaður niður í svörð utan hennar, sem sést á neðri hluta myndarinnar. Mynd: S. Bl., ágúst 1979.



Í Básam á Goðalandi er skógur óðum að vaxa upp á landi, sem fyrir 50 árum var að fara í örtröð. Mynd: S. Bl. ágúst 1979.

Í Þjorsárdal voru alveg endurgirtir rúmir 2 km: Helmingur norðaustur við Dímon og niður að Sandá. Hinn helmingurinn er í Hafinu austur við Þjorsá. Var hann settur upp til þess að fá örugga vörn við Þjorsá, en því var nokkuð áfátt.

NÝ SKÓGRÆKTARLÖND

Í EIGU SKÓGRÆKTAR RÍKISINS

Við áramótið 1979 keypti Skógrækt ríkisins jörðina Stóra-Kollabæ í Fljótshlíð. Hún liggur að Tumastöðum og virðist svo sem Tumastaðir séu ein þeirra mörgu smájarða, sem skipt var út úr Kollabæ.

Landstærð Stóra-Kollabæjar er alls um 475 ha, þar af skipt út 217 ha, en 258 ha í óskiptu beitilandi með nágrannajörðum á Kollabæjartorfunni svonefndu. Heita má, að land þetta sé allt gróið og mjög lítlegt til plöntunar. Með tilkomu þess nýtist land Tumastaða loks til friðunar, því að það er svo mjó ræma, að óhugsandi var að girða hana eina sér. Húsakostur á Stóra-Kollabæ er að nokkru leyti gamall, en þó ekki svo, að nýtanlegur er.

Það eru góð tíðindi fyrir skógræktarmenn, að það

skuli hljóta samþykki allra aðilja að taka slíka jörð í miðri góðsveit til skógræktar.

Fyrir því er ástæða til þess að þakka hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps og jarðanefnd Rangárvallasýslu fyrir þann skilning, er þær sýndu á málinu.

En sérstaklega er hér ástæða til að þakka eigendum Stóra-Kollabæjar, 8 systkinum, fyrir þann hug, sem þau báru til skógræktar í landinu og í ljós kom við samningsgerð um þessi kaup. Þeim var öllum mikið áhugamál, að jörðin yrði nytjuð til skógræktar, eftir að þau hættu þar búskap og slepptu hendinni af jörðinni.

Þá var á árinu keypt jörðin *Bakkakot í Skorradal*. Þar hafði Skógrækt ríkisins á leigu hið neðra land, sem var afgirt, 86 ha, en þó með vissum takmörkunum. Eigandinn, sem er erlendur maður, vildi nú selja jörðina og lét í ljós áhuga á því, að Skógrækt ríkisins eignaðist hana. Hreppsnefnd og jarðanefnd samþykktu kaupin.

Þessari jörð fylgja hús, sem hægt er að nota sem viðleguhús og geymslur.

Á þessu ári varð að samkomulagi milli Skógræktar ríkisins og forráðamanna Kristneshælis, að Skógræktin tæki í sína umsjá skógræktarreitinn á *Kristnesi*. Formlegur samningur var þó ekki gerður á þessu ári. Hins vegar var byrjað að planta í Kristnes um vorið og um haustið var tekin góð rispa í grisjun.

Í maí 1979 fékk Skógrækt ríkisins með bréfi landbúnaðarráðuneytisins umráð yfir jörðinni *Vöglum á Þelamörk* í Glæsibæjarhreppi. Tilskiðið með afhendingunni var, að samkomulag yrði við hreppsnefnd um það, að efra land jarðarinnar gæti áfram verið beitiland. Um þetta hafði áður verið rætt við oddvita og var um það fullt samkomulag hans og Skógræktar ríkisins.

Skógrækt ríkisins hefir haft afnot af landspildu á *Vöglum* lengi, þar sem álitlegur birkiskógur hefir spróttið upp við friðun eina. Nokkuð hefir verið gróðursett af erlendum tegundum og vex allt afbragðsvel á *Vöglum*, t.d. rauðgreni, sem er þar óvenju fallett. Allar líkur eru til, að lerki geti dafnað vel þarna, ef vel tekst til um kvæmaval. Svo er og um stafafuru. Sitkagreni er líka gott.

Árið 1973 varð samkomulag við þáverandi ábúanda og jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins um stækkun girðingarinnar í 50 ha. Var búið að planta í hana að mestu.

Land það, sem um er að ræða að taka til skógræktar á *Vöglum*, er á bilinu 200-250 ha að meðtöldu því, sem þegar er tekið.

Það er merkisviðburður að fá til umráða svo væna spildu í miðju hinu fagra héraði *Eyrafjarðar*, þar sem skógræktarskilyrði eru með þeim bestu á landinu.

SKÓGARHÖGG

Tafla 2 sýnir, hvað afgreitt var af viðarafurðum á Vöglum í Fnjóskadal og Hallormsstað. Þetta er þó ekki alveg sama og það magn, sem fellur. Þunginn er meiri á alveg nýfellnum víði.

Tafla 2. Viðarsala á Vöglum og Hallormsstað 1979

Tegund	Eining	Hallormsst.	Vaglir	Alls
Eldiviður	tonn	10,16	88,58	98,74
Efniviður, birki		2,81	10,00	12,81
Efniviður, lerki	-	0,18	-	0,18
Ýmis viður			1,00	1,00
Staurar, birki	stk.	1.408	2.027	3.435
Staurar, lerki	-	824		824

Alls nam höggið á Hallormsstað 80 tonnum, en 114,47 á Vöglum. Aftur dró nú úr högginu að magni til og munar þar mestu, að minna var selt af reykingaviði til K. Jónsson og Co. á Akureyri en árið á undan.

Langmest af smíðaviðnum fór til Ármanns Þorgrímssonar á Akureyri.

Á árinu voru sagaðir um 10.000 bútar 4,5x4, 5x35,0 cm og 1.035 bútar 8,5x8, 5x60,0 cm.

Skemmtileg nýjung var reynd á Akureyri í nýtingu lerkis: Í veitingahúsinu Bautanum var útbúið dansgólf, sem gert var úr 12 mm þykkum sneiðum af lerki. Þetta tókst vel og vakti talsverða athygli.

Á Hallormsstað var mest höggvið birki ofan af lerki- og greniteigum. Hefir nú verið felldur birkiskermur ofan af öllu lerki í svonefndu Vörðuhrauni frá Guttormslundi og upp að Selvegi efst í skóginum. Grisjað var birki á allvænu svæði efst og innst í skóginum upp undir svonefndum Halaklettum.

Tafla 3 sýnir, hvað til féll af jólatrjáum og limi til skrauts:

Tafla 3. jólatré. Högg 1979	Jólatré	Greinar
Svæði	stk.	kg
Borgarfjörður	2.301	1.225
Vesturland	518	
Norðurland vestra	58	
Norðurland eystra	900	-
Austurland	1.385	244
Suðurland	1.731	-
Haukadalur	270	-
Alls:	7.163	1.469

Á Suðvesturlandi var þetta allt fellt á Þingvöllum. Borgarfirði allt í Skorradal. Á Vesturlandi allt í Jafnaskarði. Á Norðurlandi vestra allt á Laugabrekku. Á Norðurlandi eystra á eftirtöldum stöðum: Vöglum í Fnjóskadal, Fellsskógi, Sigríðarstaðaskógi, Sandhaugum, Þórðarstaðaskógi, Kristnesi, Vöglum á Þelamörk

og Ásbyrgi. Á Austurlandi var þetta allt fellt á Hallormsstað. Á Suðurlandi var þetta allt fellt í Þjórsárdal og í Haukadal er ekki nema það skóglendi, sem ber sama nafn.

Tíðarfar fyrir jólatréshöggvið var þokkalegt að þessu sinni og tafðist ekki af þeirri ástæðu. Hins vegar voru trén ákaflega gul um allt land og varð fyrir það meiri eltingarleikur en ella að velja þau. Af þessari ástæðu var miklu minna höggvið en annars hefði orðið. Þannig urðu jólatrésræktendur fyrir stórtjóni af völdum árferðisins. Sjálfsagt hefir þetta munað að minnsta kosti 3 þúsund trjám, sem að heildsöluverðmæti og frádrægnum söluskatti hefðu gefið 18-19 millj. kr.

GRÓÐRARSTÖÐVAR

Sáð var í fyrsta sinn í nýja gróðurhúsið í gróðrarstöðinni á Grundarhóli. Sáð var stafafuru og lerki og spíraði hvort tveggja afbragðsvel. Sáð var í ríffinn hvítmosa. Því miður kom upp myglusveppur á stafafurunni um haustið, svo að meiri hluti plantnanna eyðilagðist. Að þessu sinni var sáð í beð. Plöntur þessar verða notaðar til dreifsetningar. Að öðru leyti var sáning svipuð og venjulega. Garðplönturækt fór vaxandi og stafar það af því, að eftirspurn fer sífellt vaxandi eftir þeim.

Annars vísast til taflnanna yfir sáningu, dreifsetningu og afhendingu.

GRÓÐURSETNING

Nú var gróðursett allmiklu meira á vegum Skógræktar ríkisins en árið á undan.

Nýlunda var það, að í Haukadal var stungið um

4. tafla.

SÁNING ÁRID 1979

Tegund	Hallor staður		Vagllir		Tumastaðir		Grundar-hóll		Lauga-brekka		Skógrækt-rikisins alls		Fossvogur		Akureyri		Samtals
	m ²		kg	m ²	kg	m ²	kg	m ²	kg	m ²	kg	m ²	kg	m ²	kg	m ²	
Birki	0,12	50	0,22	88	0,57	102	-	-	0,50	36	1,41	276	0,45	330	0,15	50	2,01 656
Gráelri	0,35	3	0,03	6	-	-	-	-	-	-	0,38	9	-	-	-	-	0,38 9
Rauðelri	-	-	0,07	12	-	-	-	-	-	-	0,07	13	-	-	-	-	0,07 12
Sitkaelri	-	-	-	-	0,10	9	-	-	-	-	0,10	9	-	-	-	-	0,10 9
Blágreni	0,10	10	0,08	25	0,20	18	-	-	-	-	0,38	53	0,11	20	-	-	0,49 73
Rauðgreni	0,75	25	0,30	35	0,36	36	-	-	-	-	1,41	96	-	-	-	-	1,41 96
Sitkabastarður	0,40	5	-	-	-	-	-	-	-	-	0,40	5	-	-	-	-	0,40 5
Sitkagreni	-	-	-	-	1,95	105	-	-	-	-	1,95	105	1,16	110	-	-	3,11 215
Svartgreni	0,16	5	-	-	-	-	-	-	-	-	0,16	5	-	-	-	-	0,16 5
Lindifura	-	-	0,25	5	-	-	-	-	-	-	0,25	5	-	-	-	-	0,25 5
Stafafura	0,13	25	0,44	114	1,00	144	0,90	225	-	-	2,47	508	0,52	105	0,09	25	3,08 638
Svelgfura	-	-	-	-	1,00	3	-	-	-	-	1,00	3	-	-	-	-	1,00 3
Rússalerki	7,95	181	0,95	56	2,50	99	-	-	-	-	11,40	336	-	-	0,25	15	11,65 351
Siberiulerki	-	-	-	-	-	-	0,63	75	-	-	0,63	75	0,12	4	-	-	0,75 79
Samtals	9,96	304	2,34	341	7,68	516	1,53	300	0,50	36	22,01	1497	2,36	569	0,49	90	24,86 2156

5. tafla.

DREIFSETNING 1979

Tegund	Hallorms-staðir	Vagllir	Tuma-staðir	Lauga-brekka	Norð-tunga	Skógrækt-rikisins	Foss-vogur	Akur-eyri	Samtals
Beðplöntur	215.660	94.160	114.700	48.080	7.000	479.600	106.755	5.000	591.355
Birki, íslenskt	4.600	20.560	14.060	21.840	7.000	68.060	9.880	-	82.940
Birki, norskt	-	1.920	-	-	-	1.920	-	-	1.920
Blágreni 2/0	38.200	14.400	-	7.140	-	59.740	-	-	59.740
Blágreni 2/2	10.500	-	-	-	-	10.500	-	-	10.500
Hvítgreni	-	-	5.920	-	-	5.920	-	-	5.920
Rauðgreni	1.760	-	-	-	-	1.760	-	-	1.760
Rauðgreni 2/3	2.500	-	-	-	-	2.500	-	-	2.500
Sitkabastarður	19.000	-	-	-	-	19.000	-	-	19.000
Sitkabastarður 2/2	2.100	-	-	-	-	2.100	-	-	2.100
Sitkagreni	14.700	-	29.600	-	-	44.300	16.900	-	61.200
Bergfura	-	-	-	-	-	-	6.200	-	6.200
Fjallafura	-	5.280	-	-	-	5.280	-	-	5.280
Stafafura	52.000	52.000	65.120	10.900	-	128.020	73.775	-	201.795
Rússalerki	103.000	-	-	-	-	103.000	-	-	103.000
Rússalerki 2/2	2.500	-	-	-	-	2.500	-	-	2.500
Siberiulerki	16.500	-	-	3.400	-	19.900	-	-	19.900
Siberiulerki 2/2	300	-	-	4.800	-	5.100	-	-	5.100
Móband og pottun	16.025	12.700	155.740	-	-	184.445	94.430	-	278.875
Birki	-	-	32.120	-	-	32.120	62.000	-	94.120
Blágreni	-	-	4.260	-	-	4.260	-	-	4.260
Hvítgreni	-	-	5.210	-	-	5.210	-	-	5.210
Sitkagreni	-	-	-	-	-	-	12.400	-	12.400
Stafafura	2.050	-	65.460	-	-	67.510	13.950	-	81.460
Rússalerki	13.975	3.200	23.450	-	-	45.625	6.240	-	51.865
Siberiulerki	-	9.500	20.240	-	-	29.720	-	-	29.720
Skógarplöntur alls	231.685	106.860	270.440	48.080	7.000	664.045	201.185	5.000	870.230
Garðplöntur	57.126	54.280	77.573	-	2.500	191.479	143.105	-	334.584
Alaskaösp, græðl	600	4.900	4.350	-	500	10.350	19.130	-	29.480
Viðir, græðl	48.250	37.680	55.883	-	2.000	143.813	94.365	-	238.178
Aðrir vögræðl	-	3.700	2.840	-	-	6.540	10.850	-	17.390
Sumargræðl	-	8.000	5.292	-	-	13.292	-	-	13.292
Beðplöntur	7.300	-	-	-	-	7.300	870	-	8.170
Móband og pottun	976	-	9.208	-	-	10.184	17.890	-	28.074
Samtals	288.811	161.140	348.013	48.080	12.000	855.524	344.290	5.000	1.204.814

6. tafla.

AFHENTAR PLÖNTUR 1979


Tegund	Hallorms- staður	Vaglr	Tuma- staðir	Lauga- brekka	Norð- tunga	Skógrækt; ríkisins alls	Foss- vogur	Akur- eyri	Samtals
Beðplöntur	148.750	74.190	107.725	44.506	8.150	383.321	53.250	15.000	451.571
Birki., ísl. dreifs.	37.750	4.045	8.230	11.654	-	61.679	15.000	10.000	86.679
Birki, ísl. ódreifs. ...	-	21.275	4.050	-	-	25.325	-	-	25.325
Birki, norskt	540	1.000	-	-	-	1.540	-	-	1.540
Grágreni	540	-	-	-	-	540	-	-	540
Blágreni	10.620	875	700	2.635	-	14.830	-	-	14.830
Hvítgreni	24.990	6.700	-	-	-	31.690	-	-	31.690
Rauðgreni	14.775	-	2.300	-	4.950	22.025	-	-	22.025
Sitkagreni	13.795	-	66.795	1.525	-	82.115	-	-	83.115
Bergfura	-	6.300	9.100	580	-	15.980	17.950	-	33.930
Stafafura	-	33.995	16.550	17.849	3.200	71.594	19.300	-	90.894
Evrópulerki	100	-	-	-	-	100	-	-	100
Síberíulerki	44.805	-	-	10.263	-	55.068	-	5.000	60.068
Fjallapínur	835	-	-	-	-	835	-	-	835
Móband og pottun	11.900	31.820	115.814			159.534	78.840		238.374
Birki	11.900	1.320	13.725	-	-	26.945	49.445	-	76.390
Blágreni	-	4.190	-	-	-	4.190	8.900	-	13.090
Hvítgreni	-	4.385	-	-	-	4.385	-	-	4.385
Sitkagreni	-	-	24.650	-	-	24.650	8.150	-	32.800
Bergfura	-	-	4.210	-	-	4.210	-	-	4.210
Broddfura	-	-	2.000	-	-	2.000	-	-	2.000
Stafafura	-	-	48.640	-	-	48.540	12.345	-	60.985
Rússalerki	-	250	-	-	-	250	-	-	250
Síberíulerki	-	21.575	22.589	-	-	44.164	-	-	44.164
Fjallapínur	-	100	-	-	-	100	-	-	100
Skógarplöntur alls	160.650	106.010	223.539	44.506	8.150	542.855	132.090	15.000	689.945
Garðplöntur	13.114	44.010	29.387	2.899	800	90.210	102.124	10.000	202.334
Ýmis barrtré	925	1.685	950	548	-	4.108	-	-	-
Ýmis lauf tré	1.725	3.975	2.451	356	-	8.507	-	-	-
Alaskaösp	755	3.600	1.082	178	-	5.615	-	-	-
Viðir	7.363	28.900	10.622	1.704	806	49.389	-	-	-
Ýmsir runnar	2.346	5.850	14.282	113	-	22.591	-	-	-
Samtals	173.764	150.020	252.926	47.405	8.950	633.065	234.214	25.000	892.279

7. tafla.

GRÓÐURSETNING 1979. SKÓGRÆKT RÍKISINS

Staður	Ísl. birki	Önnur laufr.	Berg- fura	Brodd- fura	Stafa- fura	Fjalla- pínur	Blá- greni	Hvít- greni	Rauð- greni	Sitka- greni	Lerki	Aðrar teg.	Alls
Bakkakot	-	-	-	-	3.750	-	-	-	-	6.430	4.885	-	15.065
Hvammur	-	-	-	-	6.950	-	-	-	4.100	500	-	-	11.550
Stálpastaðir	-	-	-	1.000	50	-	910	-	-	-	9	-	1.969
Stóra-Drageyri	6.500	-	-	-	300	-	-	-	-	20.720	-	-	27.520
Norðtunga	-	-	-	-	2.600	-	-	-	2.930	-	2.580	-	8.110
Jafnaskarð	-	-	-	-	-	-	-	-	2.000	-	-	-	2.000
Síðumúli	-	-	-	-	500	-	-	-	-	-	-	-	500
Laugabrekka	1.730	50	280	-	5.079	-	360	-	-	-	3.121	-	10.620
Vaglr á Þelamörk ...	-	700	600	-	-	-	-	-	-	-	1.125	-	2.425
Kristnes	700	300	-	-	1.825	-	-	1.500	-	-	300	-	4.625
Grund í Eyjafirði	-	-	-	-	-	-	-	300	-	-	-	-	300
Öxnafell	620	-	-	-	500	-	-	1.000	-	-	250	-	2.370
Vaglr í Fnjóskadal ...	-	-	2.720	-	1.875	-	-	700	-	-	-	-	5.295
Hallormstaðaskógur..	-	-	-	-	-	835	7.385	7.530	6.675	1.295	-	-	23.720
Hallormsstaður Ásar	28.290	-	-	-	-	-	-	-	-	-	38.450	530	67.270
Hafursá	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Mjóanes	-	-	-	-	-	-	-	17.460	-	9.250	2.200	-	28.910
Tumastaðir	-	-	-	-	2.450	-	-	-	-	-	-	-	2.450
Stóri-Kollabær	6.430	-	550	-	-	-	-	-	-	2.150	1.050	-	10.180
Skarfanar	-	-	-	-	3.000	-	-	-	-	-	2.000	-	5.000
Þjórsárdalur	809	3.000	-	-	8.100	-	500	-	-	12.260	10.000	-	34.660
Haukadalur	1.750	43	-	1.000	11.000	-	-	-	3.800	-	1.000	-	18.593
Mógilsá	5.350	-	3.250	-	-	-	-	-	-	-	-	-	8.600
Ingunnarstaðir	3.000	-	-	-	7.000	-	-	-	3.000	10.000	1.000	-	24.000
Samtals	55.170	4.093	7.400	2.000	54.979	835	9.155	28.490	22.505	62.605	62.961	539	315.732

Gróðurhúsið á Grundarhóli, sem er 500 m² að grunnfleti og mjög vandað og vel búið. Mynd: S. Bl., júní 1981.



5.000 órættum græðlingum af alaskavíði í plógstrengi. Þeir komu mjög vel til eða yfir 90%. Hér er farið inn á braut, sem gæti orðið mjög álitleg í skógrækt á mýrlendi.

Tafla 7 sýnir gróðursetningarstaði og trjátegundir.

HIRÐING SKÓGLENDNA

Suðvesturland. Hreinsað og grisjað var í furulundinum á Þingvöllum. Borið var á rauðgreni í Hrafnagjárhalli 150 kg af áburði og klippt kjarr frá plöntum. Borið var á 2.000 birkiplöntur á Mógilsá neðst og vestast í girðingunni.

Borgarfjarðarsýsla. Grisjað var frá barrplöntum á rúmlega 1 ha á Stálpastöðum. Í Hvammi var grisjað á rúmlega 8 ha. Var mest unnið að þessu á haustmánuðunum október og nóvember. Í júlímánuði var borið á jólatrésreiti 5 ha að flatarmáli. Dreift var 1 tonni af Kjarna og 1,5 tonni af Græði 7.

Vesturland. Í Jafnaskarði var allmikið unnið að grisjun frá barrplöntum og enn fremur grisjaðir greniteigar, sem voru orðnir alltof þéttir. Ekki var grisjað á öðrum stöðum. Öhemju verk liggur fyrir í grisjun í mörgum girðingum.

Norðurland vestra. Dálítið var grisjað í skóginum á Laugabrekku. Þar er orðið ákaflega brýnt að grisja. Birki og barrtré vaxa þarna í blöndu og víðast hvar er það birkið, sem þarf að grisja, en vöxtur helstu trjátegundanna er furður góður í Laugabrekkuskógi.

Norðurland eystra. Lítt var unnið nema í Fellsskógi, en þar var gert nokkurt átak í hreinsun frá plöntum. Mikið er þó eftir. Geysibrýn verkefni eru í hreinsun

frá ungplöntum í Vagla- og Þórðarstaðaskógum. Hvergi var borið á. Nokkuð var grisjað í Kristnesi, en þar er nú vaxinn einstaklega fallegur og beinvaxinn birkiskógur eftir plöntun.

Austurland. Á Hallormsstað vann Páll Guttormsson aðallega að þessu verkefni eins og undanfarin ár. Fór hann yfir allstór svæði í skóginum. Með þessu starfi sínu, sem Páll hefir innt af hendi síðan hann lét af verkstjórn í gróðrarstöðinni, hefir hann haldið við, svo sem nauðsynlegt er, megninu af þeirri nýrækt, sem er í Hallormsstaðaskógi. Það eru ekki stór svæði, sem hann á ófarið yfir, svo að ástand plöntuteiga geti talist gott að þessu leyti í Hallormsstaðaskógi.

Norðmenn, sem dvöldust á Hallormsstað í ágúst, unnu nokkuð við snyrtingu á lerki í Hafursárlandi.

Suðurland. Hreinsaður var teinungur frá greniplöntum í Selhöfðum, einkanlega rauðgreni, sem fella mætti síðar sem jólatré. Eru óteljandi dæmin um það tjón, sem hlýst af, þegar þetta er dregið of lengi.

Reynt var graseyðingarlyfið Glyfosat, en mistókst. Sjö tonnum af áburði var dreift á jólatrésreiti, aðallega í Þjórsárdal. Af þessu magni voru 3 tonn af Kjarna, sem var handdreift, en 4 tonnum af tvígildum áburði (NP) var dreift úr flugvél Landgræðslu ríkisins á sitkagrenireiti. Er þetta í fyrsta skipti, sem flugvél er notuð í Þjórsárdal, en 1978 var þetta gert í fyrsta sinn í Haukadalsdal með ákaflega góðum árangri. Hér var borið á fyrstu daga í júlí.

Haukadalur. Landgræðsla ríkisins dreifði áburði með flugvélinni TF TÚN. Alls var dreift 3,5 tonnum í 7 ferðum 2. júlí. Borið var á greniteiga og árangur mjög góður.



Skemman í Mörkinni á Hallormsstað.

Mynd: S. Bl., okt. 1978.

BYGGINGAR

Borgarfjarðarsýsla. Af nývirkjum var unnið í starfsmannahúsinu í Hvammi. Þetta er hið helsta: Gengið frá 1) rafhitun vatns, 2) handlaugum og þvottahúsi fyrir starfsfólk, 3) gluggatjöldum, 4) fataskápum í svefnherbergi og 5) gluggum (málning).

Af húsgögnum var keypt 1) svefnbökkir og borð í svefnherbergi starfsfólks, 2) borð og stólar í borðstofu og setustofu starfsfólks og 3) uppþvottavél í mótuneyti.

Í íbúð verkstjóra var gengið frá nýju eldhúsi, svo að þar með er sú íbúð orðin nokkurn veginn fullgild.

Ýmislegt viðhald var á húsum: Máluð íbúð verkstjóra að utan. Unnið að breytingum í fjárhúsbragga í Hvammi og honum breytt í geymslu fyrir dráttarvélar og bíl. Var ekki vanþörf á að gera þessi hús nothæf til þessara hluta.

Vesturland. Í Norðtöngu var verkafólksbústaðurinn stækkaður með viðbyggingu upp að brekkunni. Er í henni inngangur með svefnplássi sumpart niðri og á lofti undir risi, þar sem fæst hin vistlegasta baðstofa. Um leið var breytt húsaskipan í hinum upphaflega hluta hússins. Trégólf voru sett þar, eldhús smíðað upp á nýtt og setustofa í suðurenda, búin góðum húsgögnum. Ekki varð smíðinni lokið. Eftir var að smíða rúm á baðstofuloftinu. Setja nýjar útihurðir í húsið, leggja nýja vatnsleiðslu. Þetta hús er þegar reglulega vistlegt - sem það reyndar var áður, þrátt fyrir vöntun á ýmsu - og fullbúið verður það ágætt.

Norðurland vestra. Í græðireitnum á Laugabrekku var lagfært litla húsið, sem er bækistöðin þar. Það var einangrað og klætt að innan, sá helmingur, sem ófrágenginn var og notaður hafði verið sem geymsla

fyrir verkfæri og drasl. Var þetta ofurlítill úrbót á annars ákaflega ófullkominni aðstöðu á þessum vinnustað.

Norðurland eystra. Á Vöglum voru helst nývirki, að hinn óeinangraði norðurhluti skemmunnar var nú einangraður og klæddur innan með þilplötum og einnig hluti af suðurpartinum.

Á Þórðarstöðum var lögð 800 m löng vatnsleiðsla heim að bænum úr uppsprettu ofan við bæinn.

Undirbúningur var hafinn að endurbótum á Vaglabænum gamla með því að kaupa eldhúsinnréttingu, þilplötur og einangrunarefni.

Austurland. Á þessu ári var að mestu leyti lokið við skemmuna, sem reist var 1977. Var notaður til þess tíminn janúar-maí. Lokið var frágangi á raflögn, húsið allt einangrað og veggir klæddir með þilplötum. Smíðaður var veggur framan við böðin og varð þar til gangur, þar sem komið var fyrir stiga upp á loftið yfir böðum og skrifstofu. Á þessu lofti voru innréttuð tvö herbergi, sem nota má sem svefnherbergi, og tvær geymslur. Loks var allt húsið málað að innan.

Í verkafólksbústaðinn í Mörkinni voru keyptar eldavél og uppþvottavél, en þær komu of seint til þess að hægt væri að seta þær upp fyrir sumarið. Bíður næsta árs gagnger endurnýjun á eldhúsi.

Í Hallormsstaðabænum var byrjað að einangra gólf yfir kjallara og loft í steinhúsinu, sem reist var 1928.

Tumastaðir. Nokkuð var unnið í viðhaldi húsa. Í umdæmisbústað var íbúðarhæð og tvö herbergi í kjallara málað. Baðherbergi var tekið í gegn og skipt um tæki og innréttingar og flísalagt.

Í verkstæði var ýmislegt lagfært. Veggur að starfsmannabústað klæddur, salur og lagerherbergi málað

og lýsing bætt. Er þetta annar og betri vinnustaður eftir.

Nokkrar minniháttar lagfæringar voru gerðar á plöntugeymslu, starfsmannabústað og báruplasthúsi.

Suðurland. Smávegis var lagfært í vinnuskálinum í Þjórsárdal og smíðaðir fataskápar í svefnskálann nýja.

Á verkstæðinu, sem leigt hefir verið á Selfossi, var stúkuð af lítill skrifstofukompa.

Haukadalur. Hér var gert vel við kirkjuna, sem er í eigu og umsjá Skógræktar ríkisins. Hún var máluð úti og inni og settur dregill á gólf. Nýr olíuofn var settur í kirkjuna.

Viðleguhúsið gamla er nú alveg ónýtt og stefnt að því að reisa nýtt svo fljótt sem kostur er.

VÉLAR OG VERKFÆRI

Tvær nýjar dráttarvélar voru keyptar, báðar af gerðinni Zetor. Önnur fór að gróðrarstöðinni á Grundarhóli og fylgdi henni moksturstæki, en hin fór í Skorradal, og var sú með drifi á öllum hjólum. Þangað var einnig keyptur flutningavagn með sturtum fyrir dráttarvélin.

Litill jarðtæti var keyptur fyrir græðireitinn í Norðtungu og keðjusög og vélsláttutæki fyrir Vagli í Fnjóskadal. Vélgrafa sú, sem verið hefir á Selfossi undanfarin ár, var endurnýjuð með annarri nýuppgerðri.

Annars var reynt að halda í horfinu í viðhaldi, en tókst hvergi nærri sem skyldi.

FRAMKVÆMDIR Í FLJÓTSDAL

Girðingar. Eingöngu var unnið í girðingum á þessu ári.

Haldið var áfram með girðinguna á Skriðuklaustri. Var neðri vængurinn langt kominn.

Í *Vallholti* var girtur 900 m langur kaflí meðfram þjóðvegi, en veruleg stækkun var ákveðin á girðingunni þar frá því, sem upphaflega var ætlað.

Á *Gunnlaugsstöðum* var sett upp 600 m löng girðing og upphaflega svæðið þar stækkað.

SKIPTIFERÐ SKÓGRÆKTARFÓLKS

Dagana 1.-15. ágúst var skiptiferð skógræktarfólks milli Íslands og Noregs. Þrjátíu ár voru liðin frá því ferðir þessar hófust og var nú aftur farið til Troms, eins og í fyrstu ferðinni. Fjórir skógarverðir Skógræktar ríkisins fóru í þessa ferð, þeirra á meðal Garðar Jónsson, sem var fararstjóri fyrsta íslenska hópsins 1949. Kom hann nú til að skoða handaverk þeirra.

Þótt Skógrækt ríkisins sé ekki beinn aðili að þessum skiptiferðum, hefir það komið í hlut hennar að taka við flestu norska fólkinu, sem hingað kemur, og þá jafnframt njóta vinnuframlags þess. Svo var að þessu sinni. Skógrækt ríkisins tók við þremur hópum að þessu sinni.

Á Hallormsstað voru 30 manns.

Í Skorradal voru 18 manns.

Í Norðtungu voru 8 manns.

Mest vann fólkið við plöntun, en sums staðar líka við grisjun. Farið var með það í skoðunarferðir á þessum stöðum. Kostnaður er eðlilega verulegur við þessar móttökur. Einkum verður hann hlutfallslega meiri en ella, ef hóparnir eru stórir. Skógræktarfélag Íslands greiddi allverulegan styrk til Skógræktar ríkisins vegna móttökkunnar á Hallormsstað og í Skorradal. Fararstjóri Norðmannanna að þessu sinni var Einar Meisingset, fylkisskógmeistari í Molde í Romsdal. Það táknar, að næst verður farið þangað í skiptiferð.

HEIMSÓKN SKÓGRÆKTARMANNA FRÁ TROMS

Jafnhliða skiptiferðinni komu í heimsókn flestir starfsmenn fylkisskógstjórnarinnar í Troms, þ.e. skógaeftirlitsins þar. Voru þetta alls 18 manns, en sumt af því var skyldulið starfsmanna. Komu þeir hingað á eigin kostnað.

Skógrækt ríkisins tók að sér að skipuleggja þessa ferð og fylgdi skógræktarstjóri og kona hans gestunum í hringferð.

Farið var í bíl frá Reykjavík og austur um til Akureyrar og skoðaðir helstu skógræktarstaðir. Á Hallormsstað var lengst viðdvöl. Þar unnu Norðmennirnir í 2 daga við gerð rekstrarætlunar fyrir Hallormsstaðaskóglendið. Þótti það takast mjög vel. Fararstjóri þessa hóps var Terje Dahl, fylkisskógameistari í Andselv.

Það var okkur einstaklega kærkomið að fá þennan hóp í heimsókn. Fólk í Norður-Noregi býr við aðstæður, sem á flestan hátt minna á okkar og þeir geta skilið okkur betur en nokkrir aðrir.

Þessir skógræktarmenn létu í ljós mikla hrifningu af þeim árangri, sem víða má sjá í skógrækt hér og töldu kjark í okkur, þegar við kvörtuðum um fölar greniplöntur og stutta sprota. Þeir sögðust þekkja þetta allt frá sér.

ÚTIVISTARSVÆÐI

Á nokkrum stöðum er ferðafólki gefinn kostur á að tjalda í löndum Skógræktar ríkisins. Skal hér aðeins vikið sérstaklega að þessum þætti.

Á Stálpastöðum í Skorradal er ofurlítill flöt við vatnið hjá hliðinu, þar sem fólk gefst kostur á að tjalda. Aðeins örfá tjöld komast þarna fyrir og ruslatunnur eru tæmdar eftir þörfum, en kamrar engir eða rennandi vatn.

Á Vöglum í Fnjóskadal eru tjaldstæði, sem mikið eru notuð. Hefir svo verið lengi. Þar er komin sæmileg snyrtiaðstaða með rennandi vatni og vatnssalernum að nokkru. Sérstök hjólhýsastæði eru innst í skóginum hjá þjóðvegi. Í Vaglaskógi eru gjöld fyrir tjald- og hjólhýsastæði innheimt reglulega í samræmi við gjaldskrá Félags eigenda sumardvalarstaða. Gæslumaður er þar allan daginn.

Á Hallormsstað hefir lengi verið leyft að tjalda í Atlavík. Þar er rennandi vatn og kamrar, en einmitt á þessu ári voru sett upp fyrstu vatnssalernir og taldist til mikilla bóta. Þar er tjaldstæðagjald innheimt reglulega eins og á Vöglum. Á báðum þessum stöðum hefði verið æskilegt að geta boðið tjaldgestum í heitt steypibað, en það biður víst lengi ennþá. Gæslumaður er þar allan daginn.

Í Þórsmörk, sem trúlega er fjölsóttasti sumardvalarstaður á Íslandi, þar sem ekki er hótél, varð sú breyting á þetta ár, að tveir fastir gæslumenn voru ráðnir mánuðina júní-ágúst. Lengst af hefir eina gæslan í Mörkinni verið í Langadal á vegum Ferðafélags Íslands, þar sem skáli Ferðafélagsins er og gæslumenn.

Starf þessara gæslumanna var margþætt. Þeir áttu að leiðbeina ferðafólki, hreinsa sorp, innheimta tjaldgjöld, hafa eftirlit með girðingunni og halda sauðfé frá Mörkinni eftir því sem fært væri. Þeir réðu að vísu ekki við þetta síðasttalda atriði, ekki sist þar sem þeir voru hundlausir. Auk þess áttu þeir að vera lögreglunni í Rangárvallasýslu til aðstoðar og í því skyni greiddi dómsmálaráðuneytið Skógrækt ríkisins 1.200 þús. kr. styrk. Þetta var tilraun til að leysa löggæslumál á Þórsmörk á ódýran hátt. Kostnaður við að senda lögreglumenn frá Hvolsvelli inn í Þórsmörk og dvelja þar yfir eina helgi er svo hár, að undrum sætir. Raunverulega má það teljast ógerlegt, nema í örfá skipti.

Það er álit skógarvarðar og sýslumanns, að þessi skipan hafi verið til bóta. Umgengni var að þeirra dómi betri en um langt skeið. Öllu færra sauðfé var á Mörkinni en áður og oftar smalað. Staðfesting fékkst á því, hversu kolbrjáláðar þær sauðskepnur eru, sem leita á Mörkina af Almennungum.

Í Básúm á Goðalandi er mest tjaldað, ef Langidalur er frá talinn. En nokkuð í Húsadal. Skógrækt ríkisins innheimtir tjaldgjöld annars staðar en í Langadal, Slyppugili og Stóraenda, en á þessum stöðum hafa þrjú ferðafélög leyfi til að koma með fólk á sínum

snærum og láta það tjalda án þess að Skógrækt ríkisins krefji um tjaldgjöld. Því miður vantaði mikið á, að tjaldgjöld stæðu undir kostnaði Skógræktar ríkisins og dugði styrkur ráðuneytisins ekki nærri því til að jafna þann halla. En kostnaðurinn er vissulega ekki allur fölginn í því að snúast kringum ferðafólkið, heldur einnig að stimpast við sauðféð og líta eftir girðingum.

Í Þórsmörk og á Goðalandi hefir skógræktin aðeins sett upp kamra, en gestir þar njóta góðs af ágætu snyrtihúsi Ferðafélags Íslands, þar sem hægt er að komast í heitt steypibað gegn gjaldi.

Í Þjórsárdal er tjaldsvæðið upp með Sandá skammt ofan við Skriðufell. Áður var það í kjarrinu skammt frá búðum Skógræktar ríkisins á Skriðufelli. Því miður reyndist ágangur ferðafólks um helgar að búðunum svo mikill, að óhjákvæmilegt var að flytja þær. Því miður hefir Skriðufellsbóndi haldið uppi tjald- og hjólhýsasvæði þarna rétt hjá, þótt hann hafi ekki heimild til þess, og Skógrækt ríkisins hafi beðið hann um að gera það ekki.

Á svæðinu við Sandá er lágmarkssnyrtiaðstaða. Þar er ferðafólk fyrst og fremst um helgar.

Þetta er að segja um tjaldsvæðamálið í heild: Skógrækt ríkisins er eigandi nokkurra vinsælustu sumardvalarstaða tjaldbúa. Allir eru að sjálfsgöðu velkomnir, ef þeir hlýða settum, einföldum reglum. Sem betur fer gera flestir það. Gjöld þau, sem tekin eru fyrir tjaldsvæði hrökkva í hæsta lagi fyrir beinum rekstrargjöldum. Enginn afgangur er til þess að byggja upp myndarlega móttöku og til þess hefir Skógrækt ríkisins aldrei fengið fjárveitingu. Engin fyrirgreiðsla fæst í þessu skyni frá ferðamálayfirvöldum og Alþingi neitar að horfast í augu við vanda af þessu tagi.

STÓRGJÖF

TIL SKÓGRÆKTAR RÍKISINS

Í júnímánuði á þessu ári barst Skógrækt ríkisins tilkynning frá skiptaforstjórum dánarbús Sigurliða Kristjánssonar, kaupmanns í Reykjavík, og Helgu Jónsdóttur, konu hans, um stóran erfðahlut í jörð þeirra, Ásgarði í Grímsnesi.

Samkvæmt erfðaskránni var hlutur Skógræktar ríkisins allt land jarðarinnar að undanskilinni spildu milli þjóðveggar og Sogsins sunnan Ásgarðsár, sem er 130 ha. Hinn hlutinn er um 650 ha, sem Skógrækt ríkisins er ánafnaður ásamt veiðirétti í Sogi fyrir því landi.

Í erfðaskránni er raunar ákvæði um það, að jörðin skuli vera í ábúð. Væri því aðeins hluti landsins tækur til skógræktar. Núverandi ábúandi á hús og mannvirki bújarðarinnar og ræktun.

Grímsneshreppur ákvað á árinu að neyta forkaupsréttar á hinu arfleidda gössi, skv. því sem jarðalög

heimila. Afleiðing af því var, að meta þarf eignina, og gerir það matsnefnd eignarnámsbóta. Skal sú nefnd vinna eftir lögum um eignarnám. Niðurstöður matsnefndarinnar eru væntanlegar einhvern tíma á árinu 1980.

UTANLANDSFERÐIR

Síðari hluta maímánaðar fór Sigurður Blöndal skógræktarstjóri til Vestur-Þýskalands í boði einnar deildar utanríkisráðuneytisins í Bonn. Var sú ferð að öllu leyti kostuð þaðan. Ferðaáætlun var hagað svo, að hann gæti séð skóga og kynnst skógræktarstarfi.

Heimsóknin hófst í Bonn, höfuðborg sambandslýðveldisins. Fyrst var sóttur heim ráðuneytisstjóri skógræktardeildar landbúnaðarráðuneytisins, Norbert Rehbock, sem gaf yfirlit um skógrækt í sambandslýðveldinu. Sama daginn var farið til próf. Herberts Hesmers, sem hingað kom á sínum tíma og varð mikill vinur Íslands og hjálparhella skógræktarstarfs á Íslandi. Var skoðaður í fylgd hans fagur skógur utan við borgina, þar sem hann hafði gert margvíslegar tilraunir.

Næsta dag var skoðuð mikil garðyrkjusýning, sem árlega er haldin í Bonn.

Frá Bonn var haldið til Stuttgart og gist þar, en síðan ekið í bíl gegnum Svörtuskóga ofanverða. Þetta er stærsta samfellda skógarsvæði í Sambandslýðveldinu og afburðafagurt í augum skógræktarmanns. Rauðgreni og þínur eru aðaltegundirnar. Hér gat að líta árangur 500 ára gamallar hefðar í skógrækt og var það ekki smáræði. Þessari ökuferð lauk í Freiburg, sem er með fegurstu borgum og skemmdist furðu lítið í seinustu heimsstyrjöld.

Daginn eftir var heimsótt skógræktardeild háskólans og rætt m.a. við próf. Schmidt-Vogt, sem er meðal fremstu sérfræðinga um rauðgreni. Síðan var skoðaður borgarskógurinn, sem er í einu orði sagt dýrlegur. Þar gat m.a. að líta um 100 ára gamlan douglasþin, sem þarna verður stórvaxnari en önnur tré. Douglasþinurinn hefir numið land á þessu svæði og er þegar eftirlætistré skógræktarmanna.

Frá Freiburg var haldið þennan dag um Frankfurt til Vestur-Berlínar.

Í Berlín var skoðaður hinn mikli borgarskógur í fylgd hr. Grund, aðstoðarskógræktarstjóra Berlínar. Þessi skógur er fyrst og fremst ræktaður til útivistar og var ákaflega fróðlegt að kynnst því starfi og viðhorfum, sem höfð eru að leiðarljósi.

Farið var frá Berlín til Hannover, og þaðan beint til hinnar kunnna háskólaborgar Göttingen og heimsótt skógræktardeild háskólans, þar sem erfðafræðingurinn próf. Hattemer var fylgdarmaður. Um kvöldið



Ein skógarhöggsvélin á sýningunni með furutré í klónum: Einn maður situr inni í húsi og stjórnar þaðan öllum ferlinum: Tréð fellt, afgreinað og bútað. Mynd: S.Bl., júní 1979.

var fundur með próf. Hans Köpp, sem nokkrum sinnum hefir komið til Íslands og er forystumaður í þýska skógræktarfélaginu og náttúruverndarsamtökum. Hann var um tíma við nám í Oxford með Þórarni Benedikz.

Frá Göttingen var haldið til rannsóknastöðvar Neðra-Saxlands skammt frá borginni og hún skoðuð ásamt trjásafni, sem heyrir henni til.

Hannover var næsti áfangastaður. Þar var skoðaður geysifagur og sérkennilegur trjágarður. Um kvöldið var svo haldið til Hamborgar, sem var síðasti áfangastaður ferðarinnar.

Síðasta daginn var farið til útborgarinnar Rainbeck, þar sem geysistór rannsóknastofnun í skógrækt er rekin. Forstöðumaður var próf. Eisenhauer, sem ekki var beinlínis líkur hinum bandaríska nafna sínum, en elskulegur maður. Lengst var dvalið í erfðafræðistofnuninni hjá dr. Muhs, sem fræddi um marga mjög gagnlega hluti að því er varðaði tegunda- og kvæmarannsóknir.



Dreginn út viður í 27 ára gömlum lerkiskógi á Hallormsstað. Mynd: S. Bl., apríl 1980.

Þessi ferð var sérlega lærdómsrík, móttökur elskulegar og fyrirgreiðsla frábær. Á öllum viðkomustöðum var sérstakur túlkur og reyndist það fólk alveg sérstaklega fært, svo að ekki sé minnst á elskulegheitin.

Að lokinni þessari Þýskalandferð var haldið til Jönköping í Svíþjóð.

Skógræktarstjóri Svía, Bo Hedström, hafði boðið skógræktarstjórum hinna Norðurlandanna að koma þangað til þess að skoða árlega skógræktarsýningu, Elmia, sem þar er haldin og sótt er af skógræktarmönnum víðs vegar úr Evrópu.

Þarna voru mættir skógræktarstjórnirir Hakon Frölund frá Danmörku, Hans Kr. Seip frá Noregi, forstjóri finnsku ríkisskóganna, Erik Arnkil, og svo Sigurður Blöndal frá Íslandi. Fyrrverandi skógræktarstjóri Svía, Frederik Ebeling, var einnig boðinn.

Gestirnir voru viðstaddir opnun sýningarinnar og þar tóku allir skógræktarstjórnirir þátt í pallborðsumræðum. Vígður var vestur-þýskur sýningaraskáli og þar hittum við aftur Norbert Rehbock frá Bonn. Mættur var við þetta tækifæri sovéski skógræktarstjórinn, próf. Vorobjov, ásamt fjölmennu fylgdarliði.

Á þessari sýningu voru sýndar allar nýjustu vélar, sem notaðar eru í skógrækt, m.a. skógarhöggi. Var

það mikilfengleg sjón, en gaf til kynna, að lítið er eftir af rómantik skógarhöggisins.

Á öðrum degi var mönnum boðið í aðalstöðvar sænsku skógstjórnarinnar, sem fluttar voru til Jönköping fyrir fáum árum. Virtust menn þar ánægðir með þennan nýja starfsvettvang. Skýrt var frá stefnum og störfum í sænskri skógrækt, sem er einn stærsti atvinnuvegur Svía, enda koma þeir líklega næstir á eftir Kanadamönnum í sölu á trjávöru á heimsmarkaði. Síðan var farið í skógarferð og tekin dæmi um það, hvernig ný skógræktarlög reyndust í framkvæmd.

Næsta dag var sérstaklega skoðað, hvernig ákvæði nýrra náttúruverndarlaga voru í framkvæmd. Farið var til eyjarinnar Visingsö í Vättern, hinu mikla vatni. Þar eru gamlir eikarskógar og geysistór tré af skosku og japönsku lerki og evrópuþin. Eitt þintréð er með stærstu trjám í landinu, 33 m á hæð, 1 m í þvermál og 24 m³ að rúmmáli.

Þessi fundur skógræktarstjórnanna var bæði ánægjulegur og gagnlegur. Það var í annað skipti sem þeir hittust allir. Í fyrsta skipti gerðist það hér á Íslandi 1973, er Hákon Bjarnason bauð starfsbræðrum sínum í heimsókn, sem þeir minnstust með mikilli ánægju við þetta tækifæri.

Störf skógræktarfélaganna árið 1979

GIRÐINGAR

Lokið var við að koma upp 8,8 km langri girðingu, Höfðagirðingu, ofan Hafnarfjarðar, en unnið hefur verið að henni í áföngum undanfarin þrjú ár. Með henni er friðað 1250 ha land og eru innan hinnar nýju girðingar þrjár eldri girðingar Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, auk margra smærri reita í einkaeign, t.d. í Sléttuhlíð.

Með friðun þessa lands er langþráðum áfanga náð fyrir Hafnfirðinga. Þeir fá með þessu mjög aukið landrými til uppgræðslu og trjáræktar, auk þess sem nýja girðingin sparar mörgum sumarbústaðaeigandanum og skógræktarfélaginu mikla fjármuni í girðingum. Kostnað af þessum framkvæmdum bar Hafnarfjarðarbær að verulegu leyti auk þess sem til þeirra fékkst fé frá landgræðsluáætlun 1974-1979.

Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar hefur verið falin umsjón með framkvæmdum í landinu og er þegar búið að úthluta mörgum spildum til einstaklinga og félagasamtaka, sem hyggjast vinna þar að trjá- og skógrækt.

Skógræktarfélag Kópavogs og Skógræktarfélag Kjósarsýslu héldu áfram með friðun Fossárlands. Að þessu sinni var byrjað á girðingu í austanverðum Fossárdal, en með tilkomu hennar næst að friða þær litlu kjarleifar, sem eftir eru í dalnum. Girtur var um 1500 metra langur girðingarkafli, eða um þriðjungur þess sem fyrirhugað er að girða, en í ráði er að friðun þessa hluta jarðarinnar ljúki 1981.

Skógræktarfélag V.-Húnavatnssýslu lauk við að koma upp 10 ha girðingu í landi Kirkjuhvamms við Hvammstanga, en þar er fyrirhugað útivistarsvæði fyrir íbúa kaupþúnsins.

Skógræktarfélag Borgfirðinga stækkaði girðingu sína í Svignaskarði verulega og settar voru upp tvær minni girðingar að Keldum í Skagafirði og í Stóruð á Ísafirði á vegum skógræktarfélaganna þar.

Gerðar voru miklar endurbætur á 4 girðingum í Borgarfirði, 2 á Snæfellsnesi og 1 í Eyjafirði.

Félögin lögðu fram um 3,3 millj. kr. til girðinga á árinu og þar af fór tæpur helmingur kostnaðar til viðhalds og endurbóta. Hér við bætast framlög sjálfbóðaliða er námu tæpum 300 dagsverkum.

GRÓÐURSETNING

Á vegum skógræktarfélaganna voru gróðursettar alls um 311 þús. trjáplöntur árið 1979 og er þetta töluvert minna magn en árið áður. Til þessa liggja ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi hækkaði verð á plöntum allverulega milli ára. Í annan stað bar nokkuð á skorti á sumum tegundum, t.d. lerki og blágreni, og eftirspurn eftir sitkagreni virðist fara minnkandi ár frá ári. Þá mun erfitt tíðarfar hafa dregið úr áhuga fólks fyrir gróðursetningu einkum norðan- og norðaustanlands, en þar voraði bæði seint og illa.

Af framangreindu magni plantna fóru um 2/3 hlutar aðeins á 16 staði, aðallega í stærri girðingar og útivistarsvæði, og gefur það til kynna að plöntun í smáreiti og heimareiti hafi verið með minnsta móti.

Alls vörðu félögin rösklega 9,7 millj. kr. til plöntukaupa og tæpum 6,5 millj. kr. til gróðursetningarstarfa. Lögðu sjálfbóðaliðar fram 540 dagsverk við gróðursetningu, sem er heldur minna framlag en 1978. Flest öflugri félaganna kaupa nú orðið nær alla vinnu við gróðursetningarstörfin og er hún að miklu leyti fengin hjá vinnuskólum í þéttbýli.

UMHIRDA PLANTNA

Til umhirðu plantna, grisjunar, illgresiseyðingar og áburðargjafar vörðu félögin alls 3.7 millj. kr. og þar af fór tæpur helmingur til grisjunar. Hún er nú orðin sá þáttur umhirðu, sem er hvað mest aðkallandi, en sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi. Frá þessu eru þó sem betur fer undantekningar. Skógræktarfélag S.-Þingeyinga hefur t.d. lagt mikinn kostnað í að grisja frá ungsjógi í Fossselssjógi og hefur mikill hluti

GRÓÐURSETNING SKÓGRÆKTARFÉLAGA 1979

	Birki	Stafa- fura	Berg- fura	Sitka- greni	Blá- greni	lerki	Ýmsar tegundir	Alls
Skógræktarfélag Árnesinga	9.900	14.100	465	4.555		3.890		32.910
" A. -Húnvetninga	1.615	500			490	1.500	89	4.194
A. -Skaftfellinga							2.000	2.000
Bolungarvíkur	400		450	500	200			1.550
Borgfirðinga	5.160	5.040				900	200	11.300
Björk		500		500				1.000
Dalasýslu							3.000	3.000
Eyfirðinga	10.500	300				4.000	250	15.050
Hafnarfjarðar	2.500	4.000		7.000		200	200	13.900
Heiðsynninga				2.000				2.000
Ísafjarðar		2.000	1.000				520	3.520
Kjósarsýslu	1.600	2.000	1.950	5.500				11.050
Kópavogs	2.000	750	3.000	4.880		250	2.725	13.605
Mýrdæling	500	1.000	1.050	2.000				4.550
Mörk	1.400	1.000		1.200				3.600
Neskaupastaðar	2.000				200			2.200
N.-Þingeyinga						1.000		1.000
Ólafsvíkur	1.500		500	1.000				3.000
Rangæinga	2.000	2.000		1.250				5.250
Reykjavíkur	25.545	27.545	19.870	5.150	8.500		48.040	134.650
Siglufjarðar	100	200		800	200		200	1.700
Skagfirðinga	7.355	11.970	300	1.525	1.775	5.142		28.067
Stykkishólms	400			1.000	1.000			2.400
Strandasýslu		250		250				500
S.-Þingeyinga						3.500		3.500
V. -Barðstrenginga	1.000	200		1.000	250		200	2.650
V. -Húnvetninga							1.000	1.000
V. -Ísfirðinga	1.000	250	500		250			2.000
Alls	76.475	73.605	29.085	40.110	12.865	20.582	58.424	311.146

Þess fjár, sem félagið hefur haft úr að spila að undanförunum farið til grisjunarstarfa. Hinsvegar er einsýnt að þau félög, sem illa eru stödd fjárhagslega, geta ekki annað þessum störfum svo vel sé, án utanaðkomandi aðstoðar. Verður því að vinna bráðan bug að því að koma upp vinnuflokki, sem fer á milli félaga og tekur að sér viðlíka störf og grisjunin er, jafnvel þótt sú þjónusta verði ekki að fullu greidd nema með beinum styrkjum.

Nokkur undanfarin ár hefur nokkurt magn jólatrjáa fengist við grisjunina og af þeim hafa sum félaganna haft drjúgar tekjur. Þannig seldu félögin jólatré og greinar fyrir um 21 millj. kr. fyrir jólnin 1979

og fékkst allt að helmingur þeirra tekna fyrir eigin framleiðslu. Fleiri félög gætu eflaust aukið tekjur sínar á sama hátt.

ANNAR SKÓGLENDISKOSTNAÐUR

Skógræktarstörfunum fylgir oft mikill aukakostnaður, svo sem útgjöld vegna framræslu á landi, vegalagningar, aðstöðu fyrir verkafólk o.fl. Á árinu 1979 var til þessa varið 12,2 millj. kr. og fór mestur hluti þess fjár til vegagerðar. T.d. var hafinn fyrsti áfangi að nýjum vegi í Fossselsskóg og byrjað var á allmikilli vegagerð á Snæfoksstöðum í Grímsnesi. Þá var á nokkrum stöðum bætt og komið upp nýrri aðstöðu fyrir verkafólk.

ÚTIVISTARSVÆÐI

Aukin umræða um umhverfismál að undanförunum hefur m.a. orðið til þess að áhugi fólks á ræktun trjáa á svæðum til útivistar hefur farið vaxandi. Eins og að líkum lætur hafa skógræktarfélagin átt verulegan þátt í þessu. Þau hafa lengi bent á nauðsyn þess að rækta upp hverskonar trjágróður við þéttbýlisstaði, þar sem fólk getur notið fegurðar og næðis frá daglegu amstri. Auk þessa hafa félögin haft forgöngu um að hrinda slíkri trjárækt í framkvæmd. Af skiljanlegum ástæðum var fyrst hafist handa um aðgerðir í þessa átt á hinum stærri þéttbýlissvæðum, t.d. í Reykjavík og á Akureyri,

Gróðursetning á einstökum svæðum 1979

	Staður	Fjöldi plantna
Skf. Árnesinga	Snæfoksstaðir	10.960
A. -Húnvetninga	Gunnfríðarstaðir	3.474
Borgfirðinga	Snagagirðing	5.160
	Leirágirðing	5.940
Hafnarfjarðar	Hvaleyrarvatnsgirðing	12.900
Eyfirðinga	Kjarnaland	2.250
"	Akureyrarbrekkur	10.300
Kjósarsýslu	Fossá	9.550
Kópavogs	Fossá	7.500
Mýrdælinga	Gjögirðing	2.750
Reykjavíkur	Breiðholt	35.000
	Heiðmörk	90.000
"	Óskjuhlíð	5.200
Skagfirðinga	Brekka	5.210
"	Hólar í Hjaltadal	4.000
	Skógahlíð	14.000
Alls		224.234

Um 20 ára gamalt sitkagreni í girðingu Skógræktar félags Vestur-Barðastrandarsýslu ofan við Sveinseyri í Tálkna-firði. Sitkagrenið vex framúrskarandi vel þarna við ysta haf; eins og raunar víða á Vestfjörðum. Mynd: S. Bl., júní 1980.



en æ fleiri staðir hafa fylgt hér á eftir. Á árinu 1979 vörðu skógræktarfélög rösklega 12 millj. kr. til trjáræktar á útivistarsvæðum. Framlög þeirra voru aðallega í plöntum, en auk þess lögðu þau fram töluverða vinnu við gróðursetningu.

PLÖNTUUPPELDI

Fimm skógræktarfélög fást nú við plöntuuppeldi, en aðeins eitt þeirra, Skógræktarfélag Reykjavíkur, í stærri stíl. Þess er þó ekki langt að bíða að gróðrarstöð Skógræktarfélags Eyfirðinga verði komin í það horf að hún skili af sér töluverðu plöntumagni. Vísir að uppeldi er á þrem öðrum stöðum, en óráðið er hvort uppeldi plantna verði þar til frambúðar. Að undanskildu Skógræktarfélagi Reykjavíkur var 15,5 millj. kr. varið af félögunum til framleiðslu plantna á árinu 1979.

ÖNNUR FRAMLÖG

Félagskostnaður á árinu 1979 nam alls 14,6 millj. króna. Hér er aðallega um að ræða ýmislegan stjórnumarkostnað og kostnað vegna kynningar og fræðslu.

Til annarra útgjalda en þeirra, sem hér hefur verið getið vörðu félögin um 8,6 millj. króna. Hér er um að ræða afborganir af lánum, vaxtakostnað o.fl.

Framlög sjálfbóðaliða á árinu 1979 voru alls 1197 dagsverk, sem reikna má á um 12,3 millj. króna.

Hér að framan hefur verið getið helstu viðfangsefna skógræktarfélaganna á árinu 1979 og útgjalda í sambandi við þau. Alls námu fjárframlögin röskum 98 millj. króna og eru þá ekki tekin með framlög Skóg-

ræktarfélags Reykjavíkur og Skógræktarfélags Íslands. Sé hinsvegar framlögum þessara félaga bætt við kemur í ljós að samtals námu framlög röskum 200 millj. króna og að þar er hlutur Skógræktarfélags Reykjavíkur langstærstur eða röskur helmingur allra útgjalda.

FJÁRÖFLUN FÉLAGANNA 1979

Í meginráttum var fjáröflun skógræktarfélaganna 1979 þessi:

Ríkisstyrkur til félaganna fékkst ekki hækkaður á árinu og hefur hann staðið í stað undanfarin 7 ár, en hann er 3,8 millj. króna.

Sýslustyrkir hækkuðu nokkuð að krónutölu 1979, eða úr tæpri 1,9 millj. króna í kr. 2,2 millj. Hinsvegar hækkuðu styrkir sveitar- og bæjarfélaga í 17,5 millj. kr. úr 9,5 millj. kr. frá fyrra ári.

Styrkir Landgræðslusjóðs til félaganna námu röskum 8,4 millj. króna og hækkuðu óverulega frá árinu áður. Sakir sívaxandi verðbólgu hefur ágóði sjóðsins af vindlingafé rýrnað stórum að undanförmu.

Aðrir styrkir og gjafir námu tæplega 4,6 millj. króna. Tekjur af plöntusölu gróðrarstöðva, endursölu á garð- og skógarplöntum, jólatrjáum o.fl. námu alls 37,5 millj. króna. Aðrar tekjur, s.s. af hlunnindum, skemmtanahaldi o.fl. voru um 20,2 millj. króna, og til tekna má telja vinnuframlög sjálfbóðaliða, sem metin eru á 12,3 millj. króna.

Hér hafa ekki verið teknar með tekjur Skógræktarfélags Reykjavíkur og Skógræktarfélags Íslands, en sé það gert hafa tekjur félaganna í heild numið um 230 millj. króna á árinu 1979. Það skal tekið fram í þessu sambandi að 6 félög skildu ekki starfsskýrslum og ársreikningum fyrir árið 1979.



Stafafura frá árinu 1965 á
Hólum í Hjaltadal. Mynd:
S. Bl., júní 1981.

ANNAÐ

Fræðslu- og leiðbeiningarstarfsemi meðal félaganna var á árinu 1979 með líku sniði og að undanförmu. Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands og margir starfsmenn Skógræktar ríkisins heimsóttu félögin eftir því sem tími vannst til og leiðbeindu þeim í ýmsum efnum.

Þá hafa sum félaganna reynt með ýmsu móti að efla þennan þátt félagsstarfseminnar, s.s. með því að koma á sérstökum fræðslufundum og efna til sýnikennslu í gróðursetningu og meðferð trjáplantna. Þessari þjónustu hefur verið vel tekið af almenningi og er hún sumstaðar orðin fastur þáttur í starfi félaga. Væri æskilegt að fleiri fylgdu hér á eftir.

Fyrir tilhlutan Skógræktarfélags Íslands og norska skógræktarfélagsins var efnt til skógræktarferðar til Noregs sumarið 1979. Var þetta 11. Noregsferðin í röðinni og var að þessu sinni farið til Tromsfylkis. Tóku 70 manns þátt í ferðinni og var dvalið ytra frá 1.

ágúst til 15. ágúst. Fararstjórar með íslenska hópnum voru þeir Hákon Bjarnason og Bjarni Helgason.

Á sama tíma var hér á landi jafnstór hópur Norðmanna. Helmingur hans dvaldi á Hallormsstað, en hinum helmingnum var skipt í fjóra staði á Vesturlandi og Norðurlandi. Þótti þessi skiptiferð hafa tekist vel.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1979 var haldinn í Varmahlíð í Skagafirði 31. ágúst til 2. september. Var fundurinn fjölsóttur bæði af fulltrúum og gestum. Í sambandi við fundinn var skógræktin í Varmahlíð og á Hólum í Hjaltadal skoðuð. Þótti fundurinn takast vel, ekki síst fyrir aðstoð og atbeina heimamanna.

Í ársbyrjun 1979 var hafinn undirbúningur að ári trésins og má heita að hann hafi staðið nær óslitið fram á vor 1980. Sérstök skýrsla um ár trésins er á öðrum stað í ritinu, og er því ekki ástæða til að fjölyrða um það efni hér.

Skýrsla um skógræktarstarf á Grundartanga árin 1979 og 1980

Járblendiverksmiðjan á Grundartanga er eins og kunnugt er reist í landi jarðarinnar Klafastaða í Skilmannahreppi. Á árinu 1979 veittu þáverandi eigendur jarðarinnar, systkinin Ásta Þorsteinsdóttir, Guðmundur Þorsteinsson og Kristmundur Þorsteinsson Járblendifélaginu heimild til byggingar húss í landi jarðarinnar, sem vera skyldi íbúð framkvæmdastjóra Járblendifélagsins og gestahúsnæði á þess vegum.

Systkinin á Klafastöðum vildu ekki taka gjald eða leigu fyrir þessa byggingarlóð, en óskuðu þess fremur að plantað yrði skógarplöntum í landið þar umhverfis, enda hafa þau um áratugi verið áhugasöm um skógrækt.

Varð að ráði þeirra að setja á fót sjálfseignarstofnun með staðfestri skipulagsskrá og hluta jarðarinnar afsalað til hennar.

Land það, sem hér um ræðir eru 24,4 hektarar og er með þessum hætti ráðstafað til útivistar fyrir íbúa Skilmannahrepps, starfsfólk Járblendifélagsins og fjölskyldur þeirra. Jafnframt skuldbatt Járblendifélagið sig til að girða landið og fullplanta í það á tíu árum. Er það markmið gefanda landsins, að þarna geti eftir því sem tímar líða fram orðið til fallegur gróðurreitur, sem yrði sveitarprýði og skógrækt í héraðinu til framtíðar.

Áðurgreindri sjálfseignarstofnun og skógræktarlandinu hefur eftir ákvörðun gefanda verið valið nafnið Grundarteigur. Er stofnunin skv. skipulagsskránni undir stjórn þriggja manna stjórnar, eins skv. tilnefningu Skógræktarfélags Skilmannahrepps og eins skv. tilnefningu hreppsnefndar, en hinn þriðji er framkvæmdastjóri Járblendifélagsins.

Meðal þess, sem stjórn stofnunarinnar ber að gera skv. skipulagsskránni er að birta opinberlega skýrslu um skógræktarstarfið. Fer sú skýrsla hér á eftir fyrir árin 1979 og 1980:

Sumarið 1979 var landareign Grundarteigs girt vandaðri girðingu og hafið að planta í landið. Skógræktarfélag Reykjavíkur tók verkið að sér, en að sjálfri plöntuninni vann hópur unglinga af Akranesi undir stjórn starfsfólks frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

Nokkrum vandkvæðum olli í gróðursetningu hversu seint lauk vinnu við girðinguna og því seint hafið að gróðursetja. Þá voru þurrkar til vandræða og kunna þessi atriði að valda nokkru meiri afföllum en ella.

Meginstefnan í plöntun var sú að planta í u.þ.b. tíunda hluta skógræktarsvæðisins og leggja fyrst áherslu á svæðið næst þjóðveginum. Var þar plantað viðju, ösp og birki, en annars staðar í landið var plantað nokkrum stafafurum. Stefnt er að því, að skógurinn verði gott útivistarland og skjólplöntum plantað í því skyni og til að skapa vaxtarskilyrði fyrir viðkvæmari skógarplöntur.

Magn af plöntum, sem plantað var í skógarreitinn var:

Viðja	nál.	1000 stk.
Ösp	-	300 -
Birki		4000 -
Stafafura	-	100 -
Samtals		5400 plöntur

Auk þessa var plantað um 2000 viðjuplöntum og um 700 öspum á verksmiðjulóðinni innan girðingar.

Sumarið 1980 hófst gróðursetning um miðjan júlí og var unnið að gróðursetningu fram í ágúst. Unglingar af Akranesi gróðursettu meginhluta plantnanna, en vinnuhópur frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur kom til aðstoðar um hríð. Skógræktarfélagið lagði einnig til verkstjórn.

Í sumar voru gróðursettar plöntur sem hér segir:

Birki í mópottum	2000 stk.
Birki stærra (40-50 cm)	4000 –
Viðja 50-100 cm	600 –
Alaskaðsp 50 cm	200 –
Sitkagreni 2/2 Hómer	500 –
Stafafura 2/2 Skagwey	500 –
Samtals	7800 plöntur

Áætlanir um plöntun og tegundaval hefur Vilhjálmur Sigtryggsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur annast í samráði við skógarvörð héraðsins, Ágúst Árnason, Hvammi í Skorradal.

Samkvæmt framansögðu hefur nú verið plantað í Grundarteig um 13200 plöntum á þessum tveimur sumrum. Afföll á plöntum hafa ekki rýrt þá tölu verulega, svo að þarna er kominn vísir að talsverðum skógargróðri.

Þess er vert að geta, að þetta er ekki eina skógræktarviðleitnin í sveitinni, því að skógræktarfélag hreppsins hefur nú yfir 40 ár plantað í skógræktarland í grennd við félagsheimilið Fannahlíð.

Með þátttöku sinni í þessu starfi vill Járblendifélagið freista þess að prýða umhverfi verksmiðjunnar að Grundartanga með því að búa til fallegan gróðurreit í sveitinni, sem jafnframt yrði verðugur minnisvarði um lífsviðhorf systkinanna að Klafastöðum.

Úttekt á skógræktargirðingum í Suður-Þingeyjarsýslu

Sumarið 1980 var okkur undirrituðum falið af Skóg-ræktarfélagi Suður-Þingeyinga að kanna ástand skóg-ræktargirðinga í sýslunni, bæði girðinganna umhverfis reitina og gróður í þeim. Þetta tók 10 daga í lok september.

Nokkuð var á reiki hvað skyldi kallast skógræktargirðing og hvað heimilisgarður með trjám í. Á nokkrum stöðum hafði verið hafin skógrækt, en fallið niður einhverra orsaka vegna. Á þessa staði komum við ekki, þó kunna að vera girðingar sem vert hefði verið að skoða, en við ekki frétt af.

Yfirferðinni höguðum við þannig, að við fengum upplýsingar hjá formönnum félaganna um hvar væri um reiti að ræða og mat þeirra á því hvar væri vert að koma.

Eyðublöð voru útfyllt á staðnum, þar sem upplýsingar um ástand girðinganna umhverfis, þ.e.a.s. hvernig viðhaldi á þeim hafi verið sinnt. Lauslegt mat á ræktunarskilyrðum og þroska trjátegunda var gert, ásamt því að getið var um beitarskemmdir og hvort þörf væri á grisjun eða snyrtingu á gróðrinum.

Birki í mópottum	2000 stk.
Birki stærra (40-50 cm)	4000 -
Viðja 50-100 cm	600 -
Alaskaösp 50 cm	200 -
Sitkagreni 2/2 Hómer	500 -
Stafafura 2/2 Skagwey	500 -
Samtals	7800 plöntur

Áætlanir um plöntun og tegundaval hefur Vilhjálmur Sigtryggsson framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur annast í samráði við skógarvörð héraðsins, Ágúst Árnason, Hvammi í Skorradal.

Að lokum var svo getið þeirra trjátegunda, sem þóttu koma óvenju vel eða illa út á hverjum stað.

Girðingarnar voru flokkaðar í 3 flokka, gott, sæmilegt og lélegt. Af þeim 125 girðingum sem við komum í voru 35 taldar lélegar og 30 í sæmilegu ástandi. Eru það þá 65 eða um helmingur girðinganna sem ekki eru fjárheldar að öllu leyti.

Búið er að planta í ca 58-60% af því svæði, sem allar girðingarnar taka yfir. Hér er þó ekki talið með sem nýlega hefur verið plantað.

Þessar tölur eru náttúrlega allt of háar. Nauðsynlegt er að eigendur þessara girðinga taki sig nú á og komi þessum málum í lag, sem allra fyrst.

Stjórnir skógræktardeildanna ættu einnig að hvetja menn til dáða og e.t.v. vera þeim innan handar á einhvern hátt við að endurreisa og laga girðingarnar. Þarna er alvarlegt mál á ferðinni, sem þarfnast skjótrar lagfæringar.

Svo virðist sem slæmt árferði og óhöpp í ræktun, hafi dregið úr framkvæmdasemi og áhuga á þessu sviði skógræktarinnar.

Samkvæmt framansögðu hefur nú verið plantað í Grundarteig um 13200 plöntum á þessum tveimur sumrum. Afföll á plöntum hafa ekki rýrt þá tölu verulega, svo að þarna er kominn vísir að talsverðum skógargróðri.

Þess er vert að geta, að þetta er ekki eina skóg-ræktarviðleitnin í sveitinni, því að skógræktarfélag hreppsins hefur nú yfir 40 ár plantað í skógræktarland í grennd við félagsheimilið Fannahlíð.

Með þátttöku sinni í þessu starfi vill Járblendifélagið freista þess að prýða umhverfi verksmiðjunnar að Grundartanga með því að búa til fallegan gróðurreit í sveitinni, sem jafnframt yrði verðugur minnisvarði um lífsviðhorf systkinanna að Klafastöðum.

Teljum við rétt að benda á að sumarið 1979 var, eins og margir vita, mjög óhagstætt þeim gróðri sem hér lifir. Þetta ár á sér samt fáa líka, sem betur fer og þurfum við ekki að vænta annars álíka, fyrr en eftir u.þ.b. 100 ár, að sögn veðurfræðinga.

Athyglisvert er einnig, að þessi erlendi trjágróður, sem hér er svo mikið notaður, hefur ekki farið verr en raun ber vitni. Er þar að okkar mati enn einu sinni rennt sterkum stoðum undir það að ræktun skóga er raunverulegur möguleiki hér á landi, þó að ekki sé skógræktin jafn auðveld hér og t.d. í nágrannalöndum okkar.

Oft er það svo, að öll nýmæli eru spennandi í fyrstu, en áhuginn dofnað með tímanum. Þessa sömu sögu er hægt að segja um skógrækt hér um slóðir. Samt sem áður er vert að hvetja menn til að halda áfram plöntun í girðingar sínar á hverju ári, því reynslan sýnir okkur að það ber árangur.

Nokkrir aðilar hafa hafið skógrækt fyrir nokkuð mörgum árum og áhugi þeirra er óskertur enn svo og iðjusemi við viðhald girðingarinnar og plöntun innan hennar. Þessir aðilar eiga hrós skilið fyrir starf sitt og framlag til skógræktar hér á svæðinu. Sú mikla vinna sem þar hefur verið unnin verður seint metin að verðleikum.

Þar fyrir utan eru nokkur nýlega afgirt svæði, sem plantað hefur verið í og eru eigendum til mikils sóma.

Mjög eru misjöfn skilyrði fyrir hinar einstöku trjátegundir milli sveita og reitanna innan þeirra. Þess sjást greinilega merki á vexti og þroska trjánna. Jarðvegur og umhirða plantnanna ræður þar mjög miklu. Nákvæmari athuganir eru nauðsynlegar til áframhaldandi tegunda- og kvæmavals. Þar er það síðastliðið ár, sem ætti að geta gefið mjög góðar upplýsingar þar að lútandi.

Hvað varðar skjól, eru 52 reitir taldir á góðum stað, 60 í sæmilegu skjóli og 11 í lélegu skjóli.

Skógarfura má heita aldaud, þó eru einstaka einstaklingar sem virðast þola betur ágang lúsarinnar, sem valdið hefur þessari eyðileggingu á skógarfurunni. Það er ekki ólíklegt að örlög skógarfurunnar hafi átt sinn þátt í að deyfa áhuga og kjark fólks, þar eð hún fyllir nær sumar girðingarnar.

Þótt skilyrði fyrir skógrækt séu misjöfn á þessu svæði, er skógræktin hvergi algerlega vonlaus.

Sunnan til á Svalbarðsströnd er gróska einna mest í sýslunni, að því er virðist. Þar eru falleg grenitré (sitkagreni) sem eru 6-9 metra há og álitlegur gagnviður.

Annarsstaðar virðist greni eiga í erfiðleikum, nema á einstaka stað í góðu skjóli, svo sem innan um birkikjarr.

Stafafura virðist aðlaga sig flestum skilyrðum nokkuð vel. Hún vex víðast hvar vel, en fer þó sumstaðar illa af snjóþunga. Hún er mjög álitleg sem framtíðartré hér um slóðir ásamt lerki.

Af stafafuru eru fallegir lundir og trjáþyrpingar í Fnjóskadal, Bárðardal, Kinn, Aðaldal og Reykjadal.

Lerki er með langmestan ársvöxt og mjög nægjusamt með jarðveg, en mjög hætt við kali. Ef frostþolnara kvæmi myndist af því, mundi það skara fram úr öðrum tegundum, hvað viðarmyndun og vaxtarhraða varðar. Athyglisverður er sá grasvöxtur sem lerkinu fylgir og virðist það vera bæði jarðvegsmyndandi og jarðvegsbætandi.

Rauðgreni vex illa á bersvæði. Það virðist þurfa góðan jarðveg, nægan raka og töluvert skjól. Þó er rauðgreni mesta nytjatréð hér um slóðir og þá sem jólatré. Í því sambandi má nefna að á síðastliðnu ári var markaðnum á Húsavík og Akureyri fullnægt með trjám úr Fellsskógi, Fossselsskógi og Vaglaskógi. Með þessu spöruðust margar milljónir í erlendum gjaldeyri.

Mörgum fleiri tegundum hefur verið plantað en hér hefur verið minnst á, svo sem blágreni, sem víða vex mjög vel. Hvítgreni og bergfuru hefur töluvert verið plantað, að ógleymdri öspinni, sem nefna má drottningu þessara sveita og er allt að 10 metrar á hæð.

Þá er eftir að nefna íslenska birkið sem ekki má vanmeta. Telja má að það sé öruggast allra þeirra tegunda sem hér vaxa við hinar mjög svo misjöfnu aðstæður sem hér er að finna. Virðist það vera mjög áhrifaríkt sem skjól fyrir erlendar trjátegundir, sem plantað er hér á landi.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1979

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1979 var haldinn að Varmahlíð í Skagafirði dagana 31. ágúst - 2. september s.l. Helstu umræðu- og ályktunarefni fundarins að þessu sinni voru „ár trésins“ 1980, sem efnt er til á fimmtugsafmæli félagsins í samvinnu við ýmis önnur samtök, og skógrækt sem búgrein á völdum stöðum í landinu.

Fundurinn hófst kl. 9.30 á föstudagsmorgni í félagsheimilinu Miðgarði. Jónas Jónsson, formaður félagsins, bauð fundarmenn og gesti velkomna, og sérstaklega Steingrím Hermannsson landbúnaðarráðherra og hina norrænu gesti fundarins, formann norska skógræktarfélagsins, Olav Knutsen stórþingsmann og Hans Lundberg, stjórnarmann sænska skógræktarfélagsins.

Fundinn sóttu um 70 fulltrúar héraðsskógræktarfélaganna, er auk þess margir gestir, svo að fundarmenn voru á annað hundrað.

Dagskrá fundarins var þessi:

FÖSTUDAGUR 31. ÁGÚST

- Kl. 8.30 Morgunverður
- 9.30 Formaður Skógræktarfélags Skagfirðinga býður fundarmenn velkomna. Formaður félagsins setur fundinn og ávarpar fundarmenn Ávarp landbúnaðarráðherra Ávarp skógræktarstjóra Skýrsla framkvæmdastjóra Skýrsla gjaldkera Kosið í nefndir
- Kl. 12.00 Hádegisverður
- 13.30 Skýrsla form. Landgræðslusjóðs Skýrslur félagsstjórna Umræður
 - 15.30 Kaffihlé
 - 16.00 Skýrsla framkv.stj. „Árs trésins 1980 Umræður

- 18.30 Kvöldverður
- 19.30 Skoðunarferð í gróðrarstöðina á Laugarbrekku og trjáreitina í Reykjarhóli. Hressing í boði Skógræktar ríkisins

LAUGARDAGUR 1. SEPTEMBER

- Kl. 8.00 Morgunverður
- 9.00 Framhald fundar Erindi: Óli Valur Hansson fjallar um runnagróður í gördum. Umræður
 - 12.00 Hádegisverður
 - 13.30 Skoðunarferð að Hólum í Hjaltadal
 - 19.00 Kvöldverður í boði sýslunefndar Skaga-fjarðarsýslu
 - 21.00 Kvöldvaka í umsjá Skógræktarfélags Skagfirðinga

SUNNUDAGUR 2. SEPTEMBER

- Kl. 8.00 Morgunverður
- 9.00 Framhald fundar. Afgreiðsla tillagna. Stjórnarkosning Fundarslit
 - 12.00 Hádegisverður

FULLTRÚAR Á AÐALFUNDI:

- Skógræktarfélag Árnesinga: Jóhannes Helgason, Sigurður Ingi Sigurðsson, Óskar Þór Sigurðsson, Stefán Jasonarson, Kjartan Ólafsson, Sigurveig Sigurðardóttir.
- A.-Húnvetninga: Sr. Árni Sigurðsson, Haraldur Jónsson.
 - A.-Skaftfellinga: Einar Hálfðánarson.
 - Borgfirðinga: Aðalsteinn Símonarson, Ragnar Olgeirsson, Þórunn Eiríksdóttir, Þórdís Ásmundsdóttir.
 - Bolungarvíkur: Bernódus Halldórsson.

Skógræktarfélag Dalasýslu: Carmen Bonitch, Erlingur Guðmundsson.

- Eyfirðinga: Ingólfur Ármannsson, Tómas Ingi Orlich, Hallgrímur Indriðason, Ingibjörg Sveinsdóttir, Gestur Ólafsson, Sigríður Þórðardóttir.
- Hafnarfjarðar: Svanur Pálsson, Þorbergur Ólafsson, Pétur Sigurðsson.
- Heiðsynninga: Þórður Gíslason.
- Kópavogs: Leó Guðlaugsson, Baldur Helgason, Gunnar Þorsteinsson, Vilhjálmur Einarsson, Hermann Lundholm.
- Kjósarsýslu: Jón Zimsen, sr. Gunnar Kristjánsson.
- Mýrdælinga: Erlingur Sigurðsson.
- Neskaupstaðar: Jón S. Einarsson.
- Rangæinga: Pálmi Eyjólfsson.
- Reykjavíkur: Vilhjálmur Sigtryggsson, Jón Birgir Jónsson, Bjarni Kr. Bjarnason, Lárus Bl. Guðmundsson, Björn Ófeigsson, Kjartan Thors, Kjartan Sveinsson, Ólafur Sæmundsen, Einar E. Sæmundsen, Óli Valur Hansson, Þorvaldur S. Þorvaldsson, Þórður Þorbjarnarson.
- Siglufjarðar: Jóhann Þorvaldsson, Kjartan Bjarnason.
- Skagfirðinga: Sr. Gunnar Gíslason, Marta Svavarsdóttir, Ólafur Ketilsson, Sigrún Halldórsdóttir, Sigurður Jónsson, Svanhildur Steinsdóttir, Steinunn Traustadóttir, Óskar Magnússon, Guðrún L. Ásgeirsdóttir.
- S.-Þingeyinga: Hólmfríður Pétursdóttir, Ingólfur Sigurgeirsson.
- V.-Barðstrenginga: Einar Guðmundsson, Bríet Böðvardsdóttir.
- V.-Húnavetninga: Þorvaldur Böðvarsson.
- Íslands: Jónas Jónsson, Oddur Andrésson, Bjarni Helgason, Ólafur Vilhjálmsson, Þórarinn Þórarinnsson, Kristinn Skæringsson, Hulda Valtýsdóttir, Snorri Sigurðsson.

Séra Gunnar Gíslason í Glaumbæ, formaður Skógræktarfélags Skagfirðinga, bauð fundarmenn velkomna í héraðið og flutti athyglisvert ávarp um gildi skógræktar og ræktunarstarfa í þágu mannbætunar lífs.

Fundarstjórar voru kjörnir sr. Gunnar Gíslason og Álfur Ketilsson.

Steingrímur Hermannsson landbúnaðarráðherra flutti síðan ávarp, árnaði Skógræktarfélaginu heilla í starfi og varpaði fram þeirri spurningu, hvort ekki mundi tímabært að hefjast handa um skipulega ræktun nytjaskóga á völdum stöðum í landinu.

Sigurður Blöndal skógræktarstjóri ræddi um skógrækt í Skagafirði, minnti á sagnir og örnefni, er bentu

til skóga þar, þótt eyddir væru, og sagði, að nú væru í vexti þar allmargir fallegir reitir nýskóga.

Í skýrslu formanns og Snorra Sigurðssonar, framkvæmdastjóra félagsins, kom fram, að allmikið starf var af hendi leyst á árunum 1978 og 1979. Formaðurinn ræddi um landgræðsluáætlun þá, sem starfað er eftir til 1980 og endurskoðun hennar, sem stendur yfir. Hann fagnaði ummælum landbúnaðarráðherra um ræktun nytjaskóga. Hann sagði, að viðamesta verkefni stjórnar félagsins á þessu ári hefði verið undirbúningur að „ári trésins“ og fagnaði þeirri víðtæku samvinnu, sem um það hefði náðst, og þeim áhuga, sem þegar hefði komið í ljós, og hvatti félögin til átaka.

Snorri ræddi m.a. um leiðbeiningarstarfið, sem hann taldi of lítið, en skógarverðir hefðu þó víða veitt mikilvæga aðstoð. Nú væri orðið brýnt að koma upp vinnuflokkum til grisjunar. Hann sagði, að gróðursettar hefðu verið um 300 þús. trjáplöntur á vegum félaganna árið 1978, og væri það um helmingur allrar gróðursetningar skógarplantna í landinu. Nýjar girðingar til skógræktar hefðu verið 56.4 ha árið 1978.

Kristinn Skæringsson las upp og skýrði reikninga félagsins. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi voru kr. 8.684.574 og á efnahagsreikningi kr. 8.721.877.

Haukur Hafstað, framkvæmdastjóri Landverndar, flutti kveðju samtaka sinna og hvatningarorð um skógrækt.

Oddur Andrésson, formaður stjórnar Landgræðslusjóðs, flutti skýrslu um starf sjóðsins á árinu 1978. Niðurstöðutölur rekstrarreiknings sjóðsins voru 116.7 millj. og efnahagsreiknings 128.1 millj. króna.

Fulltrúar héraðsskógræktarfélaganna fluttu skýrslur um störf félaga sinna, og kom í ljós, að víða hafði mikið skógræktarstarf verið leyst af hendi.

Hulda Valtýsdóttir, framkvæmdastjóri „árs trésins“, ræddi um þann mikla undirbúning, sem þegar hefir átt sér stað, meðal annars mikil nefndarstörf. Hún sýndi merki ársins, sem gert hefir verið með kjörorðunum: „Þrýðum landið - plöntum trjám.“ Kjartan Thors, sem sæti á í framkvæmdanefnd „árs trésins“, ræddi um þátt héraðsfélaganna í því, og hvatti þau til þess að leita samstarfs við heimaaðila í héruðum og mynda samstarfsnefndir til undirbúnings. Miklar umræður urðu síðan um „ár trésins“ og kom fram mikill áhugi á því.

Á laugardag flutti Óli Valur Hansson erindi með litskygnum um runnagróður í görðum. Þann dag og á sunnudagsmorgun fóru fram miklar umræður og afgreiðsla ályktana.

Samþykkt var ýtarleg ályktun um skógarbúskap á völdum landsvæðum. Í ályktuninni er talið, að nú sé

fengin nægileg reynsla til þess að byggja á um ræktun skóga á bersvæði, t.d. í Fljótsdal, og því sé tímabært að efna til slíkrar ræktunar nytjaskóga á völdum stöðum, þar sem skógur getur vaxið til nytja á 15-20 árum. Nú sé því tímabært að gefa bændum á bestu skógræktarjörðum færi á slíkri skógrækt með eðlilegum stuðningi, og léttu þannig á hefðbundnum búgreinum. Slíkur skógarbúskapur með skipulegum hætti fari fram undir eftirliti Skógræktar ríkisins. Skorað var á landbúnaðarráðherra að hefja undirbúning að því að hrinda þessu í framkvæmd.

Þá var samþykkt ályktun um sinubruna, skaða hans, hættur og afleiðingar, hvatt til meira eftirlits, betri fræðslu um meðferð elds á víðavangi og varnir gegn skógarbrunum, til að mynda með mjög hertu eftirliti. Þá var vísað til stjórnarinnar tillögu um skipulega samfélagslega hjálp við þau skógræktarfélög, sem verða fyrir tjóni af skógarbruna.

Fjölmargar aðrar ályktanir voru samþykktar, þar á meðal hvatning til allra um að koma til liðs við skógrækt og trjárækt á „ári trésins“.

Í stjórn Skógræktar félags Íslands var Ólafur Vilhjálmsson endurkjörinn. og í varastjórn Álfur Ketilsson.

Formaður félagsins, Jónas Jónsson, sleit síðan fundi með þakkarorðum til Skagfirðinga fyrir móttökur til fundarmanna og starfsmanna fundarins. Hinir norrænu gestir fluttu einnig ávörp á fundinum.

Á föstudagskvöldið var skoðaður skógarreitur og gróðrarstöð Skógræktar ríkisins við Varmahlíð og þegin hressing í skógarreit Skógræktarfélags Skagfirðinga þar.

Á laugardag var farið heim að Hólum og skoðaðar skógarlendur í „Gróðrarstöð“ Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Skógræktarfélags Skagfirðinga þar sem líta mátti óvenjulega þroskamikla lerki- og stafafurulundi.

Á laugardagskvöld efndu Skagfirðingar til kvöldvöku fyrir fundarmenn eftir kvöldverðarboð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og Sauðárkróksbæjar. Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður bauð til borðs og flutti stutt erindi. Á kvöldvökunni fluttu erindi og ávörp sr. Ágúst Sigurðsson, Kári Jónsson, Björn Egilsson og Jón Jóhannsson söng einsöng við

undirleik Áskels Jónssonar, en sr. Gunnar Gíslason var kvöldvökustjóri.

Á kvöldvökunni var þeim sr. Gunnari Gíslasyni í Glaumbæ, Óskari Magnússyni, bónda á Brekku og Sveini Jónssyni, bónda á Egilsstöðum, veitt verðlaun fyrir vel unnin skógræktarstörf.

Ríkisstyrkur til skógræktarféлага 1979

Skf. Árnesinga	kr. 220.000
" Austurlands.....	" 20.000
" A. -Húnavetninga	" 200.000
" A. -Skaftfellinga	" 100.000
" Borgfirðinga	" 220.000
" Bolungarvíkur	" 40.000
" Björk	" 20.000
" Dalasýslu	" 60.000
" Eyfirðinga.....	" 300.000
" Hafnarfjarðar	" 210.000
" Heiðsynninga.....	" 50.000
" Ísafjarðar.....	" 140.000
" Kjósarsýslu.....	" 150.000
" Kópavogs.....	" 250.000
" Mýrdælinga	" 80.000
" Mörk.....	" 60.000
" Neskaupstaðar	" 60.000
" N. -Þingeyinga	" 40.000
" Ólafsvíkur	" 30.000
" Rangæinga	" 20.000
" Reykjavíkur	" 300.000
" Seyðisfjarðar	" 20.000
" Siglufjarðar	" 70.000
" Skagfirðinga	" 270.000
" Strandasýslu	" 20.000
" Stykkishólms	" 30.000
" Suðurnesja.....	" 20.000
" S.-Þingeyinga	" 130.000
" V. -Barðstrendinga	" 30.000
" V. -Húnavetninga	" 20.000
" V.-Ísfirðinga	" 20.000
" Íslands	" 600.000

Alls kr. 3.800.000

Stjórnir skógræktarféлага og félagatal 1979

Skógræktarfélag Árnesinga: Sigurður I. Sigurðsson form., Óskar Þór Sigurðsson ritari, Stefán Jasonarson gjaldk., Kjartan Ólafsson og Jóhannes Helgason. Tala féлага: 612.

– A.-Húnvetninga: Haraldur Jónsson form., sr. Árni Sigurðsson ritari, Þormóður Pétursson gjaldk., Vigdís Ágústsdóttir og Sigurður Kr. Jónsson. Tala féлага: 106.

– A.-Skaftfellinga: Einar Hálfðánarson form., Þorsteinn Þorsteinsson ritari, Benedikt Bjarnason gjaldk., Þrúðmar Sigurðsson og Þorsteinn Geirsson. Tala féлага: 100.

– Björk: Jens Guðmundsson form., Jón Þórðarson og Samúel Björnsson. Tala féлага: 10.

– Bolungarvíkur: Bernódus Halldórsson form., sr. Gunnar Björnsson ritari, Bergþóra Annasdóttir gjaldk., Jónas Halldórsson, Jónatan Sveinbjörnsson. Tala féлага: 37.

– Borgfirðinga: Aðalsteinn Símónarson form., Þórunn Eiríksdóttir ritari, Ragnar Olgeirsson gjaldk., Guðmundur Sigurðsson og Sveinbjörn Beinteinsson. Tala féлага: 310.

– Dalasýslu: Carmen Bonitch form., Erlingur Guðmundsson, Einar Stefánsson, Selma Kjartansdóttir, Trausti Bjarnason og Kristmundur Jóhannesson. Tala féлага: 150.

– Eyfirðinga: Ingólfur Ármannsson form., Oddur Gunnarsson ritari, Tómas Ingí Orlich, Kristján Bjarnason, Sigurður Jósefsson, Ingibjörg Sveinsdóttir og Einar júl. Hallgrímsson. Tala féлага: 303.

– Hafnarfjarðar: Ólafur Vilhjálmsson form., Valdimar Elíasson ritari, Þorbergur Ólafsson gjaldk., Svanur Pálsson, Jón Magnússon, Auður Eiríksdóttir og Ólafur Jónsson. Tala féлага: 240.

– Heiðsynninga: Þórður Gíslason form., Gunnar Guðbjartsson gjaldk. og Páll Pálsson ritari. Tala féлага: 29.

– Ísafjarðar: Magdalena Sigurðardóttir form.,

Kjartan Sigurjónsson ritari, Guðmundur Sveinsson gjaldk., Lilja Stefánsdóttir og Ruth Tryggvadóttir. Tala féлага: 88.

– Kjósarsýslu: Jón Zimsen form., Oddur Andrésson ritari, Ólafur Friðriksson gjaldk., Páll Aðalsteinsson og Hákon Þorkelsson. Tala féлага: 180.

– Kópavogs: Leó Guðlaugsson form., Andrés Kristjánsson ritari, Baldur Helgason gjaldk., Sigurður Helgason, Ingjaldur Ísaksson, Friðrik Pétursson og Vilhjálmur Einarsson. Tala féлага: 400.

– Mýrdælinga: Erlingur Sigurðsson form., Einar H. Einarsson ritari, Páll Tómasson gjaldk., Gunnar Stefánsson, Gunnsteinn Ársælsson og Ástríður Stefánsdóttir. Tala féлага: 183.

– Mörk: Helgi Sigurðsson form., Ólafía Jakobsdóttir ritari, Bryndís Guðgeirsdóttir gjaldk., Hörður Kristinsson og Elín Einarisdóttir. Tala féлага: 53.

– Neskaupstaðar: Gunnar Ólafsson form., Jón S. Einarsson ritari, Kristín Björg Jónsdóttir og Aðalsteinn Halldórsson. Tala féлага: 100.

– N.-Þingeyinga: Sigurgeir Ísaksson form., Rögnvaldur Stefánsson ritari, Kristján Ármannsson gjaldk., Ingibjörg Indriðadóttir og Sigurvin Elíasson. Tala féлага: 33.

– Ólafsvíkur: Sigríður Þóra Eggertsdóttir form., Kristín Vigfúsdóttir ritari, Guðmundur Hjartarson gjaldk., Ragnheiður Þorgrímsdóttir. Tala féлага: 36.

– Rangæinga: Daði Sigurðsson form., Indriði Indriðason, Árni Sæmundsson og Ólafur Bergsteinsson. Tala féлага: 547.

– Reykjavíkur: Guðmundur Marteinsson form., Jón Birgir Jónsson ritari, Björn Ófeigsson gjaldkeri, Lárus Bl. Guðmundsson og Sveinbjörn Jónsson. Tala féлага: 1260.

– Siglufjarðar: Jóhann Þorvaldsson form., Guðmundur Jónasson ritari, Kjartan Bjarnason gjald-

„Handbókin“

Tillaga frá áhugamanni

Þegar nýliði bætist í hóp skógræktarmanna, rekt hann fljótlega á vegg, illkleifan. Hvar á að verða sér úti um þá bóklegu þekkingu í greininni, sem nauðsynlegust er? Þá hefst leit, löng og oft árangurslítill.

Margt hefir að sönnu verið ritað um skógrækt, trjárækt, einstakar tegundir, almenna ræktun, jarðveg og þar fram eftir götunum. En hvar á að finna þennan fróðleik?

Þá er fyrst að leita í Ársriti Skógræktarfélags Íslands, Skógarmálum og öðru því, sem skógræktarmenn hafa gelið út. Ýmislegt gagnlegt hefir birst á við og dreif í dagblöðum, búnaðarblaðinu Frey að ógleymdum almennum kennslubókum, sem notaðar eru í framhaldsskólum landsins. Er íslenskt efni þrýtur, verður að róa á erlend mið. Þá steytir á tveimur skerjum. Í fyrsta lagi erum við ekki allir læsir á erlendar tungur. Í öðru lagi eru þau rit, sem á fjörur okkar rekur, oftast alls ekki miðuð við íslenskar aðstæður og vísindarit í slíkum fræðum eru oft eigi við hæfi leikmanna.

Guðbrandur gamli Þorláksson vissi, að sáðmenn hans fengju vart arið akur drottins án Biblíunnar og gaf hana einfaldlega út. Nú hlýtur að vera kominn

tími til að gefa út skógræktarfræði handa Íslendingum.

Svo er tækninni fyrir að þakka, að við erum ekki lengur bundnir við setningu, prentun og band. Fjölritun vélritaðs máls er auðveld og snöggum ódýrari. Alls konar möppur eru á boðstólum, svo að gefa má út í margvíslegu lausblaðaformi. Er þá hægt að endurprenta eitt og eitt blað, þurfi höfundur að leiðrétta eitthvað, sem hann síðar veit betur.

Skógrækt hlýtur eðlis síns vegna að hagnýta sér margvíslegar greinar náttúrufræða eigi sá árangur að nást, sem við allir væntum. Þessi fróðleikur verður að vera öllum tiltækur, sem skipa vilja sér undir merki skógræktar.

Skógræktarfélag Íslands þyrfti sem fyrst að hefjast hér handa, skipa ritstjórn og safna áskrifendum. Það væri næsti áfangi á eftir „Ári trésins“, en hætt er við, að sá áróður, sem þá var uppi hafður, gleymist fljótt, sé honum ekki fylgt eftir.

Hvert á þá að vera efni slíkrar fræði? Hún á að svara sem flestum spurningum leikmanns. eins og vitneskja leyfir á hverjum tíma.

keri, Anton Jóhannsson og Jóhann Stefánsson. Tala félaga: 30.

- Skagfirðinga: Sr. Gunnar Gíslason form., Haraldur Árnason ritari, Álfur Ketilsson gjaldk., Jóhann Salberg Guðmundsson og Hjörleifur Kristinsson. Tala félaga: 890.
- Stykkishólms: Sigurður Ágústsson form., Árni Helgason ritari, Hanna Jónsdóttir gjaldk., Bjarni Lárusson og Dagbjört Níelsdóttir. Tala félaga: 77.
- Strandasýslu: Brynjólfur Sæmundsson form., Grímur Benediktsson og Ingimundur Ingimundarson. Tala félaga: 76.

- S.-Þingeyinga: Hólmfríður Pétursdóttir form., Ingólfur Sigurgeirsson ritari, Indriði Ketilsson gjaldk., Sigurður Marteinsson, Þorsteinn Glúmsson, Eyvindur Áskelsson og Tryggvi Stefánsson. Tala félaga: 220.
- V.-Barðastrandarsýslu: Guðrún Einarsdóttir form., Ragnheiður Jónasdóttir og Gunnar Valdimarsson. Tala félaga: 100.
- V.-Húnavetninga: Sigurður Eiríksson form., Þórður Skúlason ritari, Egill Gunnlaugsson gjaldk., Sigríður Jónasdóttir og Gunnþór Guðmundsson. Tala félaga: 19.

Reikningar Skógræktarfélags Íslands 1979

[illegible]

Kaupum tómar flöskur merktar Á.T.V.R.

Móttaka á Skúlagötu 82

ÁFENGIS- OG TÓBAKSVERSLUN RÍKISINS

Mjólkurbú Flóamanna Selfossi

Við framleiðum og seljum allar mjólkurvarur til hversdags neyslu og hátíðarþrigða.

Við minnum sérstaklega á:

Jógurt og G-vörur í neysluumbúðum

Þægilegar til framreiðsla

Hressandi — Styrkjandi — Nærandi



Framleiðum og seljum

Steinrör, allar stærðir. — Gúmmibáttingar á 4" og 12"

Holtesabrunnar, keilir og lok.

Málvaggjaplofur, stærð 50×50 cm, þykkt 5—7 og 10 cm.

Gangstéttarhellur, garðhellur og kantsteinar.

Flórbitar, húselningar úr steinsteypu.

Steinsteypa úr steypustöð.

Tökum einnig að okkur hverskonar efnisflutninga.

RÖRSTEYPA

VERKTAKAR - VINNUVÉLALEIGA

BORGARNESÍ - SÍMAR 702 4 705



Dugguvogi 2, Reykjavík



SUMARBÚSTAÐAEIGENDUR GARÐEIGENDUR


M.R. BÚÐIN, Laugavegi 164, selur í úrvali

GIRINGARÉFI — NET — STALIRA og SABDAVIR
GRASFRAE starfsgengur tegundir
SKRÚGGARDAFRÆ
GRÆNKÁLBSFRÆ
GARÐYRKJUVERKFRÆRI í úrvali

Kynnið ykkur hvað til er hjá okkur.

MJÓLKURFÉLAG REYKJAVÍKUR
sími 2-43-39

Allt til garðyrkju



- Matjurtafrae
- Grasfrae

- Garðyrkjuverkfæri
- Plástóður



Lyt gegn meindýnum, gróðurstjókdamum og illgresi
Verið hjá fagnáðnum


- Pantíð
tímanlega
- Sendum
gegn póströlu

**SÖLUFÉLAG
GARÐYRKJUMANNA**

Reykjavíkurborg 6 — Sími 24366




**Græðum, bætum,
byggjum landið**



Timbur er líka eitt af því sem þú færð hjá Byko

- Beigi salmbur og smíðað mör í
stærri mengum — stöðum og
langdum.
- Kladdur hvítt konar.
- Gíróngarðni — hól — þakkerfi —
saurur.
- Rokkafni á ís kandi.
- Þar sem fagmennskaðar verk eru þú
færð.




BYGGINGAVORUVERSLUN KÖPAVOGS SE. Sími 410 00





**Til þjónustu
reiðubúinn**

**Útvegsbankinn
býður þér alhliða
bankaþjónustu**



ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS
Þjónustubanki þinn

**Sparisjóður
vélstjóra**

Berganhusi 10, Reykjavík
Sími 22977

**Heildverslunin
Berg**

Bergsláðuvíðir 4, Reykjavík
Símar 12247 & 17947

**Kassagerð
Reykjavíkur**

Kleppavegi 33, Reykjavík
Sími 22223

**Samvinnu-
tryggingar g.t.**

Armóla 5, Reykjavík
Sími 21411

**Osta-
og smjörsalan sf.**

Ritshúsi 2, Reykjavík
Sími 22511

**Sparisjóður
Kópavogs**

Dígrannavegi 10, Kópavogi
Sími 41922

**Trygginga-
miðstöðin hf.**

Káldanaveið 6, Reykjavík
Sími 22422

**Verslunin
Kópavogur**

Hammaborg 10, Kópavogi
Sími 43000

**Prjónastofan
lðunn hf.**

Skryggjaveið 1, Selfarnesvegi
Símar 13547 & 27669

**Búnaðarfélag
Íslands**

Bundunhöfðinn, víðgætt, Flók
Sími 19200

**Bókabúð
Lárusar Blöndal**

Rekjavíkubústíg 2, Reykjavík
Sími 15500

**Landsbanki
Íslands**

Útlita ísafirði
Sími 94-3692

**Gísli Bryngeirsson,
Úrsmiður**

Bergamei
Sími 7313

**Timburverksmiðja-
Verksmiðja Reykdals**

Selbergi v. Hafnarfjarð
Sími 60935

**Netagerð
Vestfjarða**

Grennagjófi
Sími 94-3113

**Guðmundur
Jónasson hf.**

Bergamei 34, Reykjavík
Sími 8093

**Trésmiðjan
Meiður**

Síðumula 30, Reykjavík
Sími 88822

Það er lán að skipta við sparisjóðinn

**Sparisjóður
Bolungarvíkur**

Bolungarvík
Sími 94-7360

**Trésmiðjan
Stigandi**

Blönduósi
Sími 45-4129

**Vélsmiðja
Bolungarvíkur**

Bolungarvík – Sími 94-7393

**Kaupfélag
Hvammsfjarðar**

Búðardal
Sími 99 4180

**Kaupfélag
Fáskrúðsfirðinga**

Fáskrúðsfirði

**Kaupfélag
Hafnfirðinga**

Strandgata 21, Hafnarfirði
Sími 50000

**Kaupfélag
Langnesinga**

Þórshöfn

**Kaupfélag
Skaffellinga**

Vík – Kirkjubæjarklaustri

**Kaupfélag
Skagfirðinga**

Skagfirði

**Kaupfélag
Rangæinga**

Hvalsvík

**Kaupfélag
Norður-Þingeyinga**

Kópaskerfi

**Kaupfélag
Stöðfirðinga**

Stöðvarfirði — álfur Brúðakvík

**Kaupfélag
Vestur-Húnavetninga**

Hvammstanga

**Kaupfélag
Þingeyinga**

Húsnúk

**Pöntunarfélag
Eskfirðinga**

Eskfirði

**Kaupfélag
Austur-Skaftfellinga**

Höfn-Hafnarhöfn

Glóbus hf.

Lágmala 5, Reykjavík
Sími: 81555

**Kaupfélag
Önfirðinga**

Flateyrn

Oliufélagið hf.

Suburkirkjúnart 18, Reykjavík
Sími: 81100

**Kaupfélagið
Fram**

Neskaupstað

Kristján Siggeirsson

Laugavegi 13, Reykjavík
Sími: 25870

**Sölufélag
Austur-Húnavelninga**

Bláundur

Egill Árnason hf.

Skúlihlíð 3, Reykjavík
Sími: 82111

Blómaval

Siglúni 48, Reykjavík
Sími 38778

Landleiðir – Ísarn

Reykjanesbraut 5, Reykjavík
Sími 23720

Hótel Saga

Bændahúsið v/Hálmarrög, Rv18
Sími 38800

Mjólkursamsalan

Laugaveg 185, Reykjavík
Sími 10788

Hans Petersen

Hóstiðni 31, Reykjavík
Sími 23388

Ólafur Gíslason & Co.

Bændahöng 8, Reykjavík
Sími 88888

Hafskip hf.

Hafnarhúsið v/Tryggvargötu, Rv18
Sími 21188

Ísól hf.

Skópholt 17, Reykjavík
Sími 15188

Liturinn

Sýðumúla 15, Reykjavík
Sími 38878

Korpus hf.

Ármúla 24, Reykjavík
Sími 99988

Laugavegs Apótek

Laugavegi 18, Sími 24045
Oddur C. S. Thorarinnson

Mosfellsapótek

Þverholti,
Sími 33640

Háaleitisapótek

Háaleitisbraut 55, Reykjavík
Sími 62101
Andrés Guðmundsson

Laugarnesapótek

Kirkustorg 21, Reykjavík
Sími 30333
Christian Ziemsen

Hafnarfjarðar Apótek

Strandgöta 14, Hafnarfjall
Sími 51600
Sverrir Magnússon

Rafha hf.

Austurkall - Háskólastræti 43,
Sími 644446

Verksmiðja Hafnarfirði

Símar 60022 – 60023 – 60024

Garðs Apótek

Sogavegi 118, Reykjavík
Sími 35660
Mogens A. Mogensen

Björn Ófeigsson

Hólkvöl
Grænkúgarði 7, Reykjavík
Sími 30487

Borgarness Apótek

Sími 7168

Sindrastál

Hverfisgötu 42, Reykjavík
Sími 27222

Einar Guðfinnsson hf.

Bolungarskið
Sími 66-7000

Kr. Þorvaldsson

Grettingsönn 8, Reykjavík
Sími 26478

Bolungarvíkur kaupstaður

Sími 66-7113

Almennar Tryggingar

Síðumúli 39, Reykjavík
Sími 83800
Allar tegundir trygginga

Sigurður Eliasson

Aðbrekk 52, Kópavogi
Sími 41280

Skeljungur hf.

Beitarlandsbratt 4, Reykjavík
Sími 26100

Ora hf.

Vesturvegur 12, Kópavogi
Sími 41555

Vélvirkinn hf.

Bolungarskið
Sími 7343

Heildverslun Einars Þorsteinssonar

Bolungarskið
Sími 7230

Timburverslun Árna Jónssonar & Co. hf.

Laugavegi 146, Reykjavík
Sími 11333

Loðskinn hf.

– sáttunarkerfið
Box 103 – Sauðárkrúkur

Skipasmiðastöðin Dröfn

Reiðuneyri – Sími 33393

Fiskbúðin Borgarnesi

Mikló úrval af
alls konar fiski
Sími 7353

Pardus sf. Hofsósi, Sími 6380

Viðgerðir, réttirar, restan
Umboð fyrri Gættur hf., þjónusta fyrri
Bænda- og Skólabílfélagar
Smurðjónusta Skól.



Sjúkrakassar

I bíllinn
I bæinn
á heimilinu
á verkstæði

Apótekið Ísafirði

Sími 3333



Viðgerðir á heimilisæðkjum
Nýragnir
Breytingar á ræðingum
og reifvélum
Efniessala

Rafafi hf.

Drifvæðing 1, Borgarnesi
Sími 7430



SKÓGRÆKT
RÍKISINS

Óskum lesendum Ársfestsins
góðs skógræktarárs


Þjónusta Landsbankans er í alfaraleið



Landsbankinn hefur yfir 30
a'greiðslustæði í flestum
byggðum landsins. Þjálfar
starfslið bankans ferlast við að
uppfylla allar margvíslegu
þarfir viðskiptavina hans.

Í næstu afgreðslu aðstoðar
starfsfolk Landsbankans yður
— jafn og innlend samvinnu
viðskipti. Þannig getið þér
spænt yður bæði tíma og
lyngulni.

Kynnið yður þjónustu
Landsbankans



LANDSBANKINN

Banki allra landsmanna



Kannastu við tilfinninguna?

Kannastu við tilfinninguna?

Allur undirbeningur að baki. Farsagurinn í besting, þó (stólmur, Flugfeyja á fullu ferð, þú kallar allur stólmurinn og tryggir þér. Þetta er lífið!

Er ekki von á þér um borð bráðlega?

FLUGLEIDIR 